



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og samgöngusvið



# Kálfamói

## Próun búsetulandslags við breytta landnýtingu

Höfundur:

Jóhann Pálsson

# Kálfamói

Þróun búsetulandslags við breytta landnýtingu

Höfundur:  
Jóhann Pálsson

## Efnisyfirlit

Inngangur	3
Aðdragandi og upphaf	4
Tilgangur skráningarinnar	5
Staðhættir og aðgerðir	6
Ræktunarsaga	8
Fyrstu skrefin	8
Ytrilaut	9
Gróðursetningar milli 1951 og 1963	10
Þróun skógarins í Ytrilaut	14
Kálfamói	15
Gróðursetningar milli 1964 og 1985	15
Heildar athugunarsvæðið eftir 1985	16
Grisjun og umhirða	17
Þróun mismunandi gróðurlenda	17
Sjálfræðsla	25
Vanþrif og sjúkdómar	28
Umræða	29
Þakkir	30
Flóra Kálfamóasvæðisins	32
Heimildir	54
Latnesk nafnaskrá	56
Íslensk nafnaskrá	62

# Inngangur

Á öldinni sem leið var gróður hér á landi víða illa farinn af ofbeit. Allt frá landnámi hafði landgæðum hnignað og stöðugt var gengið á gróðurlendi. Fjárstofn landsmanna hefur aldrei verið stærri en hann var um miðja öldina svo að beitarálag á úthaga var í sögulegu hámarki <sup>7</sup>. Í nágrenni höfuðborgarinnar var ástandið sérlega slæmt því að auk þess sem hefðbundinn búskapur var rekinn á lögbýlum beitti fjöldi tómstundabænda í þéttbýlinu fjárstofni sínum á ofsetinn úthagann. Ásar og hæðir voru ýmist örfoka eða síðustu gróðurtorfurnar að eyðast en eftir lágu gróðursnaudir melar og stórgrýtt holt með slitróttum heiðagróðri. Samfelld gróðurlendi voru helst í mýrum og lægðum þar sem jarðraki var nægur. Almennt voru rofabörð og auðnir álitinn jafneðlilegur hluti umhverfisins og ár og klettur eða fjöllin í fjarska. Svo rótgróin var þessi landslagsmynd í þjóðarvitundina að jafnvel enn eru margir sem telja þessa ásynd landsins vera hina óspilltu íslensku náttúru. Fornar ritaðar heimildir og trjálurkar í mólögum bentu til þess að landið hefði áður verið víði vaxið en sú vitneskja var svo fjarlæg í tíma að hún tengdist á engan hátt þeim raunveruleika sem menn höfðu alist upp við og hafði varað svo lengi sem elstu menn mundu.

Á fjórða og fimmta áratug aldarinnar benti Hákon Bjarnason á að loftslag á Íslandi væri sambærilegt við ýmsa staði á norðurhveli jarðar sem væru skógi vaxnir <sup>8,9</sup>. Taldi hann ástæðu þess að ekki yxu barrskógar á Íslandi vera þá að barrtré hefðu ekki náð að berast til landsins eftir seinasta ísaldarskeið. Þetta varð til þess að menn fóru að velta fyrir sér raunverulegri stöðu Íslands í gróðurbeltum jarðar <sup>23</sup>. Nokkru síðar sýndu niðurstöður frjógreininga fram á að við landnám hefðu orðið afdrifaríkar breytingar á gróðurfari. Birkiskógum, sem höfðu verið ríkjandi á láglendi, hrakaði fljótlega eftir að landnám hófst en störum og grösum, sem standast vel beitarálag, fjölgaði að sama skapi. Þessum gróðurfarsbreytingum fylgdi jarðvegseyðing og uppblástur sem tók að gæta víða um land þegar snemma á öldum <sup>24,25</sup>.

Ekki voru allir tilbúnir að fallast á það að hnignun gróðurlenda væri af mannavöldum. Eina af ástæðunum þess hversu rýr úthagagróður væri töldu menn vera þá að íslenskur jarðvegur væri svo ófrjósamur vegna þess að efnaveðrun berggrunnsins væri hæg við hið lága hitastig hér á landi og þar af leiðandi innihéldi íslenskur jarðvegur lítið af fingerðum leirögnum sem væru ríkjandi þáttur í jarðvegsmýndun. Rotnun lífrænna efnasambanda væri einnig hægfara vegna lágs jarðvegshita og því hefðu lífrænar leifar tilhneigingu til að safnast fyrir í jarðveginum <sup>3</sup>. Nýrri rannsóknir sýna hins vegar að hér á landi er eldfjallajarðvegur með sérstæða eiginleika sem eru svipaðir hvar sem er í heiminum þar sem slíkur jarðvegur finnst, en er mjög frábrugðinn jarðveginum í nágrennalöndum okkar. Í honum á sér stað umtalsverð efnavirkni og þar finnst mikið af leirögnum sem eru þó frábrugðnar þeim leir sem myndast þar sem fornberg veðrast <sup>20,22</sup>. Úr þessum bergefnum, ásamt rotnandi lífrænum leifum, geta jarðvegslífverur myndað frjósama gróðurmold.

Á seinustu áratugum aldarinnar fór gróður í útmörk og á afrétti víða að rétta við. Landbúnaður var ekki lengur eins mikilvægur í þjóðarbúskapnum og hann hafði verið öldum saman, bústofn minnkaði svo að álagi á bithaga létti og nú hafa sums staðar víðar lendur verið alfríðaðar fyrir beit. Góður árangur hefur náðst við að endurgræða örfoka land og á alaskalúpina þar drjúgan þátt í að mynda fyrstu gróðurþekju og bæta jarðveg. Tilraunir í trjárækt hafa skilað svo góðum árangri að nú orðið efast fáir um að skógar þrífist hér með ágætum. Víða eru að vaxa upp ungsjógar sem ýmist eru í forsjá einstaklinga, félaga eða opinberra aðila og eiga þeir eftir

að setja mikinn svip á landslagið á komandi árum. Á öllum þessum stöðum hefur gróðurfar breyst einkum á skógræktarsvæðum og þar sem ýmsum uppgræðsluaðferðum hefur verið beitt. Enda þótt oft sé talað um endurheimt landgræða verður endurgræðslan aldrei með sama móti og þegar landið var að gróa í kjölfar ísaldarjökulsins. Sams konar gróðurfar og hér var þegar landnámsmenn settust að verður ekki endurskapað. Til þess að svo geti orðið hefur jarðvegur, flóra og að vissu marki fána raskast um of. Einnig mun búseta óhjákvæmilega setja mark sitt á umhverfið með ræktun og ýmiss konar landnýtingu svo lengi sem landið fær lýði og byggðum haldið.

En hvernig mun gróðurfarið utan ræktaðs lands og haglendis þróast á ókomnum árum? Þegar umhverfisaðstæður breytast tekur gróðurfar breytingum og lagar sig sem best að nýju ástandi. Breytingarnar gerast hægt og í framvinduferlinu tekur hvert stigið við af öðru þar til sem bestu jafnvægi er náð. Enda þótt saga landgræðslu og skógræktar sé rúmlega aldar gömul höfum við enn aðeins séð fyrstu stig gróðurframvindu á friðuðu landi. Elstu friðuðu svæðin voru ekki stór og það var ekki fyrr en á síðari hluta 20. aldarinnar sem var farið að friða land að ráði. Gróðurframvinda er þróun sem tekur aldir og enn sem komið er höfum við takmarkaða þekkingu á því hvaða stefnu hún tekur á hverjum stað fyrir sig. Það er því mikilsvert að fylgjast með því hvernig íslensk náttúra vinnur út frá mismunandi forsendum svo sem þar sem haglendi er friðað, örfoka land grætt upp eða þar sem skógur hefur verið gróðursettur. Í landi þar sem ekkert er að gert er líklegt að tegundasamsetning breytist mjög hægt einkum ef ekki berast að nýjar tegundir. Þar sem grenndarflóran er fjölbreyttari má búast við hraðari framvindu og enn örari verða breytingarnar þar sem borið er á, sáð í landið eða trjáplöntur gróðursettar.

Á seinustu öld hafa allmargar nýjar tegundir ílenst hér á landi og enn aðrar, einkum trjá- og grastegundir, hafa verið gróðursettar eða þeim sáð í ríkum mæli. Vafalaust eiga mun fleiri tegundir eftir að bætast í þennan hóp. Hversu veigamikinn sess þær eiga eftir að skipa í gróðurfari framtíðarinnar vitum við ekki enn. Ef við íhugum stöðu landsins í gróðurbeltum jarðar út frá jarðgrunni og veðurfari leikur enginn vafi á að hér verður mun fjölbreyttari og gróskumeiri gróður en við þekkjum núna. Í friðlöndum höfum við þegar orðið vitni að því að frjósemi jarðvegs hefur aukist svo að hann er fær um að bera gróskumikil blómstöð ekki óáþekk þeim sem þekkjast í frjósömum kalkjarðvegi í fjöllum Skandinavíu og Alpafjalla. Hér eru einnig vaxnir upp fjölbreyttir ungskógar en hversu sjálfbærir þeir verða vitum við ekki enn. Það er þó ljóst að í skóglendinu verða afdrifaríkastar breytingar á því gróðurfari sem fyrir var áður en skógurinn var gróðursettur og þar vantar hinar eiginlegu fylgitegundir skógartjánna, bæði runna og svarðgróður.

## Aðdragandi og upphaf

Frá því ég fyrst man eftir mér hef ég haft mikinn áhuga á náttúrunni í kringum mig, hvort heldur það voru dýr eða jurtir. Í miðborg Reykjavíkur, þar sem ég ólst upp á vetrum, voru tengslin við náttúru landsins mjög takmörkuð, en því hagaði svo til að fram að fimmtán ára aldri dvaldi ég öll sumur í sumarbústað við bæinn Keldur, sem þá var í Mosfellssveit, en þar var rekinn hefðbundinn búskapur líkt og á nærliggjandi jörðum. Síðar hafði ég tök á að fara í sjálfstæðar skoðunarferðir víðar um landið. Það umhverfi sem ég þekkti þó best var næsta

nágrenni Reykjavíkur, sem þá náði ekki mikið út fyrir Hringbraut, og svo svæðið milli Elliðaáa og Úlfarsár vestan Grafar- og Reynisvatnsheiða. Á þessum árum var ímynd mín af íslenskri náttúru hin sama og þorra þjóðarinnar og getið var í formálanum hér að framan.

Hin nýja sýn á náttúru landsins, sem kom fram um miðja síðustu öld, breytti viðhorfi mínu til þess umhverfis sem ég hafði alist upp í. Landið birtist í nýju ljósi og ég fékk áhuga á að reyna að endurvekja þá gróðursæld sem það hafði búið yfir og gera tilraunir til að rækta skóga í líkingu við þá sem talið var að gætu þrífist hér á landi. Svo hagaði til að foreldrar mínir áttu spildu úr landi Keldna. Þar hafði meðal annars verið girtur 150 fermetra reitur umhverfis gamlan vesturbæjarvíði og innan þeirrar girðingar gróðursetti ég fyrstu trjáplönturnar sem mér áskotnuðust vorið 1947.

Á næstu áratugum gat ég girt stærri spildur og farið að gróðursetja trálundi en smám saman kviknaði áhugi á að auðga flóru svæðisins með því að flytja þangað innlendrar tegundir og síðan ýmsan garðagróður sem til féll. Á þeim 60 árum sem ég hef haft umsjón með þessu landi hef ég gróðursett þar margvíslegan gróður og hefur megintilgangurinn verið að athuga hvað af honum getur þrífist við þau náttúruskilyrði sem hér eru og hvort eitthvað af honum gæti tekið þátt í að mynda fjölbreyttari gróðursamfélög. Mikið af þessum gróðri hefur veslast upp, annar hjarað en allnokkrar tegundir hafa kunnað vel við sig og tekið eðlilegan þátt í gróðurframvindunni ásamt þeim tegundum sem fyrir voru. Þar sem skógarlundir hafa vaxið upp hafa runnar og skógarbotnstegundir tekið við af þeim gróðri sem lét undan síga þegar birtuskilyrði breyttust. Örfáar tegundir hafa orðið fullaðsópsmiklar, teljast þær allar til svonefnds landnemagróðurs, en það eru plöntur sem setjast auðveldlega að í röskuðu landi og mynda fyrstu stig gróðurframvindunnar.

Allar gróðursetningar, hvort sem þær heppnuðust eða ekki, hafa gefið nýjar vísbendingar um gróðurskilyrði hér á landi og borið vitni um þann gróðurmátt sem íslensk náttúra býr yfir. Það hefur verið ólýsanlega lærdómsríkt að fylgjast með þróun mismunandi gróðursamfélaga og þá ekki síst þar sem ekkert var aðhafst en náttúran sá ein um endurgræðslu eftir að landið var friðað. Vissulega eru óvída á landinu sambærilegar aðstæður vegna þess hversu tegundarík grenndarflóran er, en það sýnir líka að tegundasamsetning aldagamals bithaga er fátækleg og þörf á að auka fjölbreytnina til þess að gróðurmáttur jarðvegsins nýtist til fulls.

## Tilgangur skráningarinnar

Landnám plantna nálægt fjölbreyttri grenndarflóru hefur verið skráð á nokkrum stöðum<sup>15, 16, 18, 19</sup> en hvergi er um jafntegundaauðuga flóru a ræða og hér. Á staðnum vaxa nú hátt á sjötta hundarð tegunda og sumar hverjar eru komnar frá fleiri en einum upprunastað (origin) og eru af mismunandi staðbrigðum (ecotypes). Margar þeirra eru hvergi til annars staðar á landinu. Hér heldur gróðurframvindan áfram og þróunina sem verður má hafa til hliðsjónar við að auka fjölbreytni eða gæta varúðar við að nota óæskilegar tegundir við meðhöndlun á friðuðu landi og í skógrækt.

Umhverfisstofa hefur því farið þess á leit við mig að skrá þær aðgerðir sem þarna hafa átt sér stað og reyna að lýsa þeim gróðurfarsbreytingum sem þar hafa orðið. Þetta er ekki auðvelt viðfangsefni. Því að þótt ég þekki svæðið vel allt frá barnæsku, bjó ég framan af ekki yfir þekkingu til að skrá ástand hinna mismunandi gróðurlenda til að geta síðar borið það saman við breytingar sem orðið hafa. Verður því að bera ástand þeirra eins og þau eru nú saman við endurminningar og gamlar ljósmyndir. Aftur á móti eru allar gróðursetningar eftir 1985 skráðar og eitthvað er til af eldri skráningum, en í upphafi var þetta hrein tómstundaiðja og ýmislegt af því sem gert var þá er fallið í gleyskunnar djúp.

## Staðhættir og aðgerðir



*Fremst á myndinni er Kálfamóinn og ofan við hann, fyrir miðri myndinni, stendur samnefndur sumarbústaður. Hægra megin við bústaðinn sést móta fyrir girðingunni þar sem fyrstu grenitrén voru gróðursett 1947. Ofar á myndinni sést sumarbústaðurinn Sjónarhóll. Myndin er tekin sumarið 1945.*


Reiturinn sem hér verður fjallað um er úr landi jarðanna Keldna og Grafar (Grafarholts) sem lengst af voru í Mosfellssveit en voru færðar í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur 1942. Faðir minn Páll Magnússon, járnsmiður, hafði átt Keldur en seldi jörðina 1924 og reisti sama ár sumarbústað á landspildu sem hann hélt eftir og jók við með spildu sem hann leigði úr landi Grafar. Árið 1941 fékk hann viðbótarland frá Keldum og er hluti landsins, sem fjallað er um hér, innan þess. Auk þess nær reiturinn yfir stærri hluta úr landi jarðarinnar Grafar en áður nefnd leiguspilda náði til. Allt athugunarsvæðið er nú í eigu Ríkissjóðs en Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði hefur verið falin umsjón landsins og forræði.

## Landslag og örnefni

Athugunarsvæðið er um það bil þrjár og hálfur hektari og er landslagið nokkuð fjölbreytt. Mið- og vesturhlutinn er tiltölulega flatt land í 26 - 30 m.y.s., og er það í suðri og norðaustri umkringgt

malarásam, sem eru fornir sjávarhjallar, og ná þeir upp í um það bil 40 m.y.s. Í norðvestri er allmikil dæld, Kúalaut, og voru brekkurnar vestan við hana lengst af tún Keldnabæjarins.

Lítill lækjarspræna, Klofningslækur, rennur eftir suðurhluta svæðisins. Hann er mestmegnis myndaður af yfirborðsvatni úr Grafarholti og af Klofningi, en svo nefnist lægðin milli hæðanna Keldnaholts og Grafarholts. Efri hluti Klofningslækjar þornar oft í þurrkatið en neðar er lítill lind, Bunan, sem aldrei þornar svo að alltaf er vatn í hluta lækjarins. Áður fyrr gátu orðið mikil flóð í læknum í leysingum og hefur hann grafið allmyndarlega gróf í gegnum meira en metra þykkjan siltjarðveg sem liggur yfir flatlendinu. Þessi jarðvegur eru setfyllingar ofan á gömlum tjarnarbotni og mýri sem hefur myndast ofan við haft sem lá undir akveginum heim að Keldum en ræstst fram einhverntíman eftir lok ísaldar. Í þessum jarðvegi má finna bæði barnamold vestantil, sem vitnar um fornt tjarnarstæði, og þunnt mólág austar sem myndast hefur í mýri. Sunnan við lækjargrófina nefnist þessi flöt Grímsteigur en norðan og austan við hana Kálfamói. Gróðurfar í Grímsteig og á austurhluta Kálfamóa var áður vallendismói þar sem stundum var heyjað en í vesturhluta Kálfamóa, sem er raklendarí, voru opin flög og jaðargróður. Á malarhjöllunum voru ofantil örfoka melar með smá rofabörðum en neðar í brekkunum, þar sem snjór skýldi betur á vetrum og meiri jarðraki var slitróttur lyngheiðargróður og svo vallendisgróður í lautum.



*Athugunarsvæðið og reitaskipting þess.*

- 1. reitur: Gardur frá 1924 framan við sumarbústaðinn Kálfamóa.*
- 2. reitur: Girðing frá u.þ.b.1943 sem komð var upp utan um smá trjálund.*
- 3. reitur: Girðing í Ytrilaut frá 1951.*
- 4. reitur: Girðing í Ytrilaut frá 1956.*
- 5. reitur: Girðing utan um Kálfmóasvæðið frá 1964.*
- 6. reitur: Afmörkun athugunarsvæðisins, reitur 6a er girðing umhverfis sumarbústaðinn Sjónarhól frá u.þ.b. 1942.*
- 7. Land sumarbústaðarins Brekkubæjar sem var fellt inn í athugunarsvæðið 1993 og hafði verið friðað frá 1954. Reiturnir 7a er svæði sem hafði verið friðað rúmum áratug lengur.*



## Eldri framkvæmdir

Eins og fram kom í inngangi var byggður þarna sumarbústaður 1924 og má sjá hann á 1. mynd. Var hann nefndur Kálfamói eins og vallendismóinn sem hann stóð í jaðrinum á. Tveir aðrir sumarbústaðir voru reistir á fyrstu árum heimstýrjaldarinnar síðari. Nefndist sá Brekkubær sem stóð í 7. reit a og Sjónarhóll sem stóð í 6. reit a. Smávegis garðrækt var í kringum bústaðina og þar standa enn eftir nokkur tré og runnar. Ekki var dvalist í þessum bústöðum eftir 1980 og voru þeir fjarlægðir á seinasta áratug aldarinnar.

Árið 1954 skipti sumarbústaðurinn Brekkubær um eigendur og var honum þá afmörkuð rúmlega 3.000 m<sup>2</sup> lóð, þ.e. 7. reitur og 7. reit a. Var grafinn skurður á austurmörkum lóðarinnar og eystri hluti hennar sléttaður og þar stunduð garðrækt fram yfir 1980, en vestari hlutinn er enn óhreyft tún frá Keldum. Girðingar umhverfis þessa spildu voru fjarlægðar 1993 og hún sameinuð athugunarsvæðinu. Stærsti hluti Kálfamóans var sléttaður 1964 og voru matjurtir ræktaðar þar þá um sumarið, en árið eftir var sáð grasfræi í austurhluta móanns. Matjurtir voru ræktaðar áfram í vesturhlutanum allt fram til 1972. Eftir það greiðir það svæði upp án nokkra aðgerða.

## Eftirstöðvar frá eldri ræktun og friðun

Eins og áður hefur komið fram gekk sauðfé nær hindrunarlaust á þessu landi að undanskildum smá lóðarskikum við sumarbústaðina sem þarna voru (þ.e. í 1. reit, 6. reit a og 7. reit a) og þar vex enn dálítið af gróðri frá þeim tíma. Á árum heimsstyrjaldarinnar síðari var girtur 150 m<sup>2</sup> reitur (þ.e. 2. reitur) umhverfis gamlan vesturbæjarvíði og birkiplöntur sem þar höfðu verið gróðursettar nokkrum árum áður. Sauðfé hafði stöðugt nagað birkiplönturnar niður að sverði en það náði ekki upp í vesturbæjarvíðinn sem var orðinn rúmlega tveggja metra há. Í þessum reit hóf ég mína trjárækt á svæðinu vorið 1947. Vorið 1951 var girtur 1400 m<sup>2</sup> reitur í ytri hluta Kúalautar (þ.e. 3. reitur) og farið að gróðursetja þar tré. Þessi reitur var stækkaður 1956 (þ.e. 4. reitur) og náði hann þá yfir 3.400 m<sup>2</sup>. Vorið 1964 var landið umhverfis Kálfamóann girt (þ.e. 5. reitur) og voru 11.000 m<sup>2</sup> innan þeirrar girðingar. Frá því í byrjun áttunda áratugarins hefur engin beit verið á þessum slóðum að undanskildu því að á níunda áratugnum gengu hross í nokkur ár utan við friðuðu reitina (þ.e. í 6. reit). Allt athugunarsvæðið er innan girðinga Tilraunastöðvarinnar að Keldum

# Ræktunarsaga

## Fyrstu skrefin

Eins og fram kom í formála byrjaði ég ræktunina þarna með því að gróðursetja þrjár sitkagreniplöntur. Það var vorið 1947, nánar tiltekið 29. maí, og var ég þá fimmtán ára. Sumarið á undan hafði ég í fyrsta sinn verið í vinnu í Reykjavík, sumarhýran var löngu upp urin, en svo hagaði til að eftir 15. maí var hægt að fá greitt út orlofsfé og fyrir þá peninga voru plönturnar keyptar, kostuðu samtals 45 krónur, sem lætur nærri að vera 4.000 krónur á núvirði. Þessar plöntur voru milli þrjátíu og þrjátíu og tveggja sentímetra háar og komu úr gróðrarstöð Skógræktar ríkisins í Múlakoti. Voru þær skaðbrenndar undan öskufalli frá Heklu sem á útmánuðum það ár hafði rumskað all hressilega af þyrnirósarsvefni. Ekki bjó ég yfir

ýkjamikilli þekkingu á skógrækt í þann tíð. Hafði þó sem viðmið að hæstu tré landsins væru tíu metra há og taldi því að einhvern tímann í framtíðinni kynnu þessi tré að ná þeirri hæð. Ætlaði ég því trjánum vaxtarrými sem myndi nægja þeim um ókomin ár og hafði tvo og hálfan metra á milli plantna.

Það er eins og hulinn verndarkraftur hafi haldið hlífiskyldi yfir þessum þremur fyrstu plöntum. Vaxarstaðurinn var kannski ekki sá ákjósanlegasti, þær stóðu framan af á berangri þar sem austanstrengur næddi um þær, en líklega varð það þeim til bjargar í hretinu 1963 þegar mikið af trjágróðri á suðvestanverðu landinu varð illa úti og mikið af sitkagreni drapst. Þessar plöntur voru lítið farnar að taka við sér í ótímabærum vorhlýindunum og sluppu nær óskaddaðar frá þeim ósköpum sem yfir dundu 9. apríl. Þær hafa síðan vaxið hægt en sigandi og eru nú milli 14 og 15 metra há tré og veitir ekki af því vaxtarrými sem þeim var ætlað í upphafi.

Næstu þrjú árin eignaðist ég nokkrar trjáplöntur en hafði ekki yfir að ráða neinum afgirtum stað til að gróðursetja þær á til frambúðar. Kom ég þeim því fyrir til bráðabirgða í þedum garðsins við sumarbústaðinn. Vorið 1948 sáði ég fræi, sem ég fékk frá Skógrækt ríkisins bæði af sitkagreni frá Pigot Bay í Alaska og birki úr Bæjarstaðarskógi. Aðstæður til uppeldis trjáplantna voru ekki góðar og fagkunnáttan lítil sem engin, en upp af þessum sáningum fékk ég nokkur hundruð plöntur sem ég gróðursett síðar þegar ég hafði orðið mér úti um afgirt land. Kom það sér vel því að fjárráð voru lítil á þeim árum og trjáplöntur dýrar.

## Ytrilaut

Eins og sagt hefur verið frá hér að framan kom ég upp girðingu vestast í Kúalaut vorið 1951 og voru innan hennar 1.400 m<sup>2</sup> (þ.e. 3. reitur). Var girðingin síðan stækkuð 1956 (þ.e. 4. reitur) og náði þá reiturinn yfir rúman þriðjung úr hektara. Hér eftir verður fjallað um landið innan þessarar girðingar sem Ytrilaut, en ógirta hluta Kúalautar kalla ég Eystrilaut. Þótt ekki væri þarna um stórt landsvæði að ræða var landslagið nokkuð fjölbreytt. Vestast var brekka sem hallaði móti suðaustri. Var þar áður gamalt, þýft tún en neðan við brekkuna var vallendi. Nyrðri hluti reitsins hallaði upp í Keldnaholtið og lítill melrani gekk þar fram að austanverðu. Neðst í brekkunum var lyngheiðagróður sem varð slitróttari eftir því sem ofar dró, en efst og austan til tók við gróðurlítill melur.

Við gróðursetningu trjáplantna í Ytrilaut var gengið út frá þeim viðhorfum sem þá voru ríkjandi í skógrækt. Reynsla af trjárækt á þessum slóðum var lítil og vonlítið talið að gróðursetja barrtré nema helst í skjóli annars trjágróðurs eða í mjög skýldu landi. Trjáplöntur voru gróðursettar í beinar raðið með 125 sm bili milli plantna til að mynda lokaða greinahvelfingu sem fyrst og milli hveirrar barrplöntu voru gróðursettar tvær birkiplöntur sem áttu fljótlega að mynda skjól fyrir barrplönturnar en síðan skyldu þær fjarlægðar þegar barrtrén þyrftu meira rými.

Á þessum árum var algengt, og er það reyndar enn, að byrja á því að gróðursetja trjáraðir meðfram girðingunum. Var það meðal annars gert til þess að trjáraðirnar mynduðu skjólbelti til hlífðar væntanlegum skógargróðri. Síðan var reiturinn fylltur með trjáplöntum því að einn dýrasti þátturinn við trjárækt var að koma upp fjárheldri girðingu og var því reynt að nýta hvern fermetra innan hennar. Þessum aðferðum við gróðursetningu var að mestu leyti beitt í Ytrilaut. Varð það til þess að með tímanum óx upp þéttur skógarlundur innan girðinganna með skarpt afmörkuðum útlínum sem féllu ekki allskostar að umhverfinu. Seinna hef ég á ýmsan hátt reynt

að brjóta upp þessar beinu línur og láta trjágróðurinn falla sem best að landslaginu.



Myndin er tekin 1981. Lengst til vinstri sést sumarbústaðurinn Brekkubær en hægra megin og ofan við hann sker trjágróðurinn í Ytrilaut sig úr umhverfinu. Utan við hægra hornið á trjálundinum má greina að lúpina er tekin að fíkra sig út fyrir girðinguna, en beit lagðist af á þessum slóðun á áttunda áratugnum.

## Gróðursetningar 1951 – 1963

Í fyrstu gróðursetti ég eingöngu trjáplöntur í Ytrilaut. Voru það einkum tegundir sem fáanlegar voru hjá Skógrækt ríkisins og síðar Skógræktarfélagi Reykjavíkur og þóttu, á þeim árum, líklegastar til geta orðið að skógartrjám. Mest setti ég af birki en á frjósömustu og skjólbestu stöðunum einnig sitkagreni. Uppi í lyngbrekkunum var svo sett niður rauðgreni og skógarfura og bergfura.

**Birki:** Meðfram girðingunum setti ég tvöfalda röð af birki nema að sunnanverðu þar sem reiturinn liggur að lóð Brekkubæjar en þar voru fyrir trjábelti. Auk þess var einnig eingöngu sett birki efst í lautinni þar sem heiðagróðurinn var orðinn slitróttur svo og í melana í norðausturhorninu. Eins og áður hefur verið getið var birki einnig plantað á milli greniplantnanna þar sem því var ætlað að mynda fyrsta skjólið. Birkið hefur vaxið allvel en trén eru þó misjöfn sem fer bæði eftir aðstæðum á vaxtarstað og kannski ekki síður erfðaupplagi. Flest hæstu og beinvöxnustu trén standa í moldarjarðvegi og á skjóllbestu stöðunum í neðri hluta lautarinnar og þar eru þau hæstu á milli átta og tíu metra há. En það er líka eins og nokkur tré, sem hafa staðið við lélegar aðstæður í nokkra áratugi, séu að taka við sér núna og verða gullfalleg.

Á fyrstu árunum voru birkiplönturnar fengnar ýmist frá Hallormsstað, Vöglum eða Múlakoti. en seinustu árin frá gróðrarstöð Skógræktarfélags Reykjavíkur í Fossvogi. Einnig gróðursetti ég töluvert af plöntum úr eigin sáningum bæði frá árinu 1948, eins og áður sagði, og svo sáningu frá 1956. Að erfðaupplagi var þetta birki mjög misjafnt, megnið af því varð margstofna og kræklótt en tiltölulega fá urðu einstofna og nokkurn vegin beinvaxin tré. Vert er að veita plöntunum sem sáð var til 1956 sérstaka athyggli. Fyrir miðja seinustu öld var birki í gördum

Reykvíkinga mestmegnis kræklóttir runnar. Vorið 1945 fór ég að vinna í Hólavallakirkjugarði og fékk fljótlega áhuga á þeim trjágróðri sem þar var. Meðal annars var rúmlega þriggja metra hátt birki sem skar sig úr að því leyti að það var nokkurn vegin beinvaxið og með ljósum berki. Eitthvert næsta árið kól það niður að miðju en fljótlega rétti ein grein sig upp og nokkrum árum síðar var tréð orðið beinvaxið á ný. Mér fannst þessi eiginleiki áhugaverður og safnaði fræi af trénu haustið 1955 og sáði því árið eftir. Núna, hálfri öld síðar, sýnir sig að afkomendur þessa trés eru að jafnaði mun beinvaxnari en megnið af aðkeyptu trjánum. Þó valda þessi tré engri byltingu í kynbótum á íslensku birki. Meðal annars kól eitt þeirra snemma niður að miðju líkt og móðurtréð og ekki standast þau samanburð við mörg þeirra ungu birkitrjáa sem eru nú að vaxa upp í Reykjavík. Vafalaust hefur þessi árangur þó rennt stoðum undir hugmyndir mínar um mikilvægi þess að vanda vel til vals á frægjöfum og þeim möguleikum sem felast í erfðamengi íslenska birkisins.

Birkiplönturnar sem fóru í melana í norðausturhorni Ytrilautar urðu fyrir sérstökum skakkaföllum. Ég hafði lesið grein sem Hákon Bjarnason þáverandi skógræktarstjóri skrifaði eftir að hann kom úr sinni fyrstu ferð til Alaska. Sagði hann frá því að þar yxi lúpínutegund sem líklega gæti bætt jarðveg á Íslandi ef hún þrifist þar <sup>10</sup>. Í Hólavallakirkjugrði óx hálfvillt lúpína sem ég greindi seinna sem alaskalúpínu og var líklega upphaflega komin úr ræktunartilraunum Schierbecks landlæknis <sup>21</sup>. Ég sáði fræi af þessum lúpínunum og gróðursetti nokkrar plöntur í norðausturhornið á elstu girðingunni frá 1951. Þegar girðingin var stækkuð sáðu þessar plöntur sér út á melana og voru það þróttmiklar að fjöldi birkiplantna urðu undir þeim og drápust. Þeim sem náðu sér upp úr lúpínunni hætti til að halda áfram að vaxa lengi fram eftir hausti, sennilega vegna ríkulegs nitursáburðar í jarðveginum, og kól þar því oft í haustfrostum.

**Greni:** Á skjólbestu stöðunum innan girðingarinnar frá 1951 og þar sem jarðvegur var álitinn frjósamastur, gróðursetti ég sitkagreni. Voru þeir staðir allir í hluta af gamla Keldnatúninu. Fyrsta árið voru keyptar 36 plöntur frá Skógrækt ríkisins, sem flokkaðar voru sem 3. flokkur, en strax árið eftir setti ég út plöntur sem ég hafði sáð til 1948 og er nú megnið af greninu í lautinni úr þeirri sáningu. Grenið fór hægt af stað, hvort tveggja var að grasvöxtur var mikill í gamla túninu og þar sem lautin var dýpst safnaðist fyrir geysilega þykkur snjóskafli á vetrum svo að plönturnar böggluðust undir og greinar brotnuðu. Má enn sjá að stofnar trjáanna sem eftir standa eru bæklaðir neðantil. Haustið 1962 voru flest grenitrén komin á aðra mannhæð. Eins og áður hefur verið getið voru ætíð tvær birkiplöntur settar á milli hveirrar greniplöntu og var birkið farið að þrengja að greninu svo að um veturinn var mikið af þessu birki fellt. Um vorið gerði aprílhretið mikla og varð þá þetta greni, sem stóð á einstaklega veðursælum stað, fyrir miklu áfalli og drápust nærri tveir þriðju trjáanna og þar með flest þau stærstu og fallegustu. Eftir þetta varð trjálundurinn í lautinni með eindæmum ræfilslegur. Þegar hretinu lauk tók við hlýtt og gróðursælt sumar og enda þótt þetta hafi verið mikið áfall er maður ótrúlega fljótur að jafna sig eftir og gleyma þeim skakkaföllum sem óhjákvæmilega verða í ræktunarstarfinu. Nálægt austurjaðri Ytrilautar eru tvær litlar greniþyrpingar. Sú efri er með trjám úr sáningunni frá 1948 en hin með plöntum sem bera merki genflæðis (introgression) frá hvítgreni og hafa slíkir blendingar verið nefndir *Picea x lutzii*. Þessar þyrpingar standa meira áveðurs og sluppu við aprílhretið, en tré í efri þyrpingunni hafa síðan bæklast illilega undan snjóþyngslum. Neðst við girðinguna stendur grenitré sem var flutt þangað rúmlega metra hátt 1957. Þetta er hæsta grenitréð á svæðinu, 15 metrar á hæð og einstaklega fallett. Eitt er athyglisvert við þetta tré: á hverju vori í mörg ár bar það svo mikið af karlblómum að á það sló ryðrauðri slíkj. Engin kvenblóm sáust á því fyrr en nú síðastliðin þrjú ár og hefur tréð borið örfáa köngla efst í

toppnum. Fyrsta sjálfsáða sitkagreniplantan á staðnum fannst í Ytrilaut árið 1970. Stóð hún við litla rofabarðsbrún en dó tveimur árum síðar og hefur holklaki að öllum líkindum orðið henni að aldurtíla. Á seinni árum hefur fjöldi sjálfsáinna plantna komið í ljós á svæðinu.

Rauðgreni sem gróðursett var á fyrstu árunum hefur ekki þrífist vel og smám saman týnt tölunni. Nokkur þeirra tóra þó enn og taka sæmilega við sér ef nokkur hlý sumur fylgjast að, en berjast í bökkum þegar veðurfar vesnar. Eftir 1957 var gróðursett töluvert af plöntum sem seldar voru sem blágreni, *Picea engelmannii*, en reyndist vera broddgreni, *P. pungens*. Mér vitanlega hefur broddgreni aldrei gefið góða raun hér á landi og eins var um þessar plöntur. Flestar hafa nú týnt tölunni. Ein, sem er á sérstaklega góðum stað, er þó rúmlega sjö metra há en aðrar mun lægri. Broddgrenið virðist einstaklega ljóselskt, það þolir ekki að önnur tré skyggi á það og er greinavöxtur þess er mestur til suðurs.

**Furur:** Dálítið af skógarfuru var gróðursett ofarlega í brekkurnar þar sem jarðvegur þótti ekki nógu góður fyrir greni. Hún óx sæmilega í fyrstu en fljótlega fór furulúsin, *Pineus pini*, að herja á hana og vesluðust plönturnar þá upp og drápu nær allar. Ein þeirra skar sig þó úr að því leyti að furulúsin lagðist aldrei á hana. Þessi planta óx hægt og var alltaf dökkgræn, en a.m.k. hér sunnanlands hættir barri skógarfuru til að gulna á veturna. Einu áföllin sem á þessari hríslu hafa dunið eru að veturinn 1989 – 1990 hlóðst að henni mikil snjódyngja og rifnuðu af henni nokkrar stórar greinar. Hún er þó búin að jafna sig nokkurn veginn eftir það og er nú stæðilegt lítið tré, um það bil sex metra hátt, og formfallett eins og skógarfura verður oft þegar hún eldist. Þetta tré hefur nokkrum sinnum borið köngla og vorið 1988 var sáð fræi af því og á það nú á annan tug afkomenda á athugunarsvæðinu. Þeir vaxa hægt en hafa því miður ekki eins fallett dökkgrænt barr, sem aldrei sér á, og móðurtréð. Athyglisvert er að nokkrar fallegar plöntur sem voru afkomendur trésins, voru gróðursettir í brekkubrúninni í nágrenni móðurtrésins en enda þótt staðurinn virtist hinn ákjósanlegasti fyrir skógarfurur vesluðust þeir allir upp á nokkrum árum og dóu, en allir aðrir afkomendur þess hafa vaxið áfallalaust.

Vorið 1960 voru gróðursettar eitt hundrað furuplöntur sem munu vera komnar af venslahópi sem ræktaður er á Jótlandsheiðum og er nú orðið flokkaður sem *Pinu x rotundata* og mætti kalla heiðafuru á íslensku <sup>4</sup>. Er þessi venslahópur talinn vera blendingur bergfuru og fjallafuru. Þessar furur uxu sæmilega í fyrstu en á níunda áratugnum voru þær orðar mjög sýktar af greinaþurrksveppnum *Gremeniella abietina*, sem einnig kallast furubíkar, og drápu þær þá langflestar. Örfáar standa enn eftir og hafa verið að jafna sig en eru til lítillar þrýði. Nokkrar bergfurur standa í efstu trjáröðinni í lautinni og eru þær ljómandi falleg lítil tré. Stafafura var ekki orðin algeng í ræktun á þessum árum en nokkur tré eru til frá þessum tíma. Eru þau hin stæðilegustu tré og nú eru tvær einstaklega fallegar, sjálfsáðar stafafurur að vaxa upp utan girðingarinnar. Eru þær greinilega afkomendur þeirra.

**Aðrar trjátegundir:** Á þessum árum voru ýmsar aðrar trjátegundir reyndar en aðeins fáar plöntur af hverri tegund. Sumar hverjar vesluðust upp og dóu út en af öðrum eru sprottin myndarleg tré. Nokkrar plöntur voru gróðursettar af síberíulerki en fyrstu plöntunum hætti til að hefja vöxtinn of snemma á vorin og drápu þær í einu vorfrostinu. Tvær plöntur, sem voru gróðursetta nokkru síðar, sluppu við áhlaup af þessu tagi og eru nú hin myndarlegustu tré. Ein planta af dögglingsviði óx hægt en áfallalítið í fyrstu, en á því árabili, sem ég bjó ekki á svæðinu, uxu nærliggjandi tré yfir hana og var hún með litlu lífsmarki þegar grísjað var frá henni, en nú er hún farin að hjarna við og ekki ólíklegt að hún geti orðið sæmilegt tré með

tímanum. Af þremur plöntum sem ég gróðursetti af balkanfuru lifir ein. Hún óx ofurhægt í fyrstu en er farin að teygja betur úr sér á seinni árum og er nú um 5 m há. Nokkrar alaskaaspir voru gróðursettar vorið 1955 neðst í lautinni þar sem jarðvegur var álitinn frjósamastur. Þær kól allar alveg niður að jörðu í aprílhrétinu mikla, en upp af rótunum hafa vaxið teinungar sem urðu að myndarlegum trjám. Það hæsta er nú sautján metra hátt og annað af tveimur hæstu trjánum á öllu rannsókanrsvæðinu. Þrjár víðitegundir hafa náð á milli níu og tíu metra hæð. Eru það vesturbæjarvíðir, gljávíðir af gamla Schierbecks klónninum og viðja. Hæsta viðjan er af gömlum klóni af úr Helliggerði í Hafnarfirði sem var á sjötta áratugnum seld í gróðrarstöðinni Sólvangi undir nafninu beinvíðir. Nokkrir gráolir hafa náð góðum vexti í lautinni. Í fyrstu bækludust flestir þeirra illilega undan snjóþunga en beinvaxin og efnileg tré eru nú að vaxa upp af rôtarsprotum. Hæsti ölurinn er rúmlega ellefu metra hár. Allhávaxnir reyniviðir standa hér og þar inni í trjálundunum en eru flestir nokkuð aðþrengdir. Tveir garðahlynir eru orðnir meira en tíu metra háir og setja fræ í flestum árum. Annar kom úr gróðrarstöð í Hveragerði og er líklega innfluttur en hinn var sjálfsáinn í garði við Begstaðastræti 50b og hafði fræið borist þangað úr nærliggjandi garði. Þó nokkrar álplöntur voru gróðursettar í lautinni en hafa ekki vaxið mikið. Þær hafa aðeins teygt úr sér í hlýjum árum en staðið nokkurn veginn í stað þess á milli, sú hæsta er um fimm metra há. Uppi í melbrúninni stendur umfangsmikill runni af fjallagullregni. Hann hefur blómgast mikið undanfarin ár og borið fræ. Þegar ég fékk hann vissi ég ekkert um kjörlendi tegundarinna og stóð í þeirri trú að hún kynni best við sig í þurrum malarjarðvegi, líkt og lúpínan. Síðan hef ég einu sinni séð fjallagullregn í náttúrlegu umhverfi. Var það í Ölpunum og uxu plönturnar í þröngu árgili þar sem þær voru baðaðar í úða frá dálitlum fossi. Þess má geta að á sjöunda áratugnum var gróðursett fjallagullregnsplanta í flatarbrúnina ofan við lækinn í R5. Vex hún þar í allrökum siltjarðvegi og virðist einnig þrífast með ágætum. Þessa tegund mætti gjana gróðursetja í útivistarskóglendi til að auka þar fjölbreytnina.

**Annar aðkomugróður:** Á þessum árum var áhuginn einkum á skógrækt og var lítið annað gróðursett en trjáplöntur. Nokkrar innlendar tegundir voru þó fluttar í lautina. Sumar þeirra hafa breitt úr sér með jarðrenglum einkum þó sigurskúfurinn, en einnig fuglaertur og giljaflækja.



Sigurskúfurinn hélt sig í fyrstu aðeins í siltjarðvegi en eftir því sem frjósemi jókst hefur hann fíkrað sig upp eftir malarásnum sem áður var vaxinn lynheiðagróðri. Fuglaerturnar og giljaflækjan dreifðust hratt innan um slitróttan heiðagróðurinn en eftir að landið varð betur gróið hefur borið minna á þeim nema hvað fuglaerturnar eru enn að breiða úr

*Þar sem lúpínan hefur hörfað eftir að hafa lokið hlutverki sínu koma víða í ljós breiður af jarðarberjaklungri sem blómgast og ber aldin þegar birtan verður næg.*

sér utan skógarins í Eystrilaut. Í lautina voru snemma fluttar nokkrar plöntur af íslenskum jarðarberjum úr aflagðri garðholu í R6 þar sem þau höfðu verið ræktuð lengi. Jarðarber eru í eðli sínu skógarbotnplöntur og breiddust plönturnar fljótlega inn í lúpínubreiðurnar með ofanjarðarrenglum og mynduðu þar undirgróður. Einnig er greinilegt að fuglar hafa borið fræ á fleiri staði þar sem lúpínan hefur síðar sest að. Meðan plönturnar uxu í skugga lúpínunnar blómguðust þær sjaldan, nú er lúpínan víða horfin og eftir standa breiður af jarðarberjum sem blómgast ríkulega og bera töluvert af berjum. Planta af bláklukku, sem er einkennistegund austurlands, kom upp í birkilundi efst í lautinni en hefur ekki sáð sér neitt út. Birkið í þessum lundi kom frá Hallormstað sem berrótarplöntur vafðar í mosa og hefur fræið vafalaust verið í mosanum. Bláklukku má finna víða í birkireitum frá þessum tíma<sup>18</sup>. Tvær erlendar plöntur hafa dreift sér mikið með jarðrenglum. Það eru hindber sem komin eru frá Finnörku í Noregi og setja árlega ber og þyrnirós, sem raunar er innlend tegund, en plantan sem þarna var gróðursett er sprottin upp af innfluttu fræi og hefur gert sig fyllilega heimakomna. Spánarkervill hefur borist inn í skógarlundinn neðst í lautinni með fræjum af plöntum sem ræktaðar voru í 7. reit a. Hann getur orðið mjög ágengur og það er erfitt að útrýma honum, en ég hef reynt eftir megni að hafa hemil á útbreiðslu hans.

## Þróun skógarins í Ytrilaut

Öll gróðurskilyrði í Ytrilaut hafa gjörbreyst á þeirri hálfu öld sem liðin er síðan hún var girt og farið að planta þar trjám. Lautin er djúp og þar höfðu snjóskaflar ætíð safnast fyrir á vetrum en þegar trjágróður fór að vaxa þar upp jókst það til mikilla muna. Urðu skaflarnir stundum margra metra þykkir svo mikið brotnaði af greinum og ungir trjástofnar bækludust af þunganum og sér þess víða merki enn. Með tímanum, þegar tréin í jöðrunum fóru að vaxa upp, safnaðist skafrenningurinn upp rétt innan við jaðrana svo snjóþyngslanna gætti ekki lengur í dýpri hlutum lautarinnar. Trjáplöntur sem þar hafa vaxið upp á seinni árum eru beinvaxnar og virðast ætla að verða hin glæsilegustu tré.

Eins og áður hefur komið fram var gróðursett mjög þétt mestalla 20. öldina og var það um fram allt gert til þess að plönturnar veittu hverri annarri skjól sem fyrst. Nú hefur sýnt sig að ekki er þörf á því nema þar sem trjágróður á mjög erfitt uppdráttar. Þar sem svona þétt er gróðursett mynda trjágreinarnar fljótt samfellda trjákrónu og trjáræturnar mynda net undir öllum skógarsverðinum. Þetta veldur því að gróðurfur á landinu breytist hraðar en þar sem trén standa gisnar og mynda fyrr reglulegan skógarsvörð. Nær allur gróður á Íslandi er úthagagróður mestmegnis með ljóselskum, beitarþolnum tegundum og það jafnvel í þeim upprunalegu ófriðuðu birkiskógum sem eftir standa. Fyrstu skógarplönturnar í Ytrilaut voru settar í gamalt, þýft tún frá Keldum sem hafði ekki verið heyjað á í nokkur ár en beitt af sauðfé. Um leið og trén tóku að vaxa úr grasi fór svarðgróðurinn að breytast. Það virðist svo að um leið og túngrösin fengu samkeppni frá rötum trjáanna og fór að skorta birtu hafi mikil gróska færst í vallelftingu sem varð ríkjandi tegund í skógarbotninum um árabíl. Seinna fór henni að hraka og nú sést hún þar varla lengur. Þessi ferill bendir til þess að samkeppnisaðastaða elftingarinnar eflist þegar vaxarskilyrði túngrasanna versna, en vallelftingin, sem er ekki raunveruleg skógarplanta, hverfur svo smám saman á síðari framvindustigum skógarins.

Núna er margs konar svarðgróður í gamla Keldnatúninu allt eftir því hvaða trjátegundir vaxa í skógarlundunum. Í jöðrum og rjóðrum þar sem birta er næg er enn töluverður grasvöxtur en sigurskúfur hefur dreift sér um mestallt svæðið og er sums staðar nær einráður. Þar sem ekki

er of mikill skuggi verður hann mjög hávaxinn, rúmlega hálfur annar metri, en blómgast ekki. Eftir því sem minni birta berst niður í svörðinn verður gróðurþekjan gisnari. Þar er lítið orðið eftir af upprunalega gróðrinum, en ýmsar aðfluttar skógarbotnplöntur vaxa þar með ágætum. Inni í hreinum grenilundum er svo dimmt að undirgróður er nánast horfinn.

Náttúrlegur runnagróður er enn ekki annar en sjálfsáðir rifsberjarunnar, en ýmsir skógarbotnrunnar hafa verið gróðursettir og þrífast með ágætum. Sumir aðfluttu runnanna setja mikið af berjum en sjálfsáðar plöntur hafa ekki fundist. Snjóber, reyniblaðka og þyrnirós hafa dreift dálítið úr sér með rôtarsprotum.

Uppi í brekkunum, sem voru áður vaxnar heiðagróðri með bláberja-, kræki-, og beitleyngi, er nú nokkuð opinn skógur með lauftrjám og stöku barrtrjám. Þar kemst næg birta niður í svörðinn og er hann nú mestmegnis grasi gróinn þar sem hálingresi er ríkjandi tegund. Melarnir efst á svæðinu fylltust snemma af lúpínu. Hún fór að hopa um miðjan níunda áratuginn og er nú óvíða samfelld og sums staðar horfin af stórum blettum. Í stað hennar eru nú mosar og ýmis grös, töluvert stendur þar eftir af sjálfsáðum rifsberjarunnum og ungum reyniplöntum og mikið er um íslensk jarðarber og eru þau á nokkrum stöðum ríkjandi.

Eftir 1980 hafa margskonar tré og runnar verið gróðursett í Ytrilaut ýmist til þess að auka fjölbreytnina, fella gróðurinn betur að landslaginu og einkum þó til að reyna að mynda ný gróðursamfélög sem hæfa þeim skilyrðum sem hafa myndast við framvindu skógarins. Verður þessa gróðurs nánar getið í köflunum um þróun mismunandi gróðurlenda og flóru svæðisins.

## **Kálfamói**

### **Gróðursetningar milli 1964 og 1985**

Vorið 1964 var girtur rúmlega hektari umhverfis bústaðinn Kálfamóa (5. reitur). Flatlendið var sléttað með jarðýtu og plægt þá um vorið og ræktaðar í því matjurtir. Árið eftir var sáð grasfræi í eystri hlutan en kartöflur voru ræktaðar í vesturhlutanum fram til 1972. Þessi árin voru gróðursett nokkurra metra breið trjábelti innan við girðingarnar á norðaustur-, austur- og suðurmörkum svæðisins. Mestmegnis var það birki en innan við birkið austantil við norðausturgirðinguna var gróðursett bergfura og við girðinguna í kvosinni norðan við lækinn var sett viðja í stað birkis. Bergfururnar þarna eru sérstaklega fallegar og hefur sú hæsta náð meira en 8 metra hæð. Þær bera mikið af karlblómum en engin kvenblóm hafa sést á þeim hingað til. Ofan við bergfururnar standa nokkur beinvaxin og falleg birkitré en annars er birkið í þessum beltum fremur kræklótt. Eru helstu ástæður þess að sunnan til voru plönturnar settar í gróðurlausan þurran mel en að norðvestanverðu bækludust þær illilega af snjóþyngslum.

Á þessum árum voru nokkrir smálundir gróðursettir hér og þar á svæðinu. Í norðausturhorninu er grenilundur sem fór illa undan snjóþunga í fyrstu en hann hefur teygt vel úr sér í seinni tíð. Ofan við lindina, sem kemur upp við Klofningslæk, er trjálundur með þyrpingum af mismunandi tegundum. Þar er þyrping af sitkagreni, sem hefur vaxið sérlega vel, og eru nú hæstu trén komin yfir 12 metra. Þar eru einnig stafafurur sem eru lítið lægri. Í þessum lundi eru einnig nokkur tré af birki, blæösp, gráöl og lerki sem hafa öll náð góðum vexti. Uppi í brekkunni handan við



lækinn er lítill bergfurulundur. Í hann safnaðist oft mikill snjóskafli meðan hann stóð á berangri og var vöxtur trjánna þar mun lakari en í lundinum við norðausturgirðinguna. Nokkur tré og runnar af öðrum tegundum voru gróðursett hér og þar og verður þeirra getið síðar í kaflanum um flóru svæðisins.

Á þessum árum fór ég að safna íslenskum plöntum á ferðum mínum um landið og gróðursetja á svæðinu. Margar þeirra hafa tínt tölunni, nokkrar lifa enn ágætlega án þess að dreifa sér neitt, en tegundir eins og eski, fuglaertur, giljaflækja og sigurskúfur hafa breitt mikið úr sér með jarðrenglum og giljaflækjan hefur greinilega sáð sér líka. Nokkrar garðjurtir af erlendum uppruna sem mér áskotnuðust voru einnig gróðursettar þarna. Tvær þeirra, randagin og roðafífill hafa dreift sér ótæpilega með renglum og roðafífillinn líklega einnig með fræjum.

Á árunum 1973 til 1986 bjó ég ekki í Reykjavík og kom einungis við á svæðinu í stuttum ferðum til borgarinnar. Var þá aðeins gróðursett lítulsháttar af plöntum, mest úr Lystigarði Akureyrar. Fjallað verður um þær sem enn lifa í kaflanum um flóru svæðisins.

## Heildarathugunarsvæðið eftir 1985



*Myndin er tekin 1991. Sumarbústaðurinn Kálfamói er að hverfa í trjágróður og búið er að fjarlægja Sjónarhól.*

Nokkru eftir að ég flutti aftur til Reykjavíkur fékk ég umsjón með öllu athugunarsvæðinu samkvæmt samningi við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Auk þeirra reita sem áður hefur verið fjallað um voru á þessu svæði lóðir sumarbústaðanna Sjónarhóls, þ.e. sjötti reitur a og Brekkubæjar, þ.e. sjöundi og sjöundi reitur a. Þar var töluvert af trjám

og öðrum garðagróðri, mestmegnis frá fimmta og sjötta áratug aldarinnar. Utan framantalinna reita, sem lengi höfðu verið girtir, hafði gróðurfar einnig tekið miklum stakkaskiptum eftir að beit lagðist af í byrjun áttunda áratugarins og allvíða vaxið þar upp sjálfsáinn trjágróður. Á seinustu árum hefur auk þess ýmss konar gróðri verið plantað þar. Þegar afmarka skyldi athugunarsvæðið var því eðlilegt að taka með það svæði sem er merkt sem sjötti reitur.

## **Grisjun og umhirða**

Á þeim árum sem ég bjó ekki í Reykjavík var ekkert hirt um svæðið og var víða farið að sjá á trjálundunum af vanhirðu. Upphaflega hafði yfirleitt verið gróðursett of þétt og voru trén með granna stofna og samanvafðar trjákrónur. Lundirnir höfðu iðulega verið gróðursettir á skjólbestu stöðunum þar sem gríðarlegir skaflar hlóðust upp og voru trén víða brotin eða kengbogin og samansveigð í ógeng þykkni. Það var því nokkurra ára vinna að grisja svo að hægt væri að ganga um lundina og gefa trjánun nægilegt varxtarrými.

Notkun áburðar hefur alla tíð verið mjög takmörkuð á svæðinu. Nær eingöngu var borið á við útplöntun en síðan varð gróðurinn að bjarga sér við þær aðstæður sem staðhættir buðu uppá. Jarðvegslífverur fengu því að sjá um að brjóta niður allar lífrænar leifar sem féllu til, svo sem sinu, trjálauf og barr og breyta þeim í moldefni sem nýttust til uppbyggingar gróðurmoldar. Við grisjun var allur viður sem til féll bútaður niðu og látinn rotna á staðnum. Var það gert til þess að mynda sem fyrst eðlilegan skógarbotnsjarðveg. Að vísu hefur það komið fyrir í tvígang á seinustu áratugum að einhver, sem væntanlega skorti eldivið, hefur komið og hirt nokkra bílfarma af sverustu lurkunum. Nú er þarna víða orðið til frjósöm gróðurmold áþekkt því sem gerist í náttúrlegum eldfjallajarðvegi á norðlægum slóðum svo sem í Alaska eða á Kamtsjatka og svipar honum að grósku til kalksvæða í fjöllum Skandinavíu og í Ölpunum.

## **Gróðursetningar**

Margskonar gróðri hefur verið plantað á svæðinu eftir 1985. Þar voru gróðursettar nokkrar trjápyrpingar en ekki var um að ræða neina skógrækt áþekka því sem gert var í upphafi í Ytrilaut. Nú var megintilgangurinn að auka fjölbreytnina hvað varðaði tegundir og auk þess að reyna mismunandi staðbrigði (ecotypes) af hverri tegund. Einnig var reynt að fella gróðurinn sem best að landslaginu og ekki hvað síst að finna gróður sem hæfði nýjum aðstæðum sem höfðu myndast við gróðurframvindu á staðnum frá því að landið var friðað og skógarlundir fóru að vaxa upp. Í næstu köflum, sem fjalla um þróun gróðurfars í mismuna gróðurlendum, verður getið þeirra aðkomutegunda sem virðast hafa ílenst eða eru líklegar til þess. Aðrar tegundir, sem enn lifa, en eiga sér óræða framtíð, verða taldar upp í kaflanum um flóru svæðisins.

## **Þróun mismunandi gróðurlenda**

### **Skóglendi**

**Tré:** Ekki eru menn á einu máli um hvernig greina skuli á milli trjáa og runna. Tvær megin skilgreiningar eru helstar, önnur er sú að lágvaxnar, trjákenndar plöntur kallist runnar en þær sem eru meira en 6 eða 8 metra háar kallist tré. Í hinni er gengið út frá að trjákennd

planta með einn meginstofn sem ber uppi trjákrónu sé tré en séu stofnarnir margir og álíka veigamiklir sé um runna að ræða. Nú er fjölbreytileiki náttúrunnar slíkur að ekki er unnt að binda sig bókstaflega við svona skilgreiningar. Hér á eftir held ég mig mestmegnis við síðari skilgreininguna en víðitegundir sem náð hafa 8 metra hæð verða þó taldar til trjáa. Þess utan er að vaxa upp mikill fjöldi ungrtrjáa sem ekki hafa enn náð þessum hæðarmörkum en geta eðlis síns vegna ekki flokkast sem runnagróður.

Eins og áður hefur komið fram uxu engin tré á svæðinu þegar ég byrjaði að gróðursetja trjáplöntur vorið 1947 en í görðunum við sumarbústaðina voru eingöngu nokkrir runnar og smáhrslur. Míkill og vöxtulegur trjágróður hefur vaxið upp síðan. Eina stóra, samfellda gróðursetning skógarplana er í Ytrilaut, en þótt mikill hluti trjáanna hafi náð milli 10 og 15 metra hæð telst hann enn ungsógur. Fjallað hefur verið um þroska einstakra trjategunda sem gróðursettar voru á árunum milli 1951 og 1963, en á síðustu tveimur áratugum hafa ýmiss önnur tré verið gróðursett þarna. Það eru meðal annars ungir hlynir sem flestir eru sprotnir upp af fræi úr mismunandi görðum í Reykjavík. Garðahlynur þrífst vel í lautinni þar sem vel kornuð gróðurmold hefur náð að myndast en í þéttum siltjarðvegi utan lautarinnar á hann mun erfiðara uppdráttar. Það hefur komið í ljós að hlynplöntur aldar upp af fræi mismunandi móðurtrjáa hausta sig ekki á sama tíma. Nokkrar fella lauf eðlilega en á öðrum frýs laufið á trjánum nema einstaka haust þegar fyrstu frost koma koma óvenju seint. Eftir 1985 hefur dálítið af selju, sitkagreni og nokkrar reynitegundir verið gróðursettar í rjóður í Ytrilaut. Eru það allt plöntur af íslensku fræi. Þær hafa yfirleitt þrífst vel en eru enn of ungar til að teljast til hinna eiginlegu trjáa.

Á lóð sumarbústaðarins Brekkubæjar er töluvert af stórum trjám sem gróðursett voru fyrir 1960. Þau standa ýmist í röðum meðfram lóðarmörkum eða hafa verið gróðursett til að afmarka ræktunarreiti. Þarna eru nokkrir mismunandi klónar af alaskaösp. Flestar aspirnar kól niður að rót í aprílhretinu 1963, nokkrar lifðu af en eru bæklaðar. Í suðvesturhorninu niðri við veginn að Keldum standa þrjú tré, greinilega öll af sami klóni, sem virðast ekki hafa orðið fyrir neinum skaða í því hreti. Af þessum trjám hafa verið teknar blómgaðar greinar og þær notaðar við víxlfrjóvganir í kynbótatilraunum á vegum Tilraunastöðvar Skógræktar ríkisins að Mógilsá. Þarna á lóðinni er mikið af stæðilegum birkitrjám en þau eru flest margstofna. Einnig eru þar nokkur myndarleg sitkagreni, tvö gráreynitré, viðja og einn stórvaxinn þingviðir en hann er einn af þeim fáu á suðvestanverðu landinu sem lifðu af aprílhretið. Á lóð sumarbústaðarins Sjónarhóls standa nokkur birkré í aflögðum garði og í suðvesturhorni reitsins er snotur lítill reyniviður sem er að öllum líkindum sjálfsáinn.

Elstu trén á svæðinu standa í 1. reit, þar sem var matjurta- og skrudgarður heima við sumarbústaðinn Kálfamóa, og í 2. reit, en þar hafði verið komið upp girðingu umhverfis gamlan vesturbæjarvíði á árum heimsstyrjaldarinnar síðari. Í heimagarðinum stendur gamall virðulegur gráreynir sem var að öllum líkindum gróðursettur fljótlega eftir að bústaðurinn var reistur. Í lok fjórða áratugarins héldu sig villtar kanínur í Keldna- og Grafarholtinu og einn snjóaveturinn, þegar jarðbönn voru, nöguðu þær börkinn utan af stofni gráreynisins svo að hann drapst, en upp spruttu nokkrir rôtarsprotar og er gamla gráreynitréð vaxið upp af einum þeirra. Þarna í garðinum standa nokkur myndarleg birkitré sem voru gróðursett skömmu fyrir 1950. Í garðinum standa tveir álitlegir reyniviðir, einnig myndarlegt tré sem líklega er fjallareynir, gráölir, askur og stórvaxnar alaskaaspir en öll þessi tré eru gróðursett eftir 1964. Innan girðingarinnar umhverfis gamla vesturbæjarvíðinn höfðu einnig verið gróðursettar nokkrar birkiplöntur áður en girðingin var sett upp. Sauðfé hafði stýft þær næstum niður að rót en eftir að þær fengu frið hafa þær

teygt úr sér og eru sumar nú orðnar að snotrum trjám en aðrar hafa verið felldar við grisjun. Þrjú elstu sitkagrenitrén voru gróðursett þarna innan girðingarinnar og eftir að hún var fjarlægð 1964 voru gróðursett nokkur sitkagreni vestan og sunnan við þau. Vorið 1969 voru síðan gróðursett austan við þau 5 sitkagreni sem alin voru upp af fræi af fyrsta grenitenu sem ég sá bera fræ hér á landi skömmu eftir 1960.

Áður hefur verið lýst þrifi trjágróðurs sem plantað var í Kálfamóareitinn, þ.e. í 5. reit, fyrir árið 1985, en eftir það hefur margskonar gróðri verið bætt við. Ekki voru gróðursettir nýir samfelldir skógarlundir, en litlum þyrpingum eða einstökum tjám af mismunandi uppruna hefur verið plantað við gömlu lundina ýmist til þess að stækka þá og breyta lögun þeirra svo að þeir féllu betur að landslaginu eða til þess að mynda fjölbreyttan gróður í jöðrum þeirra. Síberíulerki, evrópulerki og selja hafa tekið vel við sér og eru hæstu seljurnar orðnar meira en 10 metra háar. Mikið hefur verið gróðursett af alaskaösp. Er þar bæði um að ræða plöntur sem eru græðlingar af völdum trjám í Reykjavík og 1997 voru gróðursettar rúmlega þrjátíu plöntur sem höfðu verið aldar upp af fræi af sérstaklega fallegu tré sem stendur framan við hlaðið á Keldum. Fjölmargar aðrar trjátegundir hafa verið gróðursettar á seinustu tveimur áratugum en margar þeirra eru ekki orðnar það hávaxnar að þær teljist til trjáa en þeirra verður getið í kaflanum um flóru svæðisins.

**Runnar:** Fyrstu árin voru nær eingöngu gróðursettar plöntur af skógartrjám en eftir því sem þekking mín á eðli skóga jókst vaknaði áhugi á að gróðursetja runna bæði sem undirgróður í skóginum og í jaðar skógarlundanna. Fyrst í stað var erfitt að verða sér úti um runna þar sem framboð af þeim var mjög fátæklegt í gróðrarstöðvum landsins. Auk þess bjó ég yfir mjög takmarkaðri þekkingu á kjörlendi mismunandi tegunda. Margskonar runnar hafa þó ratað á rétta staði og fallið vel inn í þau gróðursamfélög sem eru að þróast. Fyrst ber að telja garðarifsber, en rifsrunnar stóðu eftir í gömlu görðunum við sumarbústaðina og fuglar hafa svo dreift fræjum víða og í skóglendi eru rifsberjarunnar nú áberandi undirgróður. Gömlu garðarifsrunnarnir virðast allir hafa verið af yrkinu 'Rautt Hollenskt' sem er talið blendingur samarifs, *Ribes spicatum*, og steinrifs, *R. petraeum*. Afkomendurnir eru margvíslegir í útliti eins og verða vill um afkomendur bastarða, til dæmis eru til runnar með nærri hvít blómu og aðrir rauðbrún þótt flestir séu með gulgræn blóm. Einnig hafa fundist runnar með litlaus ber. Þessir villtu rifsrunnar bera mikið af berjum sem eru eftirsótt af skógarfuglunum. Allt



*Margir skógarbotnsrunnar, eins og til dæmis dúntoppur, mynda aldin sem eru löguð að fugladreifingu. Fyrst í stað þekktu þrestirnir á svæðinu ekki þessi aldin en núna hverfa þau jafnóðum og þau þroskast.*

frá sjöunda áratugnum hafa verið gróðursettir runnar bæði af blátoppi og dúntoppi sem hafa dafnað vel. Þess má geta að dúntoppurinn setur mikið af fagurrauðum berjum á haustin. Árum saman litu fuglarnir ekki við þessum berjum og skrælnuðu þau upp á runnunum og féllu svo af með tímanum. Fyrir um það bil áratug var eins og fuglarnir hafi uppgötvað að berin væru æt og síðan hafa þau verið hreinsuð af runnunum um leið og þau þroskast. Fjöldi annarra runna þrífst vel inni í skógarlundunum og má þar nefna bæði reyniblöðku, sem dreifir hóflega úr sér með jarðrenglum og fjallarífs, en af því þarf að hafa plöntur af báðum kynjum til þess að kvenplönturnar myndi ber. Einnig þrífast eftirtaldar tegundir með ágætum í skóginum og þroska allar ber, sem fuglarnir kunna vel að meta, en þær eru alaskayllir, gljámispill, glótoppur, hélurífs, snjóber og surtartoppur.

Það setur mikinn svip á útivistarskóga þegar fjölbreyttur trjá- og runnagróður prýðir skógarjaðarinn og þar ætti íslenski reyniviðurinn að skipa heiðurssæti. Hann blómgast fallega á vorin, ekki er hann síður skrautlegur þegar berin hafa þroskast, og að lokum á hann ríkan þátt í litrófi haustskógarins. Uppruni fyrstu reynitrjána, sem gróðursett voru á svæðinu, er óþekktur en á seinni árum hefur verið safnað afkomendum af sérstaklega fallegum gömlum íslenskum trjám. Margar aðrar reynitegundir hafa verið gróðursettir og lofa þær góðu, en tíminn á eftir að leiða í ljós



*Fjölbreyttur trjá- og runnagróður getur tengt fallega saman skóg og bersvæði. Klukkutoppur er einn af þeim runnum sem fara vel í skógarjaðrinum. Á vorin ber hann hvít klukkublóm en síðsumars aflöng rauð aldin sem fuglarnir kunna vel að meta.*

hve mikilvægan sess þær eiga eftir að skipa í okkar útivistarskógum. Heggur, sem er stórvaxinn runni og getur orðið snoturt tré, fer einnig ljómandi vel í skógarjaðrinum og blómgast ríkulega á vorin. Þó hefur sveppur lagst á hann hér á landi sem að mestu leyti hefur komið í veg fyrir að hann þroski ber. Frændi hans, hlíðar-amallinn, er einnig frábær jaðarplanta. Á vorin verður hann nærri hvítur af

blómum og kemur svo með mikið af berjum handa fuglunum á haustin, en þau eru einnig talin ágæt til sultugerðar. Fjallagullregn stendur sig með ágætum og virðist vera tilvalið til að auka fjölbreytnina í umhverfisskógum, en ég minnst þess ekki að hafa séð það nema í gördum. Stórvaxnir runnar eins og gultoppur og rauðtoppur þrífast vel í skjóli skógarjaðarins en þurfa góða birtu og frjóan jarðveg. Síðan eru margir skrautlegir runnar sem hafa kunnað vel við sig í skógarjaðrinum eða framan við hann, til dæmis bersarunni, fjallatoppur, geislasópur, klukkutoppur og sólber. Runnakendrir reyniviðir eins og fjallareynir, kasmírreynir, koparreynir, spörvareynir og úlfareynir lofa góðu og nokkrar sýrenur hafa staðið sig vel þar sem skilyrði eru góð. Svo má ekki gleyma rósunum. Bæði fjallarós og þyrnirós hafa staðið sig með ágætum, þær

blómgast og hafa sett nýpur á haustin og jafnvel meyarós virðist ætla að skarta sínu fegursta ef hún fær nægilega frjósaman jarðveg. Ígulrósir hafa vaxið vel en verið fremur tregar til að blómgast. Það fer best á því, þegar runnarósir eru gróðursettar í náttúrulegu umhverfi, að vera ekki með kynbætt yrki með fylltum blómum en nota fremur plöntur með einföldum blómum og sem setja nýpur á haustin. Á lóð sumarbústaðarins Brekkubæjar stóðu runnar af heiðarós og hafa þeir breitt mikið úr sér á seinni árum og eru til hálfgerðra vandræða. Ég kynntist þessari tegund í Austur-Síberíu og var hún þar sums staðar allsráðandi undirgróður í espiskógum. Held ég að menn ættu að varast að gróðursetja heiðarósina í útivistarsvæði.

Víðiættkvíslin er fjölbreytt og hér hafa verið gróðursettar margar víðitegundir og af sumum þeirra plöntur af margskonar mismunandi uppruna. Einnig bastarðar sem orðið hafa til við stýrðar víxlanir. Víðir þolir illa skugga en margar tegundir eru heppilegar í skógarjaðra og sem stakstæðir runnar eða runnaþyrpingar. Elstu plönturnar af gljávíði, selju, vesturbæjarvíði og viðju eru þegar orðin 10 metra tré og einnig eru víða að vaxa upp myndarlegir runnar af alaskavíði, jörfavíði og körfuvíði. Allar fjórar íslensku víðitegundirnar voru upprunalega á svæðinu. Þær eru lágvaxnar í eðli sínu, en gulvíðirinn sem náði upphaflega rétt í ökkla, hefur teygt töluvert úr sér og er kominn eitthvað á annan metra og verður gulvíðistofninn á Suðvesturlandi yfirleitt ekki hærri. Nokkrir hávaxnari gulvíðirunna, sennilega af norðlenskum uppruna, voru gróðursettir í sjötta reit a á sjötta áratugnum og hafa nú víða vaxið upp sjálfsáðir gulvíðirunna sem eru orðnir meira en fjögurra metra háir. Kjörlendi margra víðitegunda eru votlendi, vatnsbakkar og áreyrar og hafa víðiþykkni vaxið upp á eyrunum við Klofningslækinn. Sérstaklega er vert að benda á nokkrar kvenplöntur af gljávíði sem vaxa þarna en kvenplöntur af honum eru sjaldséðar hér á landi, að minnsta kosti enn. Ólíkt öðrum tegundum ættkvíslarinnar fellir gjávíðirinn frá á haustin og eru kventrén áberandi þegar þau hafa fellt laufið en reklarnir, sem þá eru að opna sig, hanga á trénu eins og þaðmullarhnoðrar.

**Svarðgróður:** Þegar skógur vex upp á berangri breytast fjölmagir umhverfisþættir svo sem nærviðri, jarðvegsgerð en einkum þó birtan. Í gömlum túnum og bithögum hverfa ýmsar tegundir sem fyrir voru, aðrar færast í aukana, en framvindan verður með ýmsun hætti allt eftir því hvers konar gróðurfar var fyrir og hvernig skóglendi er að myndast. Það eru fáar skógarbotnstegundir í íslensku flórunni og þær eru nær allar sára sjaldgæfar bæði vegna þess að kjörlendi þeirra, birkiskógarnir, hafa stórlega dregist saman og þær þola illa beit.

Í þeim skógarlundunum sem vaxið hafa upp á svæðinu hefur þróunin yfirleitt orðið sú að tegundum hefur fækkað. Í birkiskógi og þar sem sæmileg birta berst niður í svörðinn hefur hásvelfgras orðið ríkjandi, annars staðar er gróðurþekja ekki samfelld og botninn jafnvel gróðurvana þar sem dimmast er. Af þeim tegundum sem fyrir voru á svæðinu hefur hrútaberjaklungur haldist lengst við eftir að þær ljóskræfari voru horfnar. Á tveimur stöðum hefur hárdepla skotið upp kollinum en hennar hafði ekki orðið vart meðan landið var beitt. Hún virðist vera að breiðist út og kunna vel við sig í rökkvuðum



*Margar svarðplöntur í skóginum, eins og til dæmis skógaranemónan, koma upp snemma vors og blómgast. Þegar skógurinn hefur laufgast eru þær búnar að ljúka vaxtarskeiðinu, sölna og hverfa af yfirborði.*

skógarlundum. Fjórar aðrar innlendar tegundir, sem voru ekki upprunalega á svæðinu, kunna ágætlega við sig, a.m.k. í tiltölulega björtum skógi, þær eru fuglaertur, giljaflækja, jarðarber og sú fjórða, sigurskúfur, er víða orðin ríkjandi tegund í skógarbotninum í Ytrilaut. Sigurskúfurinn



*Tvær skrautlegar tegundir sem þrífast vel í frjósömum skógarjarðvegi. Á efri myndinni er skógarljós en laukatannrót á þeirri neðri.*

er í eðli sínu áburðarkræf berangursplanta, en teygir sig inn í frjósaman skógarbotninn þó að þar sé skuggsælt vegna þess samkeppni frá öðrum gróðri er hverfandi eftir að ljóskræfari tegundirnar eru horfnar. Inni í skóginum verður hann mjög hávaxinn, allt að mannhæð, en blómgast ekki þar.

Í nýskógana vantar eðlilegn botngróður en hann mynda tegundir sem geta komist af með þá takmörkuðu birtu sem nær niður í svörðinn og nýtt sér hvað samkeppni er lítil þar. Þetta eru ýmist plöntur sem koma upp og blómgast áður en skógurinn laufgast eða eru með þunn blöð sem hafa tiltölulega mikið yfirborð og geta fangað það takmarkaða ljósmagn sem sleppur niður í gegnum trjákrónurnar. Í gömlu skógarlundunum hefur ýmsum skógarbotnstegundum verið komið fyrir í tilraunaskyni og hafa nokkrar þeirra kunnað vel við sig og virðast ætla að setjast að til frambúðar. Má þar nefna ilmmöðru, skógarljós, krosshnapp, vorsóley og nokkrar tegundir af lyfjurtum og svo um fram allt skógaranemónu en hún hefur þrífist með eindæmum vel, breiðir hægt úr sér og er til mikillar þrýði í skógarsverðinum á vorin. Nokkrar fleiri skógarbotnstegundir, sem hafa verið reyndar í minna mæli, virðast þrífast eðlilega en hafa ekki dreift sér neitt.

Flestir burknar eru skógarplöntur í eðli sínu. Nokkrir íslenskir burknar voru gróðursettir í Kálfmóa á sjöunda ártugnum og hafa þeir flestir lifað en ekki fjölgað sér neitt. Ekki hafa fleiri innlendir burknar verið gróðursettir síðar. Er það bæði vegna þess að vandasamt er að fjölga þeim með gróum og ekki er forsvaranlegt að grafa þá upp þar sem þeir vaxa úti í náttúrunni til þess að gróðursetja þá á staði sem vafi getur leikið á að sé þeirra rétta kjörlendi. Tvær erlendar burknategundir hafa þó verið gróðursettar og er líklegt að önnur þeirra, körfuburkninn, geti átt sér varanlega framtíð ef honum er valinn réttur staður í frjóu raklendi með hæfilegum skugga.

Tvær stórvaxnar skógarplöntur hafa nýlega ílenst hér á landi, þær eru skógarkerfill og spánarkerfill. Skógarkerfillinn er orðinn algengur víða um land, hann sækir í frjósamt reski og annann niturríkan jarðveg svo sem gamlar lúpínubreiður og getur getur orðið nær einráður þar. Nokkrar skógarkerfilsplöntur uxu dreift í landi Brekkubæjar þegar sá reitur var felldur inn í athugunarsvæðið. Þær hafa ekki fjölgað sér neitt að ráði, líklega vegna þess að svæðið er vel gróið. Í þeim reit voru einnig nokkrar plöntur af spánarkerfil. Hann sáði sér snemma inn í skóginn neðst í Ytrilaut og standa nokkrar plöntur þar enn. Reynt hefur verið að koma í veg fyrir að þær fjölgi sér með því að fjarlægja blómstöngla og grafa upp nýjar fræplöntur. Spánarkerfillinn var víða ræktaður sem kryddjurt allt frá því á 19. öld. Lengi vel barst hann ekkert út fyrir garða, en þegar beit lagðist af í nágrenni byggðar fór hann að setjast að í frjóu landi og er nú m.a. ríkjandi undirgróður í skógarlundum á Akureyri. Hann er langlífur, með djúpstæðar rætur og er erfitt að uppræta hann þar sem hann hefur sest að. Það er því vissara að gjalda varúð við útbreiðslu hans.

## **Berangur**

**Votlendi:** Klofningslækur gat orðið vatnsmikill í rigningatíð og vorleysingum. Rauf hann þá jarðveg úr bökkunum og bar fram malarkenndan jarðveg sem myndaði eyrar neðan við flötina þar sem landi hallaði lítið og flæmdist hann til og frá um þessar eyrar svo að varanlegur gróður settist þar ekki að. Eftir að yfirborðsvatni af Vesturlandsvegi og svæðinu þar austur af var veitt í burtu nokkru fyrir seinustu aldamót hefur nálega tekið fyrir þessi þessi flóð og lækurinn runnið í sama farvegi síðan. Eyrarnar greru upp á örfáum árum og sums staðar eru þær vaxnar hávöxnum víðirunnum. Eiginlegt votlendi er nær ekkert á svæðinu nema á einstaka stað við





*Við Klofningslæk. Efri myndin er frá 1981 en sú neðri 2007. Allur víðirinn við lækinn er sjálfsáinn.*

lækinn þar sem vatn seitlar fram eru smávegis votlendisgróður.

**Vallendi:** Víða á flatlendinu og í lautum var vallendisgróður algengur. Þar hefur gróðurfar breyst mikið eftir að landið var friðað og virðist vera að þróast yfir í blómlendi enda þótt þar vanti flestar þær tegundir sem einkenna þess konar gróðurlendi. Mjaðjurt hefur breiðst mikið út einkum þar sem raklent er og nokkrar aðfluttar tegundir hafa dreift úr sér með jarðrenglum. eru það umfram allt sigurskúfur en einnig fugalurtur, hindber, hrossaffill, randagin, roðaffill og sólerna.

**Heiði:** Í hlíðum malarásanna tók heiðagróður við af vallendinu. Neðst var hann nokkurn veginn samfelldur, en slitróttari eftir því sem ofar dró uns við tók gróðurlitill melur. Núna er heiðagróðurinn bæði orðinn samfelldari og teygir sig lengra upp eftir malarásunum. Hlutdeild beitylgs hefur aukist til muna í gróðurlendinu eftir að beit lagðist af en krækilyng virðist hafa látið undan síga. Önnur



*Í brekkunum neðan við melana var slitróttur heiðagróður áður en landið var friðað. Nú er heiðagróðurinn samfelldur og teygir sig lengra upp á melana. Tegundasamsetningin hefur breyst og er beitylging að aukast til muna. Einnig er sortulyng, sem fannst þar ekki áður, orðið algengt en krækilyng er á undanhaldi.*

áberandi breyting er að sortulyng, sem óx hvergi á þessum slóðum áður fyrr og var næsti fundarstaður þess í austanverðu Grafarholtinu í tæplega kílómetra fjarlægð, er nú orðið algengt. Það fannst hér fyrst fyrir rúmum áratug en nú vex hér fjöldi plantna og þekja sumar meira en fermetra. Mikið af sjálfsáðum trjágróðri hefur verið að vaxa upp á seinustu árum, einkum birki og er það sums staðar farið að mynda smá lundi. Dálítið hefur verið líka verið gróðursett af trjáplöntum auk þess sem ýmsum fjörlærum plöntum, sem falla vel að gróðurfari heiðarinnar, hefur verið komið fyrir til að auka fjölbreytnina.



*Það eru ekki margar niturbindandi tegundir sem geta vaxið innan um heiðagróður. Þó kunna lyngertur vel við sig þar.*

Nokkrar þeirra hafa staðið þar um árabil og blómgast án þess að hafa breiðst neitt út og má þar nefna dvergaglæðu, fjallaernu, fjallastrokk, geitabjöllu, kjarmyntu, lyngertur og völudeplu. Lágvaxnir runnar eins og geislasópur, rauðberjalýng, vormispill og dvergvasinn heiðakvistur fara einnig vel innan um heiðagróðurinn.

**Melar:** Í brúnum malarásanna voru gróðurlitlir melar en á flata hluta þeirra skiptust á melar og mjög slitróttur heiðagróður. Alaskalúpína hefur nú lagt undir sig melana svo að hreinn melagróður er hvergi á svæðinu. Lúpína var fyrst gróðursett í Ytrilaut snemma á sjötta áratugnum og í melinn syðst í 5. reit á þeim sjöunda. Hún barst ekki út fyrir girðingarnar fyrr en beit lagðist af á áttunda áratugnum. Þar sem lúpínan nam land varð hún nær allsráðandi. Melagróðurinn sem fyrir var hvarf að mestu leyti en einstakar tegundir hafa þó lifað af lúpínuskeiðið. Fuglar munu hafa borið fræ nokkurra skógaplantna inn í lúpínubreiðurnar og hafa plönturnar þrífist vel í niturríkum jarðveginum í skugga lúpínunnar. Voru það íslensk jarðarber, sem dreifðu sér síðan með jarðlægum renglum, reyniviður og garðarifs. Nú er lúpínan svo til horfin þaðan sem elstu breiðurnar voru og farin að gisna mikið í melnum syðst á svæðinu og annars staðar þangað sem hún barst eftir að beit lagðist af.



## Sjálfgæðsla

Um miðbik aldarinnar sem leið var gróðurþekja slitrótt víðast hvar á athugunarsvæðinu og hluti þess örfoka melar en nú er það að heita má algróið. Engum beinum uppgæðsluaðferðum, svo sem áburðargjöf og fræsáningu í illa gróið land, hefur verið beitt. Gróðurfarsbreytingarnar eru sums staðar eingöngu vegna þróunar þess gróðurs sem fyrir var en annars staðar eftir gróðursetningu nýrra tegunda bæði af innlendum og erlendum uppruna. Ekki eru til neinar mælingar sem leggja má til grundvallar mati á mikilvægi mismunandi tegunda við uppgæðsluna eða hvernig hlutfall



*Horft upp eftir Klofningslæk. Efri myndin er tekin sumarið 1981 en sú neðri haustið 2007.*

einstakra upprunalegra tegunda hefur breyst innan mismunandi gróðurlenda. Augljóst er þó að einstakar tegundir hafa breiðst mikið út, til dæmis mjaðjurt og blágresi. Nokkrar innlendar tegundir, sem uxu þar ekki áður en voru gróðursettar, hafa nú dreift sér og gegna mikilvægu hlutverki í þeirri gróðurframvindu sem á sér stað. Þar ber mest á sigurskúfi sem er víða ríkjandi í siltjarðvegi og dreifir sér einkum með jarðrenglum. Fuglaertur og giljaflækja dreifast einnig með jarðrenglum en giljaflækjan hefur greinilega sáð sér líka. Báðar þessar síðastnefndu tegundir eru mikilvægar því að þær lifa í sambýli við örverur sem vinna nitur úr andrúmsloftinu og auka frjósemi í landi þar sem lúpína og hvítmári þrífast ekki. Eski dreifist um með jarðrenglum í malarjarðveginum sunnan við Klofningslæk og jarðarber eru orðin algeng. Þau höfðu verið ræktuð í lítilli garðholu við sumarbústaðinn Kálfamóa og breiddust síðan út þegar myndast höfðu gróðurskilyrði sem hentuðu þeim.

Fæstar þeirra plantna af erlendum uppruna, sem gróðursettar hafa verið hafa fjölgað sér með fræjum en nokkrar hafa dreift sér með jarðrenglum. Þetta eru ýmist tegundir sem þegar teljast ílendar hér á landi svo sem roðafífill, skógarsmári og randagin eða aðrar sem eru sjaldgæfari svo sem hrossafífill, melahálmur og sólerna. Randagin hefur dreift sér yfir allstórt svæði á Grímsteig og í melnum þar suður af, en stönglarnir eru grannir og standa gisið svo að breiðan hefur ekki afgerandi áhrif á aðrar tegundir þar á svæðinu. Hrossafífillin er hins vegar algjörlega



*Gardarífsber eru í edli sínu skógarplöntur. Fuglar hafa borið mikið af berjum inn í lúpínubreiðurnar og þar kunna smáplönturnar vel við sig í niturríkum jarðveginum þar sem samkeppni er lítil vegna skugga. Eftir að lúpínan tók að hörfa kom í ljós aragrúi af rífsberjarunnum sem bera flestir ríkulegan ávöxt.*

einráður á því svæði sem hann hefur lagt undir sig. Það er þegar rúmlega 400 fermetra svæði á flötinn í Kálfamóa þar sem lækur seitlar fram í leysingum á vorin. Hann er enn að breiðast út en þar sem kjörlendi hans er raklendi er vonandi að dragi úr þrótti hans þar sem þurrara er. Ekki er hætt á að hann dreifi sér með fræjum þar sem hér er eingöngu um einkynja klón að ræða. Hindber og laxaber, sem eru nokkurs konar hálfrunnar, hafa dreift sér með jarðrenglum og sjálfsáin planta af laxaberjum vex í lúpínubreiðu ofan við Kúalaut.

Margar trjá- og runnategundir hafa fjölgað sér ýmist með jarðrenglum eða fræjum og á það jafnt við um þær sem fyrir voru á svæðinu og aðkomutegundir. Allar fjórar íslensku víðitegundirnar voru upprunalega á svæðinu. Fjallavíðir hefur staðið í stað en ekki er unnt að átta sig á hvort nýjar plöntur hafa vaxið upp af grasvíði. Loðvíðir hefur sáð sér töluvert, einkum í mela sem voru að gróa upp og eru

nú vaxnir heiðagróðri með smárunnum. Tveir gulvíðirunnar stóðu við Klofningslækinn. Þeir voru dæmigerðir fyrir venslahópinn sem vex á suðvesturlandi. Náðu þeir rétt í ökkla áður en landið var friðað en nú hafa þeir teygt úr sér upp í um það bil metra hæð. Við sumarbústaðinn Sjónarhól, þ.e. í 6. reit a, var á sjötta áratugnum, gróðursett belti af mun hávaxnari íslenskum gulvíði, sennilega ættuðum af Norðurlandi. Nú vex á svæðinu mikið af sjálfsáðum gulvíði sem er mjög breytilegur, allt frá mjög lágvöxnum og upp í nær fjögurra metra háa runna. Í byrjun voru nokkrar birkihríslur innan girðinganna við sumarbústaðina en mikið hefur verið gróðursett síðan. Sjálfsáðar plöntur skipta hundruðum og eru sums staðar svo þéttar að hreinir birkilundir eru vaxa upp. Fyrstu sjálfsáðu plönturnar fundust strax í lok sjöunda áratugarins og er sú hæsta orðin sjö og hálfur metri og margar sjálfsáðu plantnanna virðast þróttmiklar og beinvaxnar. Reyniviðir voru ekki gróðursettir á svæðinu fyrr en á fimmta áratugnum. Snemma fóru að finnast sjálfsáðar plöntur en þær náðu ekki neinum þroska fyrr en jarðvegur var orðinn nægilega frjór. Nú eru margir fallegir sjálfsáðir reyniviðir að vaxa upp, einkum í gömlu lúpínubreiðunum. Umhverfis sum elstu reynitrén kemur upp mikið af plöntum frá rótarteinungum. Dálítið hefur verið gróðursett af blæösp og þyrnirósum og voru plönturnar bæði af innlendum og erlendum uppruna. Báðar tegundirnar hafa dreift mikið úr sér með rötarsprotum og krefst það orðið þó nokkurrar viðhaldsvinnu að halda útbreiðslu blæasparinnar í skefjum. Seint á sjöunda áratugnum var gróðursettur hnaus af íslenskum eini. Þetta var kvenplanta með mikið af berjum. Hún stóð ein í mörg ár og bar engin ber árum saman. Árið 1986 fannst sjálfsáin einiplanta skammt frá henni og mun hún vera sprottin upp af berjunum sem gamli einirinn bar þegar hann var gróðursettur. Þá um vorið voru karlplöntur gróðursettar við hlið gamla einisins og hefur hann síðan borið mikið af berjum en engar nýjar fræplöntur hafa fundist. Eins og áður var getið stóð gamall vesturbæjarvíðir innan lítillar girðingar við Kálfamóa. Fljótlega eftir að rannsóknarsvæðið var friðað fóru að finnast víðiplöntur sem greinilega voru bastarðar hans og loðvíðis. Fæstar þeirra hafa orðið langlífar en þó er ein sem er orðinn allmyndarlegur runni.

Allnokkrar erlendu trjá- og runnategundanna, sem gróðursettar hafa verið, hafa fjölgað sér. Víðikvistur og úlfakvistur hafa breiðst út með jarðrenglum og mynda þéttar breiður umhverfis staðinn þar sem þeir voru upphaflega gróðursettir. Eins og áður sagði hefur heiðarós dreift sér ótæpilega í landi sumarbústaðarins Brekkubæjar (þ.e. 7. og 7.reits a). Gráölur og alaskaösp dreifa sér með rötarsprotum og hafa asparplöntur fundist rúmlega 15 metra frá móðurtrénu. Umhverfis gráölinn kemur upp aragrúi af nýjum sprotum þegar trén fara að eldast. Upphaflegu plönturnar af gráöl, sem gróðursettar voru á berangri, bækludust flestar illilega af snjóþyngslum eða vindálagi en í skjóli þess trjágróðurs sem nú er kominn hafa sprottið upp einstaklega beinvaxnir og fallegir ungir gráölinn sem eiga vafalítið eftir að verða hin myndarlegustu tré. Ekki hafa fundist fræplöntur af neinni þessara fimm framangreindra tegunda á athugunarsvæðinu. Hindber og laxaber, sem eru eins konar hálfrunnar, höfðu verið gróðursett í gördunum við sumarbústaðina. Hindber hafa farið víða um með jarðrenglum, einkum einn klónn af villtum hindberjum úr norðanverðum Noregi sem var gróðursettur síðar. Töluvert af berjum koma á hindberin árlega en engar sjálfsáðar plöntur hafa fundist. Laxaberin blómgastr í flestum árum en sjaldan koma á þau ber og virðist þar vera um einhvers konar frjóvgunarvandamál að ræða. Sjálfsáin planta af laxaberjum hefur komið í ljós þar sem lúpína var farin að hörfa ofan við Ytrilaut. Í gördunum við sumarbústaðina standa enn nokkrir runnar af garðarifsberjum og sólberjum. Fuglar hafa sótt mikið í berin á haustin og dreift fræjunum víða. Í lúpínubreiðunum og víða í skógarlundum hafa vaxið upp fjölmargir runnar af garðarifi og bera þeir nú mikið af berjum. Tveir sjálfsáðir sólberjarunnar hafa komið í ljós ofan við Eystrilaut eftir að lúpínan fór að hörfa þar og eru þeir farnir að koma með ber. Af flestum þeirra erlendu víðitegunda sem

gróðursettar hafa verið á svæðinu eru til einstaklingar af báðum kynjum og þroska þeir fræ í flestum árum. Viðja var gróðursett 1963 og fljótlega fóru að finnast sjálfsáðar viðjuplöntur bæði á athugunarsvæðinu og víða í nágrenninu. Þessir afkomendur eru margbreytilegir í útliti, sumir eru að verða snotur lítil tré en aðrir margstofna runnar. Líklegt er að eitthvað sé þarna um bastarða gulvíðis og viðju en engin athugun hefur verið gerð á því. Það hafa aðeins fundist tvær sjálfsáðar plöntur af alaskavíði á athugunarsvæðinu en sjálfsáður alaskavíðir er orðinn algengur á höfuðborgarsvæðinu og víða um land. Á eyrum við Klofningslækinn fannst sjálfsáin planta af gljávíði 2003 og tvær aðrar nokkru seinna. Kvenplöntur af gljávíði eru óvíða ræktaðar og munu þessar plöntur vera fyrstu sjálfsáðu plöntur tegundarinnar sem fundist hafa hér á landi <sup>17</sup>. Fyrsta sjálfsáða greniplantan fannst 1970, hún dó árið eftir. Síðan hafa fundist nokkrar aðrar í hálfgrónum melum og röskuðu landi og vaxa þær að vonum hægt í svo ófrjóum jarðvegi. Stafafururnar bera töluvert af könglum en ekki hafa fundist sjálfsáðar plöntur á sjálfu athugunarsvæðinu, en rétt vestan við Ytrilaut eru tvær myndarlegar sjálfsáðar plöntur. Fræi úr stafafurukönglum hefur nokkrum sinnum verið dreift á hálfgróin svæði og er töluvert af fallegum ungum furum að vaxa upp af því.

## Vanþrif og sjúkdómar

Enda þótt fjöldi aðkomutegunda hafi sest að á athugunarsvæðinu og þrifist þar með ágætum hefur einnig mikið af þeim tegundum sem gróðursettar voru veslast upp og horfið. Gildir það jafnt um innlendar tegundir sem erlendar. Ástæðurnar eru magvíslegar, í nokkrum tilvikum hefur verðurfar eða jarðvegur ekki hentað og plönturnar dáíð vegna þess eða að þær hafa ekki náð nægum þrótti til að standast samkeppni við þann gróður sem fyrir var. Á vetrum skemmdust oft grannir trjástofnar af skarabruna, en það er þegar skafrenningur fer með miklum hraða eftir sléttu harðfenni og skefur börkinn af trjágreinum. Einnig bækludust tré oft illa af snjóþyngslum þegar skaflar hlóðust upp í lautum innan við jaðra trjálundanna. Þessar skemmdir urðu einkum á fyrstu árunum en nú, þegar skjólsælla er orðið á sjálfu svæðinu og sjálfsáinn trjágróður og hávaxin lúpína er farinn að vaxa utan þess, hreyfir snjó miklu minna og liggur miklu jafnar yfir svo að umtalsverðir skaflar hafa ekki hlaðist upp undanfarin ár. Aftur á móti er vor- og haustkal orðið algengara í dældum og giljum þegar kalt loft sígur þangað niður um nætur og sest um kyrrt. Stórlega hefur dregið úr skemmdum vegna frostlyftinga sem einkum verða við tíð umskipti milli frosts og þíðu og myndun ísnála í yfirborði jarðvegs svo sem í flögum, melum og annars staðar þar sem gróðurlítið er. Gróðurlausir blettir eru að verða fáséðir svo að þetta vandamál er nánast úr sögunni.

Sjúkdómar og pöddur herja árlega á villtan gróður en valda sjaldan umtalsverðu tjóni. Lirfur ýmissa tegunda skordýra draga árlega úr vexti á birki og víði en valda ekki varanlegum skaða. Furulúsin, *Pineus pini*, sem gerði næstum út af við allar skógarfurur á sjötta og sjöunda áratugnum, hefur lítið haft sig í frammi upp á síðkastið og grenilúsin, *Cinara pilicomis*, hefur stungið sér niður af og til en trén, sem hún herjaði á, hafa náð sér aftur á nokkrum árum. Seinustu árin hefur orðið vart við greniryð, *Chrysomixa abietina*, og hafa fáeinar ungar pöntur drepist af þess völdum. Fyrir um það bil tuttugu árum lagðist greinaþurrksveppurinn, *Gremmelliella abietina*, á lund af heiðafuru og varð að fella hann nær allan. Þessi lundur stóð í djúpri laut og hafði legið lengi undir skafl veturinn á undan. Sveppir af ættkvíslinni *Taphrina* hafa lagst á allan hegg og gráöl á svæðinu. Heggveppurinn *T. pruni* barst að öllum líkindum með fyrstu heggplöntunum sem voru gróðursettar á sjöunda áratugnum en ekki varð vart við sveppinn *T. alni* í gráölum fyrr en kringum 1990. Þessir sveppir virðast ekki skaða trén að öðru leyti en því að æxlunarfæri

trjáanna afmyndast svo að fræmyndun verður nánast engin. Ryðsveppurinn *Melampsora larici-pentandrae* hefur herjað á gljávíðinn í nokkur ár einkum á tré frá norðanverðri Skandinavíu og önnur tegund ættkvíslarinnar *M. epitea*, sem hefur löngum sótt á íslensku víðitetgundirnar, er farin að leggjast á seljur upp á síðkastið.

## Umraeda

Eins og áður hefur komið fram hef ég alla tíð haft áhuga á þróun og sérsvið mitt innan grasafraedinnar er einkum þróun tegunda, samskipti þeirra innbyrðis og við umhverfið. Hér á svæðinu umhverfis Kálfamóa hef ég í meira en sextíu ár verið vitni að þeim gróðurfarsbreytingum sem átt hafa sér stað á hefðbundnu íslensku búsetulandslagi eftir að hætt var að nýta það til beitar. Hér hefur ýmist verið um að ræða framvindu á svæðum þar sem mismunandi ræktunarinngríp hafa átt sér stað eða þar sem náttúran hefur fengið að vinna út frá þeim forsendum sem fyrir voru á staðnum þegar beit slepti. Það hefur verið ævintýri líkast að fá að fylgjast með uppveiti skógarlunda með fjölbreyttum undirgróðri þar sem trén eru að nálgast tuttugu metra. Einnig að horfa upp á flagmóa breytast í frjósamar flatir með hávöxnu blómstöði. Og þá ekki síður að sjá lúpínuna græða upp örfoka mela, hörfa síðan eftir að hafa lokið hlutverki sínu og ný gróðursamfélög þróast í þeim frjósama jarðvegi sem hún skildi eftir. Allar þessar breytingar, sem mér hefur auðnast að upplifa, eru þó ekki nema fyrstu skrefin í þeirri þróun sem mun halda áfram á næstu öldum.

Það hefur nú sýnt sig að gróðurskilyrði hér á landi eru allt önnur og betri en almennt var talið fyrir rúmlega hálfri öld og ekki er ólíklegt að þau eigi enn eftir að batna fari loftslag á jörðinni hlýnandi eins og flest bendir til. Núna er landnýting á láglandi víða að breytast og þar á gróðurfar eftir að taka algjörum stakkaskiptum. Áætlanir eru um að auka skógrækt til muna og í nýskógunum á bæði jarðvegur og allt gróðurfar eftir að gjörbreytast. Frjósemi jarðvegs á einnig eftir að aukast á öllum öðrum svæðum sem ekki verða nýtt til beitar en tegundasamsetning gróðurlendanna verður önnur þar og breytingarnar ganga hægar fyrir sig en í skóglendinu.

Margt er á huldu um uppruna flóru Íslands en miðað við stærð landsins og fjölbreytta staðhætti eru hér fáar tegundir æðplantna. Flestar tegundirnar eru svalviðrisgróður og útbreiðsla hitakræfari tegunda, sem enginn vafi leikur á að hafa borist til landsins eftir seinasta kuldaskið ísaldar, er yfirleitt mjög takmörkuð. Vegna einangrunar landsins hefur fjöldi tegunda, sem hér eru vaxtarskilyrði fyrir, ekki enn náð að berast til landsins. Á síðari hluta aldarinnar sem leið lagðist beit víða af umhverfis þéttbýli og í friðlöndum. Eftir það hefur fjöldi erlendra plantna ílenst hér og þær eiga vafalaust eftir að verða fleiri á komandi árum. Sumar þeirra eru illgresi sem hafa fylgt mannkyninu eftir að það fór að yrkja jörðina. En flestar þeirra plantna, sem hafa breiðst eitthvað að ráði út fyrir ræktarlönd, eru landnemagróður, en svo kallast tegundir sem eru fljótar að setjast að þar sem gróðurfar hefur raskast og verða oft ríkjandi um skeið. Vægi þessara tegunda minnkar eða þær hverfa á síðari stigum gróðurframvindunnar. Sem þekkt dæmi um landnemattegundir eru alaskalúpína, hóffifill og skógarkerfill, en nokkrar innlendar tegundir gegna svipuðum hlutverkum svo sem ætihvönn, njóli og sigurskúfur. Ýmsum hefur staðið stuggur af framrás þessa gróðurs og talið að hann spilli nátturlegu íslensku gróðurfari. Út frá lögmálum náttúrunnar teljast bithagar búsetulandslag en ekki náttúrlegt gróðurfar. Ef hætt er að nýta þá leitast náttúran við að þróa þar gróðursamfélög sem best hæfa þeim gróðurskilyðum sem

staðhættir bjóða upp á. Það hefur sýnt sig að skógur er hið eðlilega gróðurfar á láglandi Íslands, en á nútíma hefur flóra landsins búið yfir mjög fábreytum trjágróðri og skógarbotnstegundir eru af skornum skammti. Til þess að fjölbreyttir skógar geti vaxið upp nægja ekki þær tegundir sem voru fyrir í landinu. Nýjar varmakærar blómpöntur myndu einnig verða til þess að fjölbreyttari gróðursamfélög gætu myndast á bersvæði.

Haldi loftslag áfram að hlýna á jörðinni færast núverandi gróðurbelti jarðar hér á norðurhveli lengra til norðurs og hærra til fjalla. Á Íslandi eiga fleiri nýjar tegundir eftir að ilendast, hvort heldur þær slæðast með innfluttum varningi, dreifast út frá ræktunarlöndum eða verða markvisst gróðursettar. Sumir óttast að skógrækt og innflutningur framandi tegunda eigi eftir að útrýma upprunalegum tegundum úr flórunni og breyta ásýnd landsins svo óafturkræft verði. Við landnám gjörbreytti búsetan öllu gróðurfari og það landslag sem við þekkjum er ekki sambærilegt við það sem forfeður okkar komu að. Enda þótt þær breytingar sem eru að eiga sér stað á atvinnuháttum þjóðarinnar hafi umtalsverð áhrif á ásýnd landsins, verður að öllum líkindum áfram stundaður landbúnaður á stórum hluta landsins og með hæfilegri nýtingu haglenda haldast núverandi gróðursamfélög þar við. Hin upprunalega svalviðrisflóra mun áfram klæða útnes, heiðar og hálendi landsins eins og hún hefur gert frá örófi alda.

Það er nauðsynlegt að fylgjast vel með þeim breytingum sem eru að eiga sér stað á íslensku gróðurfari og geta stuðlað að heillavænlegri gróðurframvindu á uppgræðslusvæðum og í nýskógum. Ekki er allur innfluttur gróður æskilegur og fyrir öllu er að rétt planta berist á réttan stað. Til þess að svo megi verða þarf að nýta alla þá reynslu sem þegar er fyrir hendi. Á gömlu útivistarsvæðum Reykjavíkur hafa ný gróðursamfélög verið að byggjast upp í meira en hálfra öld og þar getur að líta ferla sem ýmist má fylgja eða forðast. Hér á Kálfamóasvæðinu var það haft efst í huga við gróðursetningar seinustu áratuginna að efla þá gróðurframvindu sem þar á sér stað og koma fyrir tegundum sem hæfa þeim nýju gróðursamfélögum sem þar eru að myndast. Til að þessar upplýsingar megi varðveitast hefur rit þetta verið fært í letur.

## Þakkir

*Rit þetta er unnið fyrir Umhverfissvið Reykjavíkur og er ég stjórnendum þess sérstaklega þakklátur fyrir að hafa gert mér kleift að koma frá mér þessu verki. Margir hafa stuðlað að því að unnt var að friða þá landspildu, sem hér var fjallað um, og að jafnfjölbreytt gróðurfar og þar er hefur náð að þróast. Öll þessi sextíu ár hefur fjölskylda mín möglunarlaust umborið hve miklum tíma*



*ég hef eytt í umhirðu gróðurs og athuganir. Ég hef átt einstaklega góð samskipti við forstöðumenn Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og margt af starfsfólki hennar. Nú seinustu árin hafa nokkrir starfsmenn Garðyrkjudeildar Reykjavíkurborgar rétt mér hjálparhönd við trjásmælingar og grisjun. Grunnmyndin, sem myndin af reitarskiptingunni á bls. 7 er unnin á, er fengin hjá Landupplýsingakerfi Reykjavíkur. Hörður Kristinsson, grasafraeðingur, Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri, og kona mín, Hrafnhildur K. Jónsdóttir, hafa lesið yfir handrit og komið með margar gagnlegar ábendingar. Öllum þessum og öðrum sem aðstoð hafa veitt færi ég mínar bestu þakkir.*



*Haust og vetur. Horft af Keldnaveginum yfir vestari hluta Kálfamóans og þaðan sést upp í Kúalaut.*



# Flóra Kálfamóasvæðisins

## Skýringar við upprunatakni:

N = Innlend tegund, upphaflega á staðnum.

A = Innlend tegund, aðflutt.

Í = Ílend tegund, aðflutt.

E = Eftirstöðvar frá ræktun fyrir 1947.

R = Tegund sem hefur verið gróðursett á svæðinu 1947 og síðar.

S = Tegund sem hefur borist inn á svæðið án þess að vera flutt þangað af ásetningi.

Æ = Aðflutt tegund sem hefur sáð sér á svæðinu.

## *Pteridophyta* BYRKNINGAR

### *Lycopodiatae* JAFNAR

#### 1. *Selaginellaceae* MOSAJAFNAÆTT

*Selaginella selaginoides* (L.) P. Beauv. ex Schrank & Mart. - MOSAJAFNI - [N]. Mosajafni finnst hér og þar í þurru mólendi.

### *Equisetatae* ELFTINGAR

#### 2. *Equisetaceae* ELFTINGAÆTT

*Equisetum arvense* L. - KLÓELFTING - [N]. Klóelfting vex víðast hvar á svæðinu.

*Equisetum hyemale* L. - ESKI - [A]. Tvær plöntur úr Heiðmörk voru gróðursett á sjöunda áratugnum sunnan og austan við Klofningslæk. Hafa þær dreift töluvert úr sér með jarðrenglum.

*Equisetum palustre* L. - MÝRELFTING - [N]. Mýrelfting vex víða umhverfis Klofningslæk.

*Equisetum pratense* Ehrh. - VALLELFTING - [N]. Vallelfting vex hér og þar á svæðinu.

*Equisetum variegatum* Schleich. - BEITIESKI - [N]. Beitieski er algengt í holta- og heiðagróðri.

### *Filicatae* BURKNAR

#### 3. *Opioglossaceae* NAÐURTUNGUÆTT

*Botrychium lunaria* (L.) Sw. - TUNGLJURT - [N]. Tungljurt kemur fyrir hér og þar innan um heiðagróður og í valllendi.

#### 4. *Woodsiaceae* LIÐFÆTLUÆTT

*Athyrium distentifolium* Tausch ex Opiz - ÞÚSUNDBLAÐARÓS - [A]. Planta af þúsundblaðarós var gróðursett við lækinn í R5 á sjöunda áratug aldarinnar sem leið og hefur hafist vel við þar síðan.

*Athyrium filix-femina* (L.) Roth - FJÖLLAUFUNGUR - [A]. Fjöllaufungur var fluttur í R1 á sjöunda áratug síðustu aldar og hefur haldist við þar síðan.

*Gymnocarpium dryopteris* (L.) Newman - ÞRÍLAUFUNGUR - [A]. Þrílaufungur var gróðursettur í R1 á sjöunda ártugnum og hefur haldist þar við og breiðst lítills háttar út með jarðrenglum.

*Matteuccia struthiopteris* (L.) Tod. - KÖRFUBURKNI - [R]. Planta frá Noregi var gróðursett 1974 í R1. Nokkru seinna var plöntunni stolið, en sprotar frá jarðrenglum hafa komið upp þar í kring en ekki náð miklum vexti.

#### 5. *Dryopteridaceae* SKJALDBURKNAÆTT

*Dryopteris carthusiana* (Will.) H. P. Fuchs - SKÓGARBURKNI - [R]. Tvær plöntur af skógarburkna komu upp hjá mér inni í gróðurskála, í blómapotti sem var með innfluttri mold. Þessar plöntur voru gróðursett 2002 í birkilund í R3 og hafa haldist þar vel við til þessa. Ein planta enn sem kom til á sama hátt var gróðursett 2004 í R4 og virðist vaxa eðlilega.

*Dryopteris filix-mas* (L.) Schott. - STÓRIBURKNI - [A]. Stóriburkni var gróðursettur í R2 á sjöunda áratug seinustu aldar og hefur verið þar síðan.

## *Spermatophyta* FRÆPLÖNTUR

### *Coniferophytina (Gymnospermae)* BERFRÆVINGAR

#### 6. *Pinaceae* ÞALLARÆTT

*Abies concolor* (Gord. et Glend.) Lindl. ex Hildebr. - HVÍTÞINUR - [R]. Planta sem gróðursett var í R2 árið 1986 hefur vaxið hægt en áfallalítið.

*Abies lasiocarpa* (Hook.) Nutt. - FJALLAÞINUR - [R]. Tvær fjallaþinsplöntur, sem gróðursett voru 1986 í R2 og 1987 í R5, hafa báðar vaxið hægt en áfallalítið.

*Abies sachalinensis* (Fr. Schmidt) Mast. - EYJAÞINUR - [R]. Ein planta af eyjaþin var gróðursett 1986 en hún hefur vaxið afar lítið.

*Larix decidua* Mill. - EVRÓPULERKI - [R]. Nokkur tré af evrópulerki frá 1988 í R5 hafa vaxið allvel á seinni árum. Plöntum frá 1998 og 2004 í R5 og 6, sem eru enn litlar, hætta til að skemmast af völdum næturfrosta sem koma snemma á haustin.

*Larix gmelinii* (Rupr.) Kuzeneva - DÁRÍULERKI - [R]. Ein planta af dáríulerki, sem var ræktað upp af fræi frá Vladivostoch í tilraunastöðinni í Hörholm í Danmörku, var gróðursett 1988 norðvestarlega í R5. Hún er um 5 m há, hefur vaxið fremur hægt en áfallalaust.

*Larix laricina* (Du Roi) K. Koch - MÝRALERKI - [R]. Til er ein planta af mýralerki frá 1994 og vex hún mjög hægt.

*Larix lyalli* Parl. - FJALLALERKI - [R]. Til er ein planta af fjallalerki frá 1988 á flötinni í R5. Hún er mjög aðþrengd af nærliggjandi trjám og hefur vaxið hægt en áfallalaust.

*Larix occidentalis* Nutt. - RISALERKI - [R]. Til er ein planta af risalerki frá 1997 í R3 og hefur hún vaxið fremur hægt en áfallalaust.

*Larix sibirica* (Münchh.) Ledeb. s.l. - SÍBERÍULERKI - [R]. Hér er fjallað um tegundina í víðri merkingu. Til eru tré af mismunandi aldri, þau stærstu frá því fyrir 1955 í R3 og þau yngstu frá 1997 í R5 og 6. Vöxtur er sæmilegur en mismunandi eftir árgöngum

og vaxtarstað. Á fyrstu árunum skemmdust plöntur iðulega af vorfrostum. Hugsanlegt er að tré sem gróðursett voru í R5 kringum 1970 séu bastarðurinn *L. x eurolepis* A. Henry.

*Picea abies* (L.) Karst. - RAUÐGRENI - [R]. Til eru nokkur rauðgrenitré á mismunandi aldri allt frá 1952 til 1990 og standa þau hér og þar á svæðinu. Í köldu árferði hafa þau vaxið lítið, en nú á seinustu árum, sem hafa verið með betra móti, eru þau að ná sér.

*Picea engelmannii* (Parry) Engelm. - BLÁGRENI - [R]. Dálítið af blágreni var gróðursett 1987. Plönturnar skemmdust nokkrum sinnum í vorfostum en nú eru þau komin yfir versta hjallann og virðast vera að ná sér á strik.

*Picea mariana* (Mill.) B.S.P. - SVARTGRENI - [R]. Nokkrar svartgreniplöntur frá 1991 og 2001 standa í R5 og 6, en hafa lítið vaxið.

*Picea pungens* Engelm. - BRODDGRENI - [R]. Dálítið af broddgreni var gróðursett í R4 í kringum 1960. Hafa þau þrífist fremur illa en hæsta tréð er þó rúmlega 7 m hátt.

*Picea sitchensis* (Bong.) Carr. - SITKAGRENI - [R,S]. Þrjú elstu trén, sem standa í R2, komu úr gróðrarstöð Skógræktar ríkisins í Múlakoti vorið 1947 og eru þær af kvæminu Copper River Vally. Plönturnar voru um 30 sm háar og í lélegu ástandi þar sem þær höfðu lent undir óskufalli úr Heklugosinu á útmánuðum það ár. Þessi tré uxu hægt en alltaf áfallalaust og er hið hæsta 15 m hátt. Skömmu seinna fékk ég handfylli af grenifræi, af kvæminu Picot Bay, sem ég sáði og voru fyrstu plönturnar gróðursettar 1952 og er langmest af greninu í R3 úr þeirri sáningu. Rúmlega helmingur plantnanna drapst í aprílhrétinu 1963. Elstu grenitrén þarna eru nú í kringum 15 m há. Dálítið var gróðursett af sitkagreni á árabílinu 1956 – 2003 og eftir 1991 hafa allar plönturnar verið af íslensku fræi. Fyrstu íslensku plönturnar voru gróðursettar 1969 rétt austan við R2. Árið 1991 var gróðursettur lundur af plöntum sem voru aldar upp af fræi af trjánum frá 1947 í R5, rúmum 10 m sunnan við gömlu trén. Urðu þær oft fyrir áföllum af seinum vorfrostum meðan þær voru litlar en eru nú farnar að vaxa vel. Fyrsta sjálfsáða greniplantan á svæðinu fannst árið 1970 í Ytrilaut, en hún lifði aðeins í nokkur ár. Sjálfsáðar plöntur finnast nú árlega og er sú hæsta sem fannst 1993 komin á annan metra.

*Pinus cembra* L. - LINDIFURA - [R]. Hnefayfylli af lindifurufraei frá Hallormstað var sáð 1986 og átta árum síðar fannst planta sem nú er u.þ.b. tveggja metra há. Á seinni árum hefur verið gróðursett dálítið af plöntum af ýmsum uppruna, bæði frá Hallormsstað í R2 og úr Ölpunum í R6, vaxa þær hægt en að mestu áfallalaust.

*Pinus contorta* Dougl. - STAFAFURA - [R,S]. Fyrstu stafafururnar voru gróðursettar í Ytrilaut á sjötta áratug aldarinnar sem leið og eru nú hin myndarlegustu tré, allt að 8 m há. Stafafurum var plantað í R5 kringum 1970 og síðan af og til eftir 1997. Uppruni þessara plantna er yfirleitt óþekktur að undanskildum nokkrum sem eru af íslensku fræi og tveggja kvæma frá 1997 sem eru frá stöðum með mismundi loftslagi í Alaska. Nokkrum sinnum hefur verið dreift smávegis af íslensku fræi og eru víða að vaxa upp fallegar plöntur af því fræi en ekki er hægt að staðfesta hvort eitthvað af þeim séu ekki hreinlega sjálfsáðar. Tvær sjálfsáðar plöntur hafa fundist utan svæðisins, rétt vestan við efstu fururnar í R3 og er önnur þeirra komin á annan metra. Í R7a eru nokkrar ungar furuplöntur sem eru örugglega sjálfsáðar.

*Pinus mugo* Turra - FJALLAFURA - [R]. Ein planta var gróðursett í R5 í lok 7. áratugarins. Hún er lágvaxin en breiðir mikið úr sér og ber árlega köngla með þroskuðu fræi. Til eru nokkrar yngri plöntur af tveimur kvæmum úr austurísku Ölpunum sem hafa þrífist vel fram til þessa.

*Pinus peuce* Griseb. - BALKANFURA - [R]. Í R4 stendur eitt tré

sem gróðursett var í kringum 1960 og óx mjög hægt í fyrstu, en hefur nú náð um það bil 5 m hæð.

*Pinus pumila* (Pall.) Regel - RUNNAFURA - [R]. Til eru tvær plöntur af runnafuru. Sú eldri, sem er af fræi frá Kúrileyjum, var gróðursett 1988 og er ekki enn nema 25 sm hár brúskur. Hin, sem er af óþekktum uppruna og eitthvað yngri, er að byrja að teygja úr sér.

*Pinus x rotundata* Link - HEIÐAFURA - [R]. Á sjötta áratugnum var verið að selja furuplöntur sem ræktaðar höfðu verið upp af fræi frá Danmörku og virðast vera af blendingstegundinni *P. x rotundata*, sem var mikið gróðursett á heiðum Jótlands á 19. öld<sup>4</sup>. Allnokkuð var gróðursett af slíkum plöntum í R4 í Ytrilaut en þær sýktust lang flestar af greinaþurksvepp og voru felldar 1986. Örfáar plöntur, sem sýktust vægar, standa eftir, en eru til lítilrar þrýði. Tvær plöntur af fræi af gömlu furunum í Rauðavatnsstöðinni voru gróðursettar árið 2000 í R5. Þessar síðastnefndu plöntur eru beinvaxnar og virðast þrífast með ágætum. Líklegt er að þær séu einnig af blendingstegundinni *P x rotundata*, en frá Jótlandi kom megnið af þeim barrplöntum sem gróðursettar voru við Rauðavatn. Lagt er til að þessi blendingstegund kallist heiðafura á íslensku og er það gert með tilvísun til uppruna hennar á jósku heiðunum.

*Pinus sylvestris* L. - SKÓGARFURA - [R]. Dálítið af skógarfuru var gróðursett 1952. Lúsafaraldur sem herjaði á skógarfururnar drap þær allar nema eina, sem aldrei sást lús á. Hún óx hægt en var alltaf með dökkgrænt barr og einu áföllin sem hún varð fyrir var þegar stórar greinar rifnuðu af henni undan miklum snjóskaffi sem hlóðst upp við hana 1994. Hún hefur nú jafnað sig til fulls. Þessi fura ber fræi í flestum árum og 1988 var sáð fræi af henni og standa nokkrar plöntur í R5 og 6. Á flötinni í R5 er einnig ein planta ættuð úr Dovrafjöllum í Noregi.

*Pinus uncinata* Mill. ex Mirb. - BERGFURA - [R]. Nokkrar bergfukur voru gróðursettar efst í Ytrilaut um 1960, en 1964 var sett belti austur af R2 í R5 og smá lundur syðst í reitnum. Þetta eru nú falleg tré, það hæsta 8 metra hátt. Þær blómgast árlega með karlblómum en kvenblóm hafa aldrei sést á þeim. Á þessum áratug hafa verið gróðursettar nokkrar plöntur af fræi úr Ölpum og Pyreneafjöllum. Standa þær á ýmsum stöðum í R6 og nálægt SA horni í R5.

*Pseudotsuga menziesii* (Mirb.) Franco - DÖGLINGSVIÐUR - [R]. Ein planta af döglingsviði frá 6. áratugnum sem stendur í R3 var orðin svo aðþrengd 1985 að einungis voru nokkrar lifandi greinar í toppnum. Eftir að grísað var frá henni hefur krónan verið að stækka og tréð allt að hressast. Nokkrar plöntur, sem gróðursettar voru í sama reit 1993, hafa flestar drepist en einar þrjár lifa án þess að hafa vaxið neitt að ráði.

*Thuja plicata* Donn ex D. Don. - RISALÍFVIÐUR - [R]. Ein risalífviðarplanta sem gróðursett var 1997 í R4 hefur lifað en vaxið mjög hægt, er núna rúmlega 50 sm.

*Tsuga heterophylla* (Raf.) Sarg. - MARÞÖLL - [R]. Tvær marþallarplöntur, sem gróðursettar voru 1986 í R2, hafa vaxið hægt en áfallalaust og eru nú um tveggja metra háar. Nokkrar plöntur sem voru gróðursettar í Ytrilaut 1993 hafa barist í bökkum, en sumar eru að ná sér á strik á seinustu árum.

*Tsuga mertensiana* (Bong.) Carr - FJALLAÞÖLL - [R]. Tvær fjallaþallarplöntur sem gróðursettar voru 2004 í R3 lifa en vaxa lítið.

## 7. Cupressaceae SÝPRISÆTT

*Juniperus communis* L. - EINIR - [A]. Einiplanta, sem flutt var í R5 um miðjan sjöunda áratuginn, var með mikið af berjum þegar hún var gróðursett. Eftir það bar hún ekki ber fyrr en nokkrar karlplöntur

voru gróðursettar í nágrenni hennar 1986. Hún hefur breitt mikið úr sér og setur nú mikið af berjum ár hvert. Sama ár og karlplönturnar voru gróðursettar fannst lítil sjálfsáð planta skammt frá upphaflegu plöntunni og er vafalítið vaxin upp af einhverju berjanna sem hún bar þegar hún var gróðursett. Lítil einiplanta sem alin var upp af frá Alaska var gróðursett 1998 hjá hinum einiplöntunum en hefur vaxið hægt.

*Juniperus horizontalis* Moench. - SKRÍÐEINIR - [R]. Tvær plöntur, sem gróðursettar voru 1998 og 2002 nálægt austurhorninu í R5, hafa vaxið sæmilega.

*Juniperus squamata* D. Don. - HIMALAJAEINIR - [R]. Tvær plöntur gróðursettar 1986 og 1997 lifa vel og vaxa sæmilega.

## Magnoliophyta (Angiospermae) DULFRÆVINGAR

### Magnoliatae TVÍKÍMBLÖÐUNGAR

#### 8. Salicaceae VÍÐISÆTT

*Populus balsamifera* L. - BALSAMÖSP - [R]. Árið 1988 var gróðursett planta í R5 sem er græðlingur af hríslu sem stóð í Sveinbjarnarlundi í Elliðaárdal. Ekki er öruggt að greiningin sé rétt og þessi planta hefur iðulega orðið fyrir áföllum og vaxið lítið. Tveir klónar af balsamösp hafa seinna verið gróðursettir í R5, annar frá Yukon í Kanada (1991) en hinn úr nágrenni Anchorage í Alaska (1994 og 1996). Brum þeirra skemmast af og til í vorfrostum en annars vaxa þeir sæmilega.

*Populus tremula* L. - BLÆÖSP - [A,R]. Blæösp var fyrst gróðursett 1964 og er sá klón að öllum líkindum kominn úr Grundarreitnum í Eyjafirði og af dönskum uppruna. Honum hefur verið dreift á nokkra staði í R5 og 6 og breiðist mikið út með rótarteinungum. Lágvaxnar plöntur af þessum klóni skemmast oft í haustfrostum, en þegar þær hafa náð um það bil tveggja metra hæð fara þær að vaxa áfallalítið. Á árunum frá 1986 til 1997 voru gróðursettir 9 klónar þar af þrjár íslenskir frá Egisstöðum, úr Jörvík og Garði, fjórir norskir og tveir af óþekktum uppruna. Þessir klónar, sem standa allir í R5, eru mjög ólíkir, allar plönturnar fara hægt af stað en þegar þær hafa myndað nægilegt rótarkerfi vaxa þær eðlilega.

*Populus tremuloides* Michx. - NÖTURÖSP - [R]. Innflutt planta sem seld var undir nafninu nöturösp var gróðursett í R5 kringum 1965, ekki er öruggt að þarna sé um *P. tremuloides* að ræða. Þessi planta kól oft fyrstu árin, en þrátt fyrir það er hún beinvaxin og nú á seinni árum hefur hún vaxið vel, er orðin 6 m há og dreifir sér víða með rötarsprotum. Planta frá Alaska var gróðursett 2003 í R6. Hún skemmdist illa við gróðursetninguna en er nú að ná sér.

*Populus tremula* × *P. tremuloides* [R]. Planta af barstarði blæspar og nöturaspar úr tilraunagarðinum við erfðafræðideild Landbúnaðarháskólans í Uppsöllum var gróðursett 1988 í R5, hefur hún vaxið líkt og blæsparplönturnar.

*Populus trichocarpa* Torr. & Gray. - ALASKAÖSP - [R]. Mikið er til af alaskaöspum á svæðinu. Tvö elstu trén eru upphaflega gróðursett 1950. Þau standa í R7a, virðast vera sami klóninn, eru þröttlítil og raunar lélegustu alaskaöspirnar á svæðinu. Öll trén sem gróðursett voru fyrir 1963 kól niður að rót þá um vorið, að undanskilinni tveimur í R7a, sem skemmdust illa, og svo eru þrjú myndarleg tré vestast í R7, greinilega öll af sama klóni, sem virðast hafa sloppið óskemmd. Hæsta tréð á svæðinu, 17,4 metra hátt, stendur í R3 og er vaxið upp af rótarteinungi eftir að tréð sem upphaflega var gróðursett kól niður. Trén á svæðinu eru á ýmsum aldri og af mismunandi uppruna, oftast óþekktum. Á árabílinu 1986 – 2000 safnaði ég græðlingum af nokkrum sérstaklega fallegum öspum í Reykjavík sem átti að fella og gróðursetti síðar eina eða tvær plöntur af hverjum klóni á flötinni í R5. Vorið 1977 voru gróðursettar um 30 aspir sem voru aldar upp af

fræi af fallettri ösp sem stendur við hlaðið á Keldum. Voru þær settar nálægt vestur- og suðurmörkunum á R5 og nokkrar í R6. Eru þetta nær undantekningalaust einstaklega falleg ung tré.

*Salix alaxensis* (Anderss.) Cov. - ALASKAVÍÐIR - [I,Æ]. Allmikið af alaskavíði var gróðursett á árunum milli 1982 og 2000. Voru það bæði ýmsir þekktir klónar frá Alaska og plöntur aldar upp af íslensku fræi. Plönturnar frá Alaska eru misfrostþolnar eftir kvænum en alaskavíðir gerir einnig ákveðnar kröfur til jarðvegs. Plöntur sem standa í malarkenndum jarðvegi hafa yfirleitt vaxið vel, en tegundin virðist kunna síður við sig í siltjarðvegi og mikið af plöntum, sem gróðursettar voru þar, vesluðust upp og drápust, nema þar sem borið var rikulega á þær fyrstu árin. Sjálfsáðar plöntur hafa fundist á eyrunum við Klofningslæk og á melnum í suðausturhorninu á R5.

*Salix arbuscula* L. - HRÍSVÍÐIR - [R]. Tvær plöntur af sama klóni, sem eru upphaflega frá Hardangervidda í Noregi, hafa staðið lengi í lyngmóa og mynda þéttan runna sem fellur vel inn í gróðurlendið.

*Salix arbusculoides* Anders. - LÆKJAVÍÐIR - [R]. Planta frá Alaska, sem gróðursett var 1987 í rakt flag sunnarlega í R5, er orðin umfangsmikill runni rúmlega tveggja metra há en hefur kalið nokkuð sum árin.

*Salix arctica* Pallas - FJALLAVÍÐIR - [N,R]. Fjallavíðir er upprunalegur á nokkrum stöðum í bókunum umhverfis Klofningslæk. Staða hans hefur ekki breyst við friðun landsins svo séð verði enda hafa gróðurhverfin þar sem hann vex tekið einna minnstum breytingum. Tvær plöntur hvor af sínu kyni af deilitegundinni *subsp. sphenophylla* A. Skv. frá Koniskaga í Austur-Síberíu, voru gróðursettar í R5 haustið 1992 og virðast vaxa eðlilega. Planta, sem er alin upp af fræi af færeyskum fjallavíði sem óx í garði við Grafarvog, var gróðursett 1994 í gamla bústaðsstæðinu í R5.

*Salix aurita* L. - EYRNAVÍÐIR - [R]. Planta úr Sognfirði í Noregi, sem gróðursett var 1992 í R5, hefur þrífist mjög illa og er í dauðateygjunum.

*Salix barrattiana* Hook. - ÞÚSTAVÍÐIR - [R]. Ein planta af yrkinu 'Bústa' var gróðursett 1995 í lyngmóa í R5. Þetta er jarðlægur runni sem virðist kunna vel við sig og fellur vel inn í umhverfið, en vex hægt.

*Salix bebbiana* Sarg. - BITVÍÐIR - [R]. Planta sem sennilega er bitvíðir var gróðursett í reskihaug rétt sunnan við Klofningslæk á sjöunda áratug aldarinnar sem leið. Þetta er núna rúmlega mannhæðarhár, þéttur og umfangsmikill runni. Tvær plöntur hvor af sínu kyni, sem gróðursettar voru 1993 og 1994 í bústaðsstæðið í R5, hafa vaxið vel, en aðrar sem settar voru í malarjarðveg sunnarlega í reitnum vesluðust upp og drápust.

*Salix candida* Flugge - BJARTVÍÐIR - [R]. Ein planta var gróðursett í byrjun níunda áratugarins. Hún hefur ekki þrífist vel og virðist ekki eiga neina framtíð fyrir sér.

*Salix caprea* L. - SELJA - [R]. Mikið hefur verið gróðursett af seljum frá 1985. Eru þær flestar afkomendur seljanna í Grasagarði Reykjavíkur, einnig er lítill lundur fá Oppdal í Noregi sem var gróðursettur 1989 og svo nokkrar stakar plöntur frá ýmsum stöðum í norðanverðri Skandinavíu. Seljurnar hafa nær undantekningalaust þrífist mjög vel. Þær vaxa hægt í fyrstu á meðan rötarkerfið er að byggjast upp, en eftir það vaxa þær hratt og eru sumar að verða 10 m háar sem er frábær vöxtur af ekki eldri trjám. Blómgun hjá seljunum hefur verið misjöfn fram til þessa, einstaka tré fóru að bera blóm mjög ung en flest af elstu trjám hafa lítið sem ekkert blómgastr. Sjálfsáðar plöntur hafa ekki fundist, en svo lítið er orðið um lítt gróid land á athugunarsvæðinu að smávaxnar víðiplöntur eiga orðið erfitt með að komast á legg.

*Salix dasyclados* Wimm. - FLOSVIÐIR - [R]. Planta sem komin er af gömlum karlkynsklóni að Segulhæð í Elliðaárdal var gróðursett 1988 á flötinni í R5. Hún hefur vaxið sæmilega, en svo virðist sem tegundin geri mjög sérhæfðar kröfur til gróðurskilyrða því að plöntur af ýmsum klónum, sem vaxið hafa í gömlum gördum í Reykjavík, hafa veslast upp og drepist.

*Salix eriocephala* Michx. × *S. rosmarinifolia* L. - [R]. Planta af þessum bastarði, sem varð til við stýrða víxln í Finnlandi, var gróðursett árið 2000. Hún hefur kalið nokkuð flest ár en er orðinn snotur lítill runni.

*Salix glauca* L. - RJÚPUVÍÐIR - [R]. Rjúpuvíðir frá á Hardangervidda í Noregi og sem mun vera *subsp. glauca*, var gróðursett 1988 í NV-horni á R5. Tvær plöntur hvor af sínu kyni sem eru frá SV-Grænlandi voru gróðursett á flötinni í R5 á seinasta áratug aldarinnar sem leið. Grænlandski venslahópurinn er töluvert frábrugðinn þeim sem vex í Norður-Evrópu og flokkast sem sérstök deilitegund, *subsp. callicarpaea* (Trautv.) Böcher <sup>4,5</sup>. Sjö plöntur af stýrði víxln milli *S. g. subsp. callicarpaea* × *subsp. glauca* voru gróðursett 1995 í lyngmóa syðst í R5. Þær uxu mjög hægt í byrjun en eru að taka við sér og blómgastr nú seinustu árin.

*Salix glaucosericea* B. Flod. - ORRAVÍÐIR - [R]. Orravíðir er náskyldur rjúpuvíði og af sumum talin deilitegund innan hans. Fjórar orravíðiplöntur úr Alþafjöllum hver af sínum klónum voru gróðursett á árunum 1965–2006. Þær standa í þyrpingu austarlega í R5, virðast kunna vel við sig og er sú elsta mjög fállegur runni um það bil metra há.

*Salix glaucosericea* × *S. glauca subsp. glauca* - [R] Planta af þessum bastarði, sem varð til við stýrða víxln í Lystígardi Akureyrar, var gróðursett 1996 í R5 og er nú fállegur metra há runni.

*Salix hastata* L. - SÓLVÍÐIR - [R]. Tveir klónar af sólvíði voru gróðursettir 2003 í R5 og R6. Lítil reylna er komin á þá enn en þeir virðast kunna vel við sig.

*Salix helvetica* Vill. - HÉLUVÍÐIR - [R]. Ein planta af héluvíði var gróðursett 1993 í lyngmóa austarlega í R5. Hefur lítið vaxið.

*Salix herbacea* L. - SMJÖRLAUF - [N]. Smjörlauf er mjög algengt í lyngmóum og hálfgrónum melum. Ekki verða greindar neinar breytingar á útbreiðslu þess eða vaxtarþrótt eftir að landið var friðað.

*Salix herbacea* L. × *S. lanata* L. - [N]. Planta sem er eins konar millistig milli smjörlaus og loðvíðis vex á einum stað sunnan við Klofningslæk. Hún hefur stækkað nokkuð og breitt úr sér á seinni árum.

*Salix hookeriana* Barrat - JÖRFAVÍÐIR - [R]. Nokkrir klónar af jörfavíði hafa verið gróðursettir í R5 og R6 á árunum 1982 til 2002. Hafa þeir flestir vaxið vel og eru þeir elstu nú fjögurra til fimm m háir.

*Salix lanata* L. - LOÐVÍÐIR - [N,A,R]. Loðvíðir var frá upphafi nokkuð algengur á svæðinu, einkum í suðurhluta R5. Eftir að landið var friðað hefur honum fjölgað mikið og runnarnir stækkað en venslahópurinn er í eðli sínu lágvaxinn og verða þeir sjaldan meira en einn metri. Nú á seinustu árum virðast nokkrir runnarnir, sem voru stærstir fyrir meira en hálfri öld, vera komnir á aldur og farnir að hröma og ekki annað að sjá en að þeir séu að deyja. Nokkrar plöntur af loðvíði úr öðrum landshlutum hafa verið gróðursettir í R6 og tveir færeyskir klónar sem eru nærri skriðulir voru gróðursettir 1992 í R6.

*Salix lanata* L. × *S. candida* Flugge. - [R]. Tvær plöntur, sem eru bastarðar úr stýrði víxfrjóvgun milli loðvíðis og bjartvíðis, voru

gróðursett 1988 og 1997 í R5. Þær hafa hjarð en lítið vaxið.

(*Salix lanata* × *S. candida*) × *S. candida* Flugge. - [R]. Sex plöntur af bastarðum úr stýrði víxln voru gróðursett 1999 austast í R6. Þessar plöntur hafa allar þrífist illa, hugsanlega vegna vaxtarstaðarins og aðeins tvær eða þrjár lifa enn.

*Salix lapponum* L. - LAPPVÍÐIR - [R]. Planta frá Svíþjóð, gróðursett 1990 í R5, hefur þrífist vel og er núna snotur lítill runni.

*Salix lasiandra* Benth. - LENSUVÍÐIR - [R]. Sinn hvor klóninn frá Alaska voru gróðursettir 1995 og 1996 í lækjargilið í R5. Þeir hafa vaxið dálítið, en oft skemmt af kali.

*Salix myrsinifolia* Salisb. s.l. - VIÐJA - [L,R,E]. Plöntur sem taldar voru *S. myrsinifolia subsp. myrsinifolia* hafa lengi verið til í gördum í Reykjavík og Hafnarfirði og var þeim gefið nafnið dökkvíðir á íslensku <sup>12</sup>. Á fjórða áratugnum barst til landsins sending af víði frá Rognan í Noregi. Voru í þeirri sendingu plöntur af ólíkum klónum en ekkert vísindanafn fylgdi þeim og festist nafnið víðja flótlega við þessar plöntur. Víðjan reyndist vera *S. myrsinifolia* og mun líklega flokkast sem *subsp. borealis* (Fries) Hyl. en klónarnir eru mjög ólíkir. Síðar hefur dálítið af plöntum verið flutt inn af tegundinni auk þess sem hún hefur sáð sér mikið um land allt og telst nú fyllilega ílend. Íslensku viðjurnar eru með eindæmum fjölbreyttar í útliti og tel ég ekki viðlit að fella þær undir neina ákveðna deilitegund en fjalla einungis um þær sem *S. myrsinifolia* s.l. Elsta víðjan á athugunarsvæðinu er upphaflega komin úr Helliggerði í Hafnarfirði. Hún var gróðursett í R3 á sjötta áratugnum og er nú komin á tíunda metra. Töluvert af víðjum, sem voru upphaflega úr sendingunni frá Rognan, voru gróðursett á árunum 1963 og 1964 í R4 og R5 og eru þær sjálfsáðu víðjur, sem síðan hafa spröttið upp á svæðinu og víða utan þess, vafalaust að megininu til afkomendur þeirra. Nokkrar víðjur frá Noregi og Svíþjóð hafa verið gróðursettar síðar og meira að segja ein úr austurrísku Ölpunum svo að genmengi venslahópsins á svæðinu er orðið nokkuð stórt. Margar víðitegundir geta víxlast auðveldlega og talið er að bastarðar víðu og gulvíðis séu algengir víða þar sem báðar tegundirnar vaxa. Á athugunarsvæðinu og utan þess er aragrúi af sjálfsáðum plöntum af báðum þessum tegundum og ekki ólíklegt að eitthvað af þeim séu bastarðar en engin athugun hefur verið gerð á því. Planta af klónum 'Hreggstaðavíði', sem talinn er bastarður þessara tveggja tegunda, var gróðursett 1991 og er nú snoturt lítið tré.

*Salix myrsinites* L. - MYRTUVÍÐIR - [R]. Nokkrir klónar af myrtuvíði frá mismunandi stöðum í Skandinavíu hafa verið gróðursettir í suðurhlutann á R5 á árunum 1976-1992. Allar plönturnar hafa þrífist eðlilega og eru nú lágvaxnir runnar sem falla vel inn í umhverfið.

*Salix pentandra* L. - GLJÁVÍÐIR - [R,E]. Fyrsta gljávíðiplantan var gróðursett í R3 á sjötta áratugnum og var hún af gamla karlklónum 'Schierbeck', en hann er kominn af dönsku tré sem stóð í gamla kirkjugarðinum við Aðalstræti í tæp hundrað ár. Þessi planta er nú orðin um það bil 10 m há. Nokkrar yngri plöntur af sama klóni hafa verið gróðursettar seinna í R5. Kvenklón frá Upplandi í Svíþjóð var gróðursett 1973 í gilbarminn austan við Klofningslæk. Síðan voru nokkrar plöntur af mismunandi klónum úr Tárnedalnum í Norður-Svíþjóð gróðursett 1983 og nokkrar plöntur, sem voru aldar upp af fræjum frá Þrándheimi eftir 1991. Allar þessar síðastnefndu plöntur standa í R5. Þær vaxa hægt á meðan þær eru að byggja upp nægilegt rótarkerfi og er þá hætt við kali, en eftir það hafa þær vaxið vel og áfallalaust nema hvað ryðsveppurinn, *Melampsora larici-pentandrae*, hefur hrjád þær seinustu árin. Kventrén hafa borið fræ í allmörg ár og 1994 voru aldar upp fræplöntur af trénu frá Upplandi og voru þrjár þeirrar gróðursettar síðar í R6 og eru þær þegar farnar að blómgastr og bera fræ. Eftir 2003 hafa nokkrar sjálfsáðar plöntur af gljávíði fundist á eyrunum við Klofningslæk <sup>18</sup>.

*Salix phyticifolia* L. - GULVÍÐIR - [N,R]. Tveir lágvaxnir runnar

af gulvíði uxu við Klofningslækinn áður en svæðið var friðað. Þeir voru þá um það bil hálf metra háir og hafa ekki hækkað mikið síðan, eru þeir nú rúmur metri. Í R6a stóð limgerði af nokkuð hávöxnum gulvíði, sem hugsanlega gæti verið af víðinum frá Sörlastöðum í Fnjóskadal sem mikið var gróðursett af við upphaf skógræktar hér á landi <sup>6,14</sup>. Nokkrar plöntur sem höfðu verið aldar upp af græðlingum úr þessu limgerði voru gróðursettar í R4 á sjötta áratugnum. Eftir að svæðið var friðað hefur vaxið upp mikið af sjálfsáðum gulvíði og eru þeir runnar margbreytilegir og bera ýmist merki þess að vera af lágvaxna Suðvesturlandsstofninum eða þeim norðlenska. Einn sjálfsáðu runnanna laufgast mjög seint á vorin, en það er eiginleiki sem er ekki óalgengur hjá íslenskum gulvíði en kemur ekki fyrir hjá neinum af elstu runnunum á svæðinu sem mikið af sjálfsáðu plöntunum eru komnar af. Á seinni árum voru gróðursettar plöntur af nokkrum þekktum klónum sem hafa verið algengir í garðrækt. eru það 'Glitvíðir', 'Strandavíðir' og 'Brekkuvíðir', en sá síðastnefndi ber ýmiss merki genflæðis frá loðvíði. Einnig hefur verið gróðursett nokkuð af plöntum sem voru aldar upp af fræi af 'Brekkuvíði' sem stóð í garði mínum við Logafold. Enginn annar gulvíðir var þar í garðinum og ógjörningur að segja til um hvaðan flugur hafa borið frjókornin. Flestar plönturnar bera öll einkenni gulvíðis en tvær þeirra gætu verið bastarðar kanadísks rjúpuvíðis sem stóð í sama garði og móðurplantan. Á einum stað sunnan við lækinn er planta af sænskum gulvíði.

*Salix purpurea* L. × *S. rosmarinifolia* L. - [R]. Planta frá Finnlandi, sem er stýrður bastarður purpuravíðis og kirjálavíðis, var gróðursett fyrir fimm árum í R6. Hún vex ágætlega hvert sumar og myndar fallegan lítinn brúsk, en ársprotana kelur árlega.

*Salix repens* L. × *S. lanata* L. - [R]. Nokkrar plöntur, sem eru stýrðir bastarðar skriðvíðis og loðvíðis, voru gróðursettar 1986 nálægt suðausturhorni R5. Eithvað af þessum plöntum lifir enn en þær hafa ekki vaxið mikið.

*Salix rosmarinifolia* L. - KIRJÁLAVÍÐIR - [R]. Planta af kirjálavíði var gróðursett 1992 í lúpinubreiðu nálægt suðausturhorni R5. Hún lifir vel og er nú snotur lítil runni.

*Salix scouleriana* Barratt - SVIDJUVÍÐIR - [R]. Nokkrir klónar af sviðjuvíði sem safnað var nálægt Anchorage í Alaska 1994 voru gróðursettir 1995 nálægt suðausturhorni R5. Þeir hafa vaxið vel og áfallalaust og eru nú um það bil tveggja metra háir runnar.

*Salix sitchensis* Bong - SITKAVÍÐIR - [R]. Tvær plöntur af sitkavíði voru gróðursettar 1986 í og við lækjargilið. Þær hafa vaxið vel og eru nú mannhæðarháir runnar.

*Salix* × *smithiana* Willd. 'Vesturbær' - VESTURBÆJARVÍÐIR - [E,R]. Upphlegra er Vesturbæjarvíðirinn kominn af plöntu sem ræktuð var upp af víðitágum í körfu sem barst til landsins frá Þýskalandi í byrjun 20. aldarinnar. Hann hefur löngum verið flokkaður sem *S.* × *smithiana* en það er nafn á bastörðum körfuvíðis og selju <sup>14</sup>. Held ég mig við þá nafngift hér þótt ég sé efins um að hér sé um bastarð þeirra tegunda að ræða. Gamall vesturbæjarvíðir sem stendur enn í R2 mun hafa verið gróðursettur fyrir 1930. Hann er nú orðinn hrörlegur, einkum vegna þess að stórvaxin grenitré þrengja að honum og flestir meginbolir hans hafa verið sagaðir niður. Græðlingar af honum voru gróðursettir í Ytrilaut á sjötta áratugnum og hafa þeir nú náð um 10 m hæð. Í lækjargilinu eru líka myndarlegir runnar sem uxu upp af greinaafklippum sem bárust þangað með garðaúrgangi. Þar sem uppruni vesturbæjarvíðisins er allsuðlægur lýkur hann ekki vextinum nógu snemma á haustin og kelur árlega eithvað af sumarvextinum. Ber mest á því ef hann er ræktaður í gördum eða í mjög frjósömum jarðvegi. Í Ytrilaut, þar sem hann stendur í þurru malarjarðvegi, ber mun minna á kali og er hann miklu beinvaxnari þar en víðast hvar þar sem hann vex í gömlum gördum.

*Salix* × *smithiana* Willd. × *S. alaxensis* (Anderss.) Cov. - [R]. Tvær

plöntur sem eru bastarðar vesturbæjarvíðis og alaskavíðis og urðu til við stýrða víxlfrjóvgun í Lystigarði Akureyrar, standa í R5. Önnur þeirra er af klóni sem stendur m.a. í Grasagarði Reykjavíkur og var hún gróðursett 1986. Er hún orðin 6 metra há, beinvaxin og litur út fyrir að geta orðið stæðilegt tré. Hin plantan er ekki eins þróttmikil, ef til vill vegna þess að hún stendur í lakari jarðvegi, en virðist einnig hafa tilhneigingu til að verða beinvaxið tré.

*Salix* × *smithiana* Willd. × *S. lanata* L. - [N] Þegar landið innan reitsins R5 hafði verið friðað kom þar upp dálítið af sjálfsáðum víðiplöntum og var vesturbæjarvíðirinn, sem er kvenplanta, greinilega móðirin. Á þessum árum voru engar víðikarplöntur á svæðinu nema þær innlendu og báru fræplönturnar merki þess að loðvíðir væri faðirinn. Þessar plöntur náðu litlum proska og hafa flestar dáði út, nema ein planta í R6 hefur vaxið upp í meðalstóran runna.

*Salix udensis* Trautv. BOLVÍÐIR - [R]. Planta af bolvíði sem er upphaflega komin frá Kamtsjatka var gróðursett við lækinn 1992 og er nú stór og umfangsmikill runni.

*Salix viminalis* L. - KÖRFUVÍÐIR - [R]. Útbreiðslusvæði körfuvíðis er mjög víðfemt og nær yfir mikinn hluta Norðaustur-Evrópu og Vestur-Siberíu og eins og geta má nærri er mikill breytileiki innan tegundarinnar. Á svæðinu hafa verið gróðursettir þrjár klónar en ekki er vitað um uppruna neins þeirra. Elsti klóninn á svæðinu er 'Þingvíðir' en planta af honum mun hafa verið gróðursett á fimmta áratugnum í R7a, önnur árið 1964 í R5 og sú þriðja árið 1994 í R6. Tveir klónar frá Lystigarði Akureyrar, sem ég kom upphaflega með frá grasagarðinum í Uppsölum í Svíþjóð, voru gróðursettir síðar á svæðinu. Annar þeirra 'Katrín' var gróðursett 1986 í R5 og þar rétt hjá klón, sem ég hef nefnt 'Olgu', árið 1988. Þetta eru allt kvenklónar. 'Þingvíðir' er harðgerður en hættir til að fara af stað of snemma á vorin og kelur hann þá stundum í vorfrostum. Hann blómgast fyrir laufgun og frjósa blómin á honum næstum árlega. 'Olga', sem er mjög lík 'Þingvíði', kelur nærri árlega, en hún blómgast ekki alveg eins snemma og hefur nokkrum sinnum myndað fræ. Klóninn 'Katrín' er heldur fingerðari en hinir tveir, hann kelur nær aldrei og blómgast samhliða laufgun.

*Salix* 'Atlas' = (*S. viminalis* 'Olga' × *S. hookeriana* 'Sandi') - [R] Sumarið 1994 var sáð fræi af körfuvíðiklóninum 'Olgu' og þar sem engin karlplanta af körfuvíði var í nágrennininu hlutu væntanlegir afkomendur að vera bastarðar. Spírun var mjög léleg og komst aðeins ein planta á legg. Það bendir flest til að jörfavíðir sé hitt foreldrið en jörfavíðirinni af klóninum 'Sanda' stóð nokkrum metrum frá 'Olgu'. Plantan sem komst á legg er karlkyns, hún hefur vaxið vel og áfallalaust þar sem hún var gróðursett í runnabeð við Grafarvog. Hún hefur aldrei kalið og þótt hún blómgist fyrir laufgun hafa blómin nánast aldrei skemmst í vorfrostum. Þessari plöntu hefur dálítið verið fjölgað með græðlingum og hef ég nefnt klóninn 'Atlas'. Plöntur af þessum klóni voru gróðursettar 1988 í R5 og 1999 í R7, þær hafa vaxið fremur hægt en áfallalaust.

*Salix viminalis* 'Þingvíðir' × *S.* 'Atlas' - [R] Tíu plöntur, sem urðu til við stýrðar víxlfrjóvganir milli framantalinna klóna, voru gróðursettar 1998 í R7a. Þær eru ólíkar í útliti en líkjast í flestu körfuvíði.

*Salix viminalis* 'Katrín' × *S.* 'Atlas' - [R] Blendingur úr stýrðri víxlfrjóvgun milli framangreindra klóna var gróðursettur 2003 í R7a.

*Salix viminalis* 'Þingvíðir' × (*S.* 'Katrín' × *S.* 'Atlas') - [R] Nokkrar plöntur, sem eru blendingar úr stýrðri víxlfrjóvgun milli framangreindra klóna voru gróðursettar árið 2002 á eyrnarar við lækinn en hafa vaxið lítið. Bæði er það að á vaxtarstaðnum er mjög hætt við næturfrosti en einnig hafa fiðrildalífur sótt mikið í plönturnar.

*Salix viminalis* 'Katrín' × (*S.* 'Katrín' × *S.* 'Atlas') - [R]. Nokkrar plöntur úr styrðri víxlfjörvgun milli framangreindra klóna, voru árið 2005 gróðursettar í beð í R5. Þessar plöntur eru að sjö áttundu hluta körfuviðir en jörfuviðir að einum áttunda og er blaðlöggunin mun líkari því sem gerist hjá körfuviði en hjá þeim blendingum sem komið hafa fram við þær fjórar mismunandi víxlfjörvganir sem minnst er á hér að framan. Lítil reynsla er komin á þessa blendinga enn.

*Salix viminalis* 'Þingviðir' × *S. dasyclados* - [R]. Tvær plöntur ræktaðar upp af fræi, sem safnað var 1999 af þingviði, sem stendur við hliðina á flosviði í Nónholti fyrir botni Grafarvogs, voru gróðursettar tveimur árum seinna í R7a. Önnur plantan hefur vaxið mjög vel, hún er upprétt og um það bil þriggja metra há. Hin plantan dó eftir nokkur ár.

*Salix sp.* - [R]. Dálítið hefur verið gróðursett af víðiplöntum sem ekki hafa verið greindar til tegunda. eru sumar úr gömlum gördum hér á landi en einnig eru nokkrar sem safnað var í Oppdal í Noregi og gróðursettar 1989.

## 9. *Betulaceae* BJARKAÆTT

*Alnus glutinosa* (L.) Gaertn. - RAUÐÖLUR - [R]. Planta sem alin var upp af fræi frá Vasa í Finnlandi var gróðursett neðst í bakkann norðan við læk á níunda áratugnum. Hún óx lítið í fyrstu en nú á seinna árum hefur tognað úr henni og er hún orðin nærri 7 m há og beinvaxin og virðist ætla að verða hið fegursta tré.

*Alnus incana* (L.) Moench - GRÁÖLUR - [R]. Töluvert hefur verið gróðursett af gráöl á svæðinu allt frá því á sjötta áratugnum og fram til 1991. Ekki er vitað um uppruna þessara plantna nema tveggja frá 1991 sem eru frá Oppdal í Noregi. Gráölrinn er yfirleitt lengi að búa um sig og fara að vaxa eðlilega eftir útplöntun og elstu plönturnar bækludust undan snjóþunga fyrstu árin. Elstu stofnarnir hafa því flestir verið fjarlægðir en upp af rótarsprotum eru nú að vaxa framúrskarandi falleg tré. Þegar plönturnar eru orðnar um það bil 20 ára fer að koma upp mikið af rótarsprotum umhverfis þær og það er töluvert vinna að halda þeim í skefjum en sums staðar eru nú sprotnir upp trjálundir þar sem áður var aðeins gróðursett ein eða örfáar plöntur.

*Alnus sinuata* (Reg.) Rydb. - SITKAÖLUR - [R]. Plöntur af sitkaöl, sem voru ræktaðar af fræi úr Fljótshlíð, voru gróðursettar 1986 í R5, ein planta af óþekktum uppruna 1997 í R7a og önnur af fræi úr Elliðaárdal 2005 í R6. Þessar plöntur hafa lifað og vaxið vel. Á árunum 1993-4 var gróðursett dálítið af bakkaplöntum sem ræktaðar voru upp af fræi af runnum í Breiðholti sem eru upprunalega úr Matanuskadalnum í Alaska. Það er stofn úr of landrænu loftslagi og fara plönturnar að vaxa hér of snemma á vorin og kala næstum árlega.

*Alnus tenuifolia* Nutt. - BLÆÖLUR - [R]. Planta af blæöl sem alin er upp af fræi frá Múlakoti í Fljótshlíð var gróðursett sumarið 2006. Óvíst er enn hverjum þroska hún nær.

*Alnus viridis* (Chaix) DC. - KJARRÖLUR - [R]. Planta upprunnin í Zillertal í Austurríki var gróðursett 1999 í R6. Henni hættir við að vaxa of lengi frameftir á haustin og kelur þá nokkur af ársvextinum. Önnur planta úr Suðurölpunum frónsku var gróðursett 2006 og hefur hún ekki orðið fyrir áföllum enn sem komið er.

*Betula ermanii* Cham. - STEINBJÖRK - [R]. Planta sem er ræktuð upp af fræi frá Múlakoti var gróðursett 2006 í R5.

*Betula nana* L. - FJALLDRAPI - [A]. Fjalldraplanta var gróðursett 1989 í R5. Hún lifir en hefur lítið vaxið.

*Betula* cf. *occidentalis* Hook. × *B. pubescens* Ehrh. - [R]. Tvær plöntur sem eru aldar upp af fræi sem safnað var af hríslu af *B.*

*occidentalis*, sem stendur við Elliðavatn, voru gróðursettar 1997. Þær eru óþekktanlegar frá íslensku birki og vafalítið bastarðar þess.

*Betula pendula* Roth - VÖRTUBIRKI - [R]. Nokkrar plöntur af vörtubirki hafa verið reyndar en þær hafa allar drepist utan ein sem tórir enn en hefur ekki vaxið neitt að ráði.

*Betula pubescens* Ehrh. - BIRKI - [A,E,Æ]. Áður en R5 var friðaður voru þar leifar af birki sem hafði verið gróðursett á þriðja eða fjórða áratugnum en sauðfé nagað niður að rót. Þetta birki hefur vaxið upp að nýju en ber öll merki þess að vera af suður- og vesturlandsstofnum, enda vitað að einhverjar plantanna voru sóttar austur í Grímsnes. Mikið af því birki sem gróðursett var fyrstu árin var fengið frá Skógrækt ríkisins og síðar Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Mun það mestmegnis vera Bæjarstaðakvæmi, en hugsanlega eitthvað alið upp af fræi úr Vagla- eða Hallormsstaðaskógi. Í R3 var gróðursett mikið af birki sem ég ól upp af fræi sem ég fékk hjá Skógrækt ríkisins og dálítið af fræi sem ég safnaði af einu tré í Hólavallakirkjugarði. Skömmu eftir 1990 var gróðursett dálítið af 'Emblu' í R5 og R6 en síðan hafa nær eingöngu verið gróðursettar plöntur sem aldar hafa verið upp af fræi sem ég hefi safnað af sérstaklega fallegum birkitrjám. Nokkrar plöntur frá Vestur-Noregi voru gróðursettar 1994 í R5. Trjámaður hefur sótt mun meira í þær en í innlenda birkið og hafa þær lítið vaxið og verið að týna tölunni. Mikið hefur komið upp af sjálfsáðu birki þar sem land hefur verið friðað og varð þeirra fyrstu vart stax í lok sjötta áratugarins. Þetta birki er ærið misjafnt, en yfirleitt eru það mjög efnileg tré og í heildina mun fallegra birki en það sem hefur verið gróðursett. Hæsta sjálfsáða birkið er nú 7,5 m hátt og sjálfsáið tré, sem stendur sunnarlega í R5 og er tæplega 6 m hátt, er fallegasta unga tréð á svæðinu. Í Ytrilaut eru sum birkitrén komin á tíunda metra en það er nálægt því sem hæstu birkitré landsins voru um miðja öldina sem leið.

*Betula sp.* - [R]. Planta frá Grasagarði Reykjavíkur, sem alin var upp af fræi frá grasagarðinum í Archangelsk í Rússlandi, var gróðursett í R3 árið 1967 og er nú um mannhæðar há, en tæpast nokkurt framtíðartré. Tveir aðrir birkirunnar, sem komu úr Grasagarðinum undir nafninu *B. glandulosa* en eru að því er virðist einhverjir bastarðar, standa í lækjargilinu.

## 10. *Corylaceae* HESLIÆTT

*Corylus avellana* L. - HESLIHNETA - [R]. Tveir heslirunnar voru gróðursettir 1993 og 1994 í norðvesturbrekkurnar við bústaðsstaðið í R5. Hafa þeir vaxið nokkuð en ekki blómgastr enn.

## 11. *Fagaceae* BEYKISÆTT

*Fagus sylvatica* L. - SKÓGARBEYKI - [R]. Þrjár plöntur af skógarbeyki voru gróðursettar í bústaðsbrekkurnar í R5. Ein þeirra er enn með lífsmarki.

*Quercus petraea* Lieb. - STEINEIK - [R]. Ein planta var gróðursett á flötina í R5 árið 2005. Hún hefur lifað en lítið vaxið fram til þessa.

## 12. *Ulmaceae* ÁLMSÆTT

*Ulmus glabra* Hudson - ÁLMUR - [R]. Nokkrar álmpöntur voru gróðursettar í Ytrilaut á sjötta áratugnum og um svipað leyti munu nokkrar hafa verið gróðursettar í R7. Á sjöunda áratugnum voru síðan tvær plöntur gróðursettar í ræktuð beð í R5. Þessar plöntur hafa allar vaxið fremur lítið. Aðeins hefur tognað úr þeim í góðu árferði, eins og verið hefur nú að undanförunu, en þegar verr hefur áráð hafa þær nánast staðið í stað.

## 13. *Polygonaceae* SÚRUÆTT

*Bistorta major* S.F. Gray - SLÖNGUSÚRA - [R]. Tvær plöntur sem voru sjálfsáðar í garði mínum við Logafold voru gróðursettar, önnur

árið 2000 í bústaðsstæðið í R5 en hin 2005 við lækinn. Báðar þrífast vel, blómgast og þroska fræ.

**Bistorta vivipara** (L.) Delabre – KORNSÚRA - [N]. Kornsúra er algeng í mela og heiðagróðri.

**Oxyria digyna** (L.) Hill. - ÓLAFSSÚRA - [N]. Ólafssúra var áður algeng á melum, en þar sem þeir eru nú nánast horfnir er lítið orðið eftir af henni.

**Polygonum alpinum** All. - SNÆSÚRA - [R] Nokkrar plöntur voru gróðursettar 1993 í bústaðsstæðið í R5. Þær virðast þrífast vel og blómgast árlega.

**Polygonum aviculare** L. - BLÓÐARFI - [N]. Blóðarfi fannst áður í flögum og sem illgresi í görðum. Þar sem landið er nú nánast algróið er hann nánast horfinn.

**Rheum x rhabarbarum** L. - RABARBARÍ - [E,R]. Mikil rabarbararækt var áður fyrir í R5 en eftir 1945 var hætt að hirða um gamla rabarbaragarðinn og fé gekk þar á beit. Allan þrótt dró úr rabarbaraplöntunum og virtust langflestar deyja út en garðurinn gréri upp sem grasflöt. Árið 1965 voru þær plöntur sem eftir lifðu fluttar í annan garð. Á níunda áratugnum fóru rabarbaraplöntur að skjóta upp kollinum í gamla rabarbaragarðinum og víðar þar sem rabarbari hafði áður verið ræktaður og jafnvel á stað þar sem garðaúrgangi hafði verið fleygt. eru þetta nú kraftmiklar plöntur sem blómgast fagurlega ár hvert.

**Rumex acetosa** L. - TÚNSÚRA - [N] Túnsúra er algeng í graslendi og ýmsum öðrum gróðurlendum.

**Rumex acetosella** L. - HUNDASÚRA - [N]. Hundasúra var áður algeng, einkum þar sem gróðurþekja var ekki samfelld. Minna ber á henn nú orðið.

**Rumex alpinus** L. - FJALLANJÓLI - [R]. Planta af fjallanjóla af fræi úr Ölpunum var gróðursett 1994 í R5 og tvær plöntur úr garði í Skerjafirði í R6 1997. Þessar plöntur lifa góðu lífi en hafa ekki fjölgað sér neitt.

**Rumex longifolius** DC. - NJÓLI - [S]. Njóli var ekki til á svæðinu áður en það var friðað. Fræ hefur síðan borist þangað og nokkrar plöntur vaxa á flötinni í R5 og við lækinn en þeim virðist ekki fjölga neitt, enda allt umhverfi þeirra vel gróið.

#### 14. Portulacaceae GRÝTUÆTT

**Claytonia sibirica** L. - RÓSAGRÝTA - [R]. Nokkrar plöntur af rósagrýtu voru gróðursettar 2004 í Ytrilaut og R7a. Þær virðast vaxa eðlilega en hafa ekki sáð sér út.

**Montia fontana** L. - LÆKJAGRÝTA - [N]. Lækjagrýta fannst áður í flögum, en hennar hefur ekki orðið vart á síðari árum.

#### 15. Caryophyllaceae HJARTAGRASAÆTT

##### Undirætt Alsinoideae

**Arenaria norvegica** Gunn. - SKEGGSANDI - [N]. Skeggsandi óx áður á melum, en óvíst er hvort hann finnst enn á svæðinu.

**Cerastium alpinum** L. - MÚSAREYRA - [N]. Músareyra var áður algengt á melum og innan um ósamfelldan heiðagróður, en er orðið sjaldgæfara núna.

**Cerastium fontanum** Baumg. - VEGARFI - [N]. Vegarfi kemur fyrir í óftjóum þurrendisgróðri og raklendi þar sem gróðurþekja er ekki samfelld.

**Cerastium tomentosum** L. - VÖLSKUEYRA - [R]. Planta af völskueyra var gróðursett 2005 í vegbrún í R6 en ólíklegt er að það eigi nokkra framtíð þar.

**Dianthus cf monspessulanus** L., - FLIPADROTTNING - [R]. Planta af ættkvíslinni *Dianthus*, sem að öllum líkindum er flipadrottning, var gróðursett 1999 í vegfláa í R6 og virðist þrífast þar vel.

**Gypsophila repens** L. - DVERGASLÆÐA - [R]. Nokkrar plöntur voru gróðursettar 1988 og 1992 í mela í R5 og vegfláann í R6. Þær lifa flestar, hafa vaxið nokkuð og blómgast árlega.

**Sagina nodosa** (L.) Fenzl. - HNÚSKAKRÆKILL - [N]. Hnúskakrækill vex hér og þar í malarkendum jarðvegi.

**Sagina procumbens** L. - SKAMMKRÆKILL - [N]. Skammkrækill var algengur í rökum flögum en minna er um hann núorðið.

**Saponaria lutea** L. - MELAFREYÐIR - [R] Nokkrar plöntur voru gróðursettar 1996 í bústaðsstæðið í R5 og í melana í R6. Þær urðu flestar skammlífar en einstaka lifa þó enn, blómgast og virðast við bestu heilsu.

**Spergula arvensis** L. - SKURFA - [N]. Skurfa óx hér og þar í flögum og opnu landi, en er sjaldgæf núorðið.

**Stellaria graminea** L. - AKURARFI - [L,S]. Akurarfi vex á einum stað á flötinni í R5 án þess að vitað sé hvernig hann barst þangað.

**Stellaria holostea** L. - BRODDARFI - [R] Planta af broddarfa var gróðursett í brúnina á lækjargilinu 1973 og hefur vaxið þar síðan án þess að breiðast neitt út.

**Stellaria media** (L.) Vill. - HAUGARFI - [N]. Haugarfi hefur vaxið fram til þessa í kartöflugarði og stungið upp kollinum hér og þar í reski. Á tæpast mikla framtíð fyrir sér á svæðinu.

**Stellaria nemorum** L. - SKÓGARARFI - [R]. Planta af skógararfa, úr Härjedalen í Svíþjóð, var gróðursett 1986 í R3 og hefur dreift úr sér með jarðrenglum yfir 15 – 20 fermetra svæði.

##### Undirætt Silenoideae

**Silene acaulis** (L.) Jacq. - LAMBAGRAS - [N]. Lambagras óx víða í holtum og á melum en nú er orðið minna um það.

**Silene dioica** (L.) Clairv. - DAGSTJARNNA - [I]. Dagstjarna hefur slæðst út frá ræktun í R7 og vaxið þar í rúm tuttugu ár, en vafasamt er hvort hún verður þar til frambúðar.

**Silene uniflora** Roht. - HOLURT - [N]. Óx allvíða á melum og í gisnu mólendi en er orðin sjaldgæfari í seinni tíð.

**Viscaria alpina** (L.) G. Don. - LJÓSBERI - [N]. Ljósberi var algengur á melum og í slitróttu mólendi en er orðinn sjaldgæfari.

**Viscaria vulgaris** Bernh. - LÍMBERI - [R]. Nokkrar plöntur af límberra voru gróðursettar 1994 í mólendi og reski í R5 og R6. Nokkrar plöntur eru lifandi enn, en ekki hefur þess orðið vart að þær hafi sáð sér út.

#### 16. Aristolochiaceae HESLIJURTAÆTT

**Asarum europaeum** L. - HELSLIJURT - [R]. Planta af heslijurt var gróðursett 2003 í R3. Hún lifir góðu lífi en hefur ekki vaxið mikið.

#### 17. Ranunculaceae SÓLEYJAÆTT

**Aconitum napellus** L. - VENUSVAGN - [R]. Nokkrar plöntur af

venusvagni voru gróðursettar 2005 í R5, R6 og R7a.

*Aconitum* cf. × *stoerkianum* Rchb. - FAGURHJÁLMUR - [E]. Planta sem var ræktuð í garðinum í R1 og mun hafa verið þar frá því á þriðja áratug aldarinnar sem leið, lifir enn og virðist við bestu heilsu.

*Aconitum* sp. - [R]. Tvær plöntur úr Grasagarði Reykjavíkur voru gróðursettar 1995 í R5 og vaxa eðlilega en hafa ekki fjölgað sér neitt.

*Actaea erythrocarpa* (Fisch.) Gürke - DÍSAÞRÚGUR - [R]. Planta af dísaþrúgum var gróðursett 1990 í R3. Hún lifir enn, en hefur ekki fjölgað sér.

*Anemone nemorosa* L. - SKÓGARANEMÓNA - [R]. Allt frá 1973 hafa skógaranemónur verið gróðursettar víða. Stundum í venjulegan siltjarðveg en um fram allt inni undir lauftrjám. Hafa þær alls staðar kunnað vel við sig og dreifa smám saman úr sér með jarðstönglum.

*Aquilegia alpina* L. - FJALLAVATNSBERI - [R]. Dálítið af fjallavatnsberum var gróðursett hér og þar á árunum 1991 – 1994. Nokkrar plöntur eru lifandi enn, en þær hafa ekki sáð sér neitt út.

*Aquilegia* sp. - GARÐAVATNSBERI - [R]. Tvær plöntur af garðafbrigðum af vatnsbera voru gróðusettar á áttunda áratugnum við lækjargilið og standa þær þar enn án þess að hafa dreift sér neitt.

*Caltha palustris* L. - HÓFSÓLEY - [A]. Tvær hófsóleyjarplöntur voru gróðursettar í R5 á áttunda og níunda áratugnum. Þær eru lifandi enn, en hafa ekki dreift neitt úr sér.

*Pulsatilla vulgaris* Mill. - GEITABJALLA - [R]. Plöntur af geitabjöllu voru gróðursettar 1993 í bústaðsstæðið í R5 og 1997 voru tvær plöntur gróðursettar í R6. Plönturnar hafa lifað og blómgastr árlaga en sjálfsáanar plöntur hafa ekki fundist.

*Ranunculus aconitifolium* L. SILFURSÓLEY - [R]. Planta sem er garðafbrigði af silfursóley með fylltum blómum var gróðursett 1994 í bústaðsstæðið R5 og virðist þrífast eðlilega.

*Ranunculus acris* L. - BRENNISÓLEY - [N]. Brennissóley er algeng í margskonar gróðurlendum.

*Ranunculus ficaria* L. VORSÓLEY - [R]. Vorsóley var gróðursett á sjöunda áratugnum í lækjargilsbarminn og hefur hafst þar við síðan og breitt lítillega úr sér. Sama er að segja um plöntu sem var gróðursett á áttunda áratugnum í R3. Hnýðum frá þeirri fyrrnefndu var dreift 2006 á tvo staði í R5.

*Ranunculus repens* L. - SKRIÐSÓLEY - [A,E]. Breiða af skriðsóley vex í R1 og er þar efirstöðvar frá ræktun áður fyrr. Einnig er mikið af henni austast í R6 þar sem uppgrefti úr húsgrunni á Keldum var dreift yfir melinn.

*Thalictrum alpinum* L. BRJÓSTAGRAS - [N]. Brjóstagras vex hér og þar í mólendi og hálfgrónum melum.

*Trollius europaeus* L. - GULLHNAPPUR - [R]. Plöntur af gullhnappi sem voru aldar upp af fræi úr Ölpunum voru gróðursettar 1993 á nokkra staði í R5. Þrjár lifa enn og virðast við bestu heilsu.

*Trollius* × *cultorum* - GARÐAGULLHNAPPUR - [R]. Planta af garðagullhnappi var gróðursett 1993 í bústaðsstæðið í R5. Hún lifir en er farin að tapa þrótti.

## 18. *Paeoniaceae* BÓNDARÓSAÆTT

*Paeonia mlokosewitschii* Lomak. - GLÓÐARBÓNDARÓS - [R].

Planta af glóðarbóndarós úr Grasagarði Reykjavíkur var gróðursett 1993 í bústaðsstæðið í R5. Hún lifir vel og blómgastr, en ekki árlega.

## 19. *Berberidaceae* BRODDAÆTT

*Berberis amurensis* Rupr. - DREKABRODDUR - [R]. Nokkrar plöntur af drekabroddi voru gróðursettar 2005 í Ytrilaut og R6.

*Berberis thunbergii* D.C. ‚Laugardalur‘ - SÓLBRODDUR - [R]. Ein sólbroddsplanta af yrkinu ‚Laugardalur‘ var gróðursett árið 1991 í R5. Hún lifir en hefur ekki vaxið mikið.

*Berberis verna* Schneid. - VORBRODDUR - [R]. Ein planta af vorbroddi var gróðursett 2005 í R1.

*Podophyllum hexandrum* Royle - ÞÓFABLAÐ - [R]. Á seinustu tíu árum hafa plöntur af þófablaði verið gróðursettar í R1, R5 og R7a. Sumar lifa, hafa blómgastr og borið aldin en virðast allar verða þróttminni með árunum.

*Podophyllum peltatum* L. - AMERÍSKT ÞÓFABLAÐ - [R]. Nokkrar plöntur voru gróðursettar 2002 í R1, R5 og Ytrilaut. Þær hafa flestar veslast upp, en ein eða tvær lifa þó enn.

## 20. *Fumariaceae* REYKJURTAÆTT

*Corydalis nobilis* (L.) Pers. - LÆVIRKJASPORI - [R]. Ung planta af lævirkjaspora var gróðursett 2003 inni í skógarlundi í R3. Hefur vaxið eðlilega.

*Corydalis solida* (L.) Clairv. - FUGLASPORI - [R]. Nokkur hnyði af fuglaspora voru gróðursett bæði 1995 og 2000 í skógarlundi í R3. Þau hafa vaxið eðlilega en ekki hefur orðið vart við neinar fræplöntur.

*Dicentra formosa* (Haw.) Walpers - DVERGHJARTA - [R]. Á undanföllum tveimur áratugum hefur dálítið verið gróðursett af dverghjarta, einkum í skógarlundi þar sem sámilegrar birtu nýtur. Sumar plönturnar hafa dafnað eðlilega en öðrum virðist hraka vegna samkeppni frá öðrum gróðri.

## 21. *Brassicaceae* KROSSBLÓMAÆTT

*Arabidopsis petraea* (L.) Lam. - MELABLÓM - [N]. Melablóm er innlend tegund sem var algeng á melum og gisnu mólendi. Þar sem þau svæði eru að mestu gróin núna er tegundin orðin sjaldgæfari á svæðinu.

*Barbarea stricta* Andr. - HLÍÐABLEIKJA - [I,S]. Hlíðableikja er ilend tegund sem hefur borist inn á svæðið. Vex einkum við lækinn eða í gömlum lúpínubreiðum.

*Capsella bursa-pastoris* (L.) Med. - HJARTARFI - [N]. Hjartarfi hefur til þessa verið algengur í ræktuðu landi en þar sem garðrækt er að leggjast niður er líklegt að hann hverfi líka.

*Cardamine bulbifera* (L.) Cranz. - LAUKATANNRÓT - [R]. Síðustu tíu árin hafa rôtarsprotar af laukatannróti verið gróðursettir hér og þar í skógarjarðveg. Sums staðar virðist hún kunna vel við sig, breiðist lítillega út, blómgastr árlaga og þroskar æxlislauka..

*Cardamine pratensis* L. - HRAFNAKLUKKA - [N]. Hrafnaklukka er algeng í flestum gróðurlendum.

*Draba incana* L. - GRÁVORBLÓM - [N]. Grávorbóm vex hér og þar í mela- og heidagróðri.

*Hesperis matronalis* L. - NÆTURFJÓLA - [R]. Nokkrar plöntur af



næturfjólú hafa verið gróðursett í skógarlundi. Sumar þeirra lifa ennþá en virðast heldur á undanhandli.

## 22. *Crassulaceae* HELLUHNOÐRAÆTT

*Rhodiola rosea* L. - BURNIRÓT - [A]. Burnirót var fyrst flutt í R3 á sjötta áratugnum og lifir þar enn. Seinna hafa nokkrum sinnum verið fluttar plöntur á svæðið, einkum í lækjargilið. Lifa þær flestar vel en ekki hefur þess orðið vart að þær hafi fjölgað sér.

*Sedum anacampseros* L. - KLAPPAHNOÐRI - [R]. Planta af klappahnoðra var gróðursett 2002 í vegfláa í R6. Hún lifir enn en hefur lítið vaxið.

*Sedum spurium* M. B. - STEINAHNOÐRI - [R]. Plöntur af steinahnoðra hafa verið gróðursett nokkrum sinnum og haldast við víðast hvar.

*Sedum telepium* L. - SUMARHNOÐRI - [R]. Plöntur af sumarahnoðra hafa verið gróðursett á nokkrum stöðum undanfarin ár. Þær eru nokkuð breytilegar í útliti en flestar myndu flokkast sem *subsp. fabaria* (Kock) Kirchl. Þær sem hafa lent í jarðvegi sem hentaði þeim, t.d. gömlum lúpínubreiðum, hafa haldist vel við og ekki útilokað að þær geti ílenst á svæðinu.

*Sedum villosum* L. - FLAGAHNOÐRI - [N]. Flagahnoðri var áður algengur í flögum, en þar sem lítið er orðið um þau er flagahnoðrinn nú sjaldgæfur.

## 23. *Saxifragaceae* STEINBRJÓTSÆTT

*Bergenia cordifolia* (Haw.) Sternb. - HJARTASTEINBROTI - [E]. Planta af hjartasteinbrota stendur eftir í gömlum garði í R7 og mun hafa verið gróðursett þar í lok sjötta áratugarins, en ekki hefur verið hirt um garðinn í meira en tuttugu ár.

*Saxifraga caespitosa* L. - ÞUFUSTEINBRJÓTUR - [N]. Þufusteinbrjótur óx áður á melum og gróðurlitlu landi en þar sem slík svæði eru fá eftir er ekki ólíklegt að hann sé horfinn.

*Saxifraga stellaris* L. - STJÖRNUSTEINBRJÓTUR - [N]. Stjörnusteinbrjótur vex á stöku stað í raklendi umhverfis lækinn.

*Saxifraga* cf. *cuenifolia* L. - RÖKKURSTEINBRJÓTUR - [R]. Plöntur úr Alþafjöllum voru gróðursett 1994 í R5 og R6. Að minnsta kosti ein þeirra lifir enn góðu lífi, en tegundargreining er ekki örugg.

*Tellima grandiflora* (Pursh) Dougl. - KÖGURKOLLA - [E,R,Æ]. Kögurkolla stóð eftir í blómabeði í R7 og hefur dálítið af sjálfsáðum plöntum komið upp umhverfis það. Á árunum 1990 og 1991 voru plöntur gróðursett í Ytrilaut og R5 og lifa sumar enn.

## 24. *Parnassiaceae* MÝRASÓLEYJARÆTT

*Parnassia palustris* L. - MÝRASÓLEY - [N]. Mýrasóley kemur víða fyrir innan um lágvaxinn gróður, einkum í raklendi.

## 25. *Ribesiaceae* RIFSÆTT

*Ribes alpinum* L. - FJALLARIFS - [R]. Nokkrar plöntur af fjallarífsi hafa verið gróðursett á svæðinu, þær fyrstu á sjötta áratugnum. Þar sem karl- og kvenplöntur standa nálægt hverri annari bera kvenplönturnar ber en ekki hefur sjálfsáinna plantna orðið vart.

*Ribes aureum* Pursh. - GULLRIFS - [R]. Planta af gullrífsi var gróðursett 1996 í R3. Hún hefur lítið vaxið og aldrei blómgastr.

*Ribes diacanthum* Pall. - MONGÓLARIFS - [R]. Ein planta af

mongólarífsi var gróðursett 1991 í R1. Hún hefur lítið vaxið og aldrei komið með ber.

*Ribes divaricatum* Dougl. - SKÓGARSTIKILL - [R]. Ein planta af skógarstikli var gróðursett 1982 í R3 og síðan voru nokkrar plöntur gróðursettar hér og þar 1997. Þessar plöntur hafa allar vaxið vel, blómgastr árlega og þroska ber núna seinustu árin.

*Ribes glandulosum* Grauer ex Weber - KIRTILRIFS - [R]. Planta af kirtilrífsi frá Lystigarði Akureyrar var gróðursett 1985 í R3, hún hefur vaxið dálítið, blómgastr og komið með ber einu sinni.

*Ribes lacustre* (Pers.) Pour. - VÆTURIFS - [R]. Væturífs hefur verið gróðursett nokkrum sinnum. Fyrstu plönturnar á áttunda áratugnum. Vaxa þær vel og koma árlega með ber, en ekki hefur orðið vart við sjálfsáðar plöntur. Þær plöntur sem gróðursett voru síðar hafa vaxið vel og blómgastr ríkulega en blómin hafa ekki frjövgastr og mun líklegasta skýringin vera sú að þær séu sjálfgeidar.

*Ribes laxiflorum* Pursh. - HÉLURIFS - [R]. Hélurífs hefur verið plantað nokkrum sinnum og hefur það þrífist vel þar sem það er sett í skógarjarðveg. Plönturnar blómgastr ríkulega ár hvert en berja hefur ekki orðið vart.

*Ribes nigrum* L. - SÓLBER - [R,Æ]. Sólberjarunnar voru gróðursettir í matjurtargarða í R3 og R 7 á sjötta áratugnum, en síðan hafa plöntur af ýmsum uppruna verið gróðursettar hér og þar. Tvær sjálfsánar plöntur fundust 1996 í gamalli lúpínubreiðu nyrst í R6. Önnur plantan sem er nokkuð stór runni kemur með dálítið af berjum..

*Ribes oxycanthoides* L. - FJALLASTIKILL - [R]. Plöntur af fjallastikli frá Lystigarði Akureyrar voru gróðursett í R1 og R3 á níunda áratugnum. Síðan voru nokkrar plöntur gróðursettar hér og þar 1999. Þær hafa allar vaxið nokkuð og blómgastr en ekki borið ber svo vitað sé.

*Ribes petraeum* Wulf. - STEINRIFS - [R]. Lítil planta af steinrífsi var gróðursett 1997 í R3. Hún virðist vaxa eðlilega, en hefur ekki blómgastr enn.

*Ribes × pallidum* Otto & Ditr. - GARÐARIFSBER - [E,I,Æ]. Gamllir runnar, sumir hverjir líklega rúmlega áttatíu ára, standa eftir í R1 og nokkrum yngri runnar við hina gömlu sumarbústaðina og í R3. Síðan hefur mjög mikið vaxið upp af sjálfsáðum runnum einkum í gömlum lúpínubreiðum og skógarlundum. Þessir sjálfsáðu runnar eru mjög breytilegir í útliti og vissulega tímabært að skoða þá nánar.

*Ribes spicatum* Robson - SAMARIFS - [R]. Planta frá Norður-Skandinavíu var gróðursett í R1 á áttunda áratugnum. Hún hefur vaxið eðlilega og blómgastr árlega en setur engin ber.

*Ribes stenocarpum* Maxim. - GERÐASTIKILL - [R]. Planta af gerðastikli var gróðursett 1986 rétt vestan við R1. Hún er nú um mannhæðar há, blómgastr árlega og setur mikið af bragðgóðum berjum.

*Ribes triste* Pall. - VÍNLANDSRIFS - [R]. Planta af vínlandsrífsi var gróðursett 1995 austarlega í R6. Hún virðist ekki þrífast vel og hefur aldrei blómgastr.

*Ribes uva-crispa* L. - STIKILSBER - [R]. Planta af stikilsberjum var gróðursett á sjöunda áratug aldarinnar sem leið í R5. Hún lifir enn, blómgastr og kemur með ber árlega.

*Ribes warszewiczii* Jancz. - SÍBERÍURIFS - [R]. Planta sem kom frá Grasagarði Reykjavíkur undir þessu nafni var gróðursett 1986 norðan við lækinn. Hún hefur vaxið vel og blómgastr og setur ber árlega. Athuga þarf greiningu.

## 26. Rosaceae RÓSAÆTT

### Undirætt *Spiraeoidea*.

*Aruncus dioicus* (Walt.) Fern. - JÖTUNURT - [E,R]. Nokkrar plöntur af jötunurt voru gróðursettar á níunda og tíunda áratugnum í Ytrilaut og R1, en í R7 stendur eftir planta frá eldri tíð. Þessar plöntur virðast þrífast eðlilega og kvenplönturnar setja fræ þar sem bæði kynin eru á staðnum. Ekki hefur sjálfgróinna plantna orðið vart.

*Physocarpus amurensis* (Maxim.) Maxim. - DREKAKVISTILL - [R]. Drekkakvistill var gróðursettur 1986 í R5 og helst vel við og blómgast árlega.

*Physocarpus capitatus* (Pursh.) Ktze. - KOLLKVISTILL - [R]. Nokkrar plöntur voru gróðursettar 2002 í Ytrilaut og R5. Þær hafa vaxið hægt og ekki ljóst hvort þær ætla að setjast að.

*Sorbaria sorbifolia* (L.) A. Braun - REYNIBLAÐKA - [E]. Planta af reyniblöðku var gróðursett 1986 í R1 síðan hafa nokkrar plöntur verið settar í Ytrilaut. Þær lifa en virðast skorta allan vaxtarþrótt.

*Spiraea betulifolia* Pall. - HEIÐAKVISTUR - [R]. Allnokkuð hefur verið gróðursett af heiðakvisti víðsvegar á svæðinu á seinasta fjórðungi aldarinnar sem leið. Margar plantnanna vaxa eðlilega, blómgast og bera fræ en sjálfgróinna plantna hefur ekki orðið vart.

*Spiraea × billiardii* Herineq - ÚLFAKVISTUR - [R]. Plöntur af úlfakvisti voru gróðursettar í R5 á sjötta ártugnum og í garð í R7 um svipað leyti. Plönturnar hafa þrífist vel og breiða nokkuð úr sér með rótarsprotum. Þær blómgast árlega, en vegna þess hve seint þær blómgast ná þær líkega ekki að þroska fræ.

*Spiraea chamaedryfolia* L. - BJARKEYJARKVISTUR - [R]. Plöntur af bjarkeyjarkvisti voru gróðursettar 2003 í R5 og R7a. Virðast þær hafast vel við.

*Spiraea japonica* L. - JAPANSKVISTUR - [R]. Tvær plöntur af japanskvisti, yrkið 'Nordplant', voru gróðursettar 1993 í R5. Þær hafa vaxið vel og blómgast nokkrum sinnum.

*Spiraea media* Schmidt. - GARÐAKVISTUR - [R]. Planta af garðakvisti var sett 1987 í R1 og síðan 1994 voru nokkrar plöntur af afbrigðinu *v. sericea* (Turez) C.K. Schm. gróðursettar í R5. Þær hafa allar þrífist vel og blómgast í flestum árum.

*Spiraea salicifolia* L. - VÍÐIKVISTUR - [R]. Gamall klónn af víðikvisti sem ég tók í Hólavallakirkjugarði á fimmta áratugnum var gróðursettur í R5 í kantinn á Keldnaveginum og hnaus úr honum fluttur á flötina austan við lækinn á sjöunda áratugnum. Þessi klónn hefur vaxið mjög vel, blómgast árlega og breiðir töluvert úr sér með rótarsprotum. Þessi sami klónn hefur einnig vaxið í nokkra áratugi í R7. Tveir aðrir klónar voru gróðursettir í R5 og R6 á tíunda áratugnum. Þeir hafa einnig þrífist vel og blómgast.

*Spiraea sp. 'Birkikvistur'* - BIRKIKVISTUR - [R]. Birkikvistur var gróðursettur í garð á lækjargilsbarminum á sjöunda áratugnum og önnur planta 1999 í vatnsrás á milli Ytrilautar og R7a. Plönturnar hafa þrífist vel og blómgast árlega.

### Undirætt *Rosoideae*

*Alchemilla alpina* L. - LJÓNSLAPPI - [N]. Ljónslappi er algengur í melum og heiðagróðri.

*Alchemilla faeroensis* (Lge.) Bus. - MARÍUVÖTTUR - [A]. Plöntur af maríuvetti, sem gróðursettar voru 2003 við lækinn bæði í R5 og R6, virðast kunna vel við sig þar.

*Alchemilla glabra* Neyg. - BREKKUMARÍUSTAKKUR - [A]. Nokkrar plöntur, sem komu upp í garði heima hjá mér á síðari árum, hafa verið gróðursettar í R5 og vaxið þar eðlilega. Hugsanlegt er að þær séu komnar upp af fræjum sem hafi borist með innfluttri mómold.

*Alchemilla mollis* (Buser) Rothm. - GARÐAMARÍUSTAKKUR - [I,R]. Ein planta af garðamariustakki var gróðursett 1994 í bústaðsstæðinu í R5. Hún hefur ekki sáð sér neitt.

*Alchemilla vestita* (Buser) Raunk. - HLÍÐARMARÍUSTAKKUR - [N]. Var ekki óalgeng á athugunarsvæðinu en hefur dafnað vel og virðist vera að breiðast út eftir að landið var friðað fyrir beit.

*Argentina anserina* (L.) Rydb. [*Potentilla anserina* L.] - TÁGAMURA - [N]. Á flötinni í R5 hefur tágamura vaxið svo lengi sem vitað er, en einnig vex hún austast í R6 þar sem uppgreftri úr húsgrunni á Keldum var smurt yfir melinn fyrir nokkrum áratugum.

*Comarum palustre* L. [*Potentilla palustris* (L.) Scop.] - ENGARJÓS - [N]. Engjarós er til á nokkrum stöðum í votlendi við lækinn.

*Dryas octopetala* L. - HOLTASÓLEY - [N]. Holtasóley er mjög algeng í holta- og heiðagróðri.

*Filipendula coreana* Nakai. - KÓREUMJAJÐJURT - [R]. Planta frá Grasagarði Reykjavíkur, sem talin er kóreumjajðjurt, var gróðursett 1995 neðst í Ytrilaut. Hefur vaxið ágætlega og blómgast árlega.

*Filipendula kamtschatica* (Pall.) Maxim. - RISAMJAJÐJURT - [E,R]. Planta af risamjajðjurt var gróðursett 1990 í R3. Hún hefur vaxið þokkalega en ekkert breitt úr sér. Einnig stendur myndarleg planta eftir í aflögðum garði í R7, en ekki er vitað hvenær hún var upphaflega gróðursett þar.

*Filipendula ulmaria* (L.) Maxim. - MJAJÐJURT - [N]. Mjajðjurt var ekki óalgeng áður fyrr og eftir að friðun komst á hefur hún breiðst mikið út.

*Filipendula sp.* - [R]. Ógreind planta frá Grasagarði Reykjavíkur af ættkvíslinni *Filipendula* var gróðursett 1991 í R5. Hún hefur þroskast að því er virðist eðlilega og blómgast ár hvert.

*Fragaria × ananassa* Duch. - GARÐJARÐARBER - [E,R]. Plöntur af garðjarðarberjum vaxa sem eftirstöðvar frá ræktun í R7, eða hafa slæðst úr frá ræktun í R5 og R6. Þær blómgast stundum og koma einstöku sinnum með ber.

*Fragaria vesca* L. - JARÐARBER - [E A,E]. Jarðarber voru ræktað í garðholu í R5 frá því löngu áður en svæðið var friðað. Eftir að lúpína var farin að breiðast út um melana fóru jarðarberjaplöntur að koma upp inni í lúpínubreiðunum og þegar lúpínan tók að hörfa hafa jarðarberjabeiður orðið áberandi víða. Þar sem nærgrar birtu gætir blómgast plönturnar og bera mikið af berjum.

*Fragaria virginiana* Mill. - VIRGINÍUJARÐARBER - [R]. Klónn af virginíu jarðarberjum frá Alaska var gróðursettur 1990 inni í trjálundi í R5. Hann hefur breitt töluvert úr sér með renglum en aldrei blómgast. Annar klónn frá Nýfundnalandi var gróðursettur 2006 þar skammt frá.

*Geum macrophyllum* Willd. - SKÓGDALAFÍFILL - [R]. Plöntur af skógdalafífi voru gróðursettar 1981 og síðar 1991 í R3. Þær lifa og hafa sáð sér dálítið út.

*Geum montanum* L. - BREKKUDALAFÍFILL - [R]. Tvær plöntur úr Ölpunum voru gróðursettar í bústaðsstæðið í R5, sú fyrri 1995 en hin árið 2000. Þær lifa og blómgast en hafa ekki fjölgað sér.

*Geum quellyon* Sweet - SKARLATSFÍFILL - [R]. Planta af skarlatsfíli var gróðursett 1993 í bústaðsstæðið í R5. Hún lifir enn og blómgast í flestum árum.

*Geum rivale* L. - FJALLDALAFÍFILL - [N]. Fjalldalaffill var algengur á svæðinu frá upphafi og virðist frekar hafa færst í aukana á seinni árum.

*Geum* × cf *sudeticum* Tausch, - BLIKDALAFÍFILL - [R]. Plöntur sem virðast vera af þessum bastarði voru gróðursettar á seinasta áratug í flötina í R5 og neðst í lautina í R6. Þær hafast vel við og blómgast árlega.

*Geum* cf *sudeticum* × *G. rivale* - [R]. Fræplöntur af *G. × sudeticum* voru gróðursettar 2003 á flötina í R5 og lautina í R6. Þeim svipar mjög til fjalldalafíls og eru blandaðar honum. Þær virðast þrífast vel.

*Potentilla crantzii* (Crantz) G. Beck ex Fritsch - GULLMURA - [N]. Gullmura er mjög algeng, einkum í slitróttum heiðagróðri og vallendi.

*Potentilla erecta* (L.) Rauchel - BLÓÐRÓT - [A]. Planta frá Rauðavatni var gróðursett í R5 á áttunda áratugnum og lifir enn, önnur af erlendum uppruna gróðursett þar rétt hjá 2006.

*Potentilla fruticosa* L. - RUNNAMURA - [R]. Plöntur af runnamuru voru gróðursettar 1986 við lækinn austast í R5. Þær, sem eftir lifa, hafa lítið vaxið og sjaldan blómgast.

*Rosa bella* Rehd. et Wils. - FAGURRÓS - [R]. Tvær plöntur af fagurrós voru gróðursettar 1994 í R5. Þær hafa vaxið upp í mannhæðarháa runna og dreift sér dálítið með jarðrenglum. Þær blómgast af og til og bera þá nýpur.

*Rosa canina* L. - HUNDARÓS - [R]. Planta frá Upplandi í Svíþjóð var gróðursett 1989. Hún hefur vaxið upp í um það bil tveggja metra háan runna, en er viðkvæm fyrir haustkali. Hún hefur blómgast lítilliga undanfarin ár og komið með nýpur.

*Rosa davurica* Pall. - DÁRÍURÓS - [R]. Ein planta var gróðursett 1988 efst í R3. Hefur hún vaxið vel, blómgast árlega og kemur með nýpur. Haustið 2007 fannst sjálfsáð planta af dáríurós utan við athugunarsvæðið, í lúpínubreiðu u.þ.b. 20 m norðan við plöntuna sem var gróðursett 1988. Þetta er þróttmikil planta sem virðist vera meira en fimm ára.

*Rosa dumalis* Bechst. - GLITRÓS - [A]. Planta af klóninum sem vex að Kvískerjum í Örafjum var gróðursett 1994. Hún óx lítið í fyrstu en er að braggast nú upp á síðkastið. Hún hefur aldrei blómgast.

*Rosa* × *kamtschatica* Vent. STRANDRÓS - [R]. Strandrósir, sem eru blendingar á milli ígulrósar, *R. rugosa*, og síberísku kanelrósarinnar, *R. davurica*, hafa verið gróðursettar á nokkrum stöðum á svæðinu. Þær hafa þrífist misjafnlega, en nokkrar blómgast og koma með nýpur.

*Rosa moyesii* Hemsl. - MEYJARÓS - [R]. Tvær meyjársir voru gróðursettar 1994 í bústaðsstæði í R5 og ein 2001 í R7a. Þetta eru allt plöntur sem voru sjálfsáðar í garði mínum við Logafold. Þær þurfa áburðargjöf til að geta farið að vaxa í óræktuðum jarðvegi en eftir að hafa búið um sig í nokkur ár virðast þær vaxa eðlilega. Ein þeirra er þegar farin að blómgast og koma með nýpur.

*Rosa pendulina* L. - FJALLARÓS - [R]. Tvær fjallarósir sem voru ræktaðar upp af innfluttu fræi í Lystigarði Akureyrar voru gróðursettar 1988 í R5. Þær vaxa mjög vel, dreifa sér lítilliga með jarðrenglum, blómgast árlega og koma með nýpur. Planta af klóni sem algengastur er í gördum Reykvíkinga var gróðursett í lækjargilsbakkann. Hún

blómgast af og til en setur aldrei nýpur. Nýlega hafa tvær plöntur sem voru sjálfsáðar í garðinum hjá mér verið gróðursettar önnur í R5 en hin austarlega í R6 og virðast þær taka vel við sér.

*Rosa pimpinellifolia* L. - ÞYRNIRÓS - [A,R]. Þyrnirós, sem var alin upp af innfluttu fræi, var gróðursett í Ytrilaut á sjötta áratugnum. Hún hefur nú dreift sér með jarðrenglum um stórt svæði, einkum í R6 sem er utan utan skógarlundarins. Hluti af klóninum var á sjöunda áratugnum fluttur austast í R5 og hefur einnig dreift mikið úr sér. Þar skammt frá var um sama leyti gróðursett planta af klóni með fylltum blómum sem kallaður hefur verið 'Gamla Reykjavík'. Sú planta hefur einnig dreift dálítið úr sér. Allir þessir klónar blómgast af og til en aldrei mikið. Tvær plöntur af óþekktum uppruna voru gróðursettar í R5 á sjöunda áratug síðustu aldar og nuna síðustu tvo áratugin hafa verið gróðursettar plöntur af nokkrum íslenskum þyrnirósum, þ.e. frá Klungurbrekku á Snæfellsnesi, úr Ísafjarðardjúpi og ein sem hugsanlega er af Suðurlandi en uppruni er ekki þekktur. Einnig planta af klóninum 'Katrín Viðar' sem kom upp af fræi í Grasagarði Reykjavíkur. Engin þessara síðastnefndu plantna hefur blómgast nema hvað klóninn frá Klungurbrekku hefur tvisvar borið blóm.

*Rosa rugosa* Thunb. - ÍGULRÓS - [E,R]. Ígulrós, sem hafði verið gróðursett á þriðja áratugnum en flutt árið 1950 í R1, stendur þar enn. Planta frá Skeiðháholti á Skeiðum var gróðursett 1995 og 1991 tvær plöntur, sem voru ræktaðar upp af fræi úr garði í Anchorage í Alaska, í R5. Þessar tvær síðastnefndu eru líklega tegundabastarðar. Allar þessar rósir hafa blómgast en ekki árvisst.

*Rosa rugosa* × *R. × francofurtana* - [R]. Blendingur úr stýrðri víxlfrjóvgun milli framangreindra tegunda var gróðursett 2004 austarlega í R6.

*Rosa rupincola* Fisch. ex Sweet - URÐARÓS - [R]. Ein planta gróðursett 1994 austarlega í R6 hefur ekki kunnað við sig og virðist vera að veslast upp.

*Rosa villosa* L. - LÓRÓS - [R]. Planta sem var alin upp af fræi úr frönsku Ölpunum var gróðursett 2001 í R6. Hún kelur stundum en blómgast árlega og kemur með nýpur.

*Rosa sp.* - [R]. Planta, sem var alin upp af fræi af plöntu sem stendur á leikvelli í Hamrahverfi í Reykjavík, var gróðursett 2003 í R6. Hún hefur þegar blómgast og kemur með nýpur.

*Rubus idaeus* L. - HINDBER - [E,I,Æ]. Hindber, sem teljast nú fyllilega ílend hér á landi, höfðu verið gróðursett fyrir 1947 í R1. Það var klón sem óx hálfvilltur í Hólavallakirkjugarði, hann blómgaðist en bar aldrei ber. Líklegasta skýringin er að hann sé sjálfófrjór. Á sjötta áratugnum var gróðursettur annar klón í R7 sem kom árlega með ber. Eftir 1985 hafa nokkrir aðrir klónar verið gróðursettir, m.a. einn af villtum hindberjum frá Abisko í Norður-Svíþjóð. Þessir klónar hafa allir dreift sér víða með jarðrenglum og bera nú árlega ber, meira að segja sá elsti sem virðist frjóvgast sámliga eftir að aðrir frjógjafar voru komnir á svæðið.

*Rubus parviflorus* Nutt. - MÁNAKLUNGUR - [R]. Planta af mánaklungri var gróðursett 1987 í R3 og síðan annar klón neðar í sama reit 1992. Plönturnar, sem eru báðar frá Alaska, hafa breitt dálítið úr sér með jarðrenglum en aldrei blómgast.

*Rubus pubescens* Raf. - SVARÐARBER - [R]. Planta frá Nýfundnalandi, sem var gróðursett í lækjargilinu árið 2006, hefur ekki blómgast en virðist hafast vel við.

*Rubus sachalinensis* Lévl. - EYJARKLUNGUR - [R]. Ein planta var gróðursett 1985 austarlega í R5. Hún lifir enn en virðist berjast í bökkum.

*Rubus saxatilis* L. - HRÚTABER - [N]. Hrútaber voru algeng á

athugunarsvæðinu áður en landið var friðað og hafa þau enn færst í aukana og bera árlega mikið af berjum.

***Rubus spectabilis*** Pursh - LAXABER - [E,I,Æ]. Laxaber voru gróðursett á sjötta áratugnum í R5 og R7. Þau hafa dreift sér dálítið með rötarsprotum, blómgast af og til en koma sjaldan með ber. Sennilega eru þau að meira eða minna leyti sjálfófrjó. Ofan við R3 hefur fundist sjálfsáð planta inni í gamalli lúpínubreiðu.

***Sanguisorba canadensis*** L. - KANADAKOLLUR - [R]. Kanadakollur mun hafa verið gróðursettur í R7 á sjötta áratugnum og á tíunda áratugnum voru nokkrar plöntur af mismunandi uppruna gróðursett í R5. Allar plönturnar vaxa eðlilega og blómgast árlega.

***Sanguisorba obtusa*** Maxim. - RÓSAKOLLUR - [E,R]. Planta af rósakolli stendur eftir í aflögðum garði í R7 og virðist þrífast vel.

***Sanguisorba officinalis*** L. - BLÓÐKOLLUR - [A]. Planta úr Grafningi var gróðursett á sjöunda áratugnum og á þeim tíunda voru gróðursett plöntur úr Geldinganesi, Álfsnesi og frá Gröf á Snæfellsnesi. Allar plönturnar eru í R5 og vaxa eðlilega.

#### Undirætt *Maloideae*

***Amelanchier alnifolia*** (Nutt.) Nutt. - HLÍÐARAMALL - [R]. Tvær plöntur, aldar upp á Tumastöðum af fræi frá Múlakoti, voru gróðursett 1986 í R1 og R5. Báðar plönturnar hafa vaxið vel, þær blómgast árlega og þroska ber. Önnur plantan er farin að dreifa sér lítilliga með rötarteinungum.

***Cotoneaster integerrimus*** Med - GRÁMISPILL - [R]. Grámispihl frá Finnlandi hefur staðið á tveimur stöðum í R5 í rúman áratug og vaxið hægt. Sænskur klónn frá Upplandi, sem er næstum skriðull, hefur staðið þar álika lengi og vaxið vel og stundum komið með ber.

***Cotoneaster lucidus*** Schlechtend. GLJÁMISPILL - [R]. Nokkrar plöntur voru gróðursett í garði neðst á flötinni á áttunda áratugnum og síðan í Ytrilaut og R5 á tíunda áratugnum. Þær vaxa allar vel, blómgast en það er í það tæpa að berin nái að þroskast.

***Cotoneaster nan-shan*** Bois - VORMISPILL - [R]. Nokkrar plöntur af vormispli hafa verið gróðursett í mela og innan um heiðagróður í R5 og R6. Þær falla mjög eðlilega inn í heiðagróðurinn, blómgast og koma með ber.

***Cotoneaster niger*** (Thunb.) Fries - HRAFNAMISPILL - [R]. Ein planta af hrafnamispli var gróðursett 1998 í austurkantinn á R1. Hún hefur vaxið áfállalítið en hægt.

***Cotoneaster racemiflorus*** (Desf.) K. Koch - KLASAMISPILL - [R]. Planta af klasamispli var gróðursett 1992 austarlega í R5. Hefur vaxið sæmilega.

***Crataegus chlorosarca*** Maxim. - HRAFNAÞYRNIR - [R]. Tvær plöntur af hrafnaþyrni voru gróðursett í R5, önnur 1994 og hin 1997. Báðar lifa, en þeim er hætt við að lifna of snemma á vorin og skemmast í vorfrostum og hafa þær því lítið vaxið.

***Crataegus douglasii*** Lindl. - DÖGLINGSÞYRNIR - [R]. Tvær plöntur af döglingþyrni voru gróðursett 1991 syðst á flötina í R5 og ein planta 1994 strax vestan við R1. Þær voru dálitinn tíma að búa um sig en eru nú farnar að vaxa vel..

***Crataegus sanguinea*** Pall. - SÍBERÍUÞYRNIR - [R]. Plöntur af síberíuþyrni voru gróðursett í kringum 1950 í R1 og R2. Síðan var sín hvor plantan sett í R5, önnur á áttunda áratugnum en hin 1986. Allar hafa þær verið lengi að búa um sig en vaxa nú vel og tvær

þeirra blómgauðust í fyrsta sinn vorið 2007.

***Malus diversifolia*** (Bong.) Roem. - ALASKAEPLI - [R]. Tvær plöntur frá Alaska voru gróðursett í R1 fyrir 1950, Önnur sem stendur enn þar í reitnum hefur vaxið vel og er nú allhár runni en hefur aldrei blómgast. Hin var flutt í Ytrilaut 1963. Hún óx vel og blómgauðist og bar aldin um árabíl. Umhverfis hana kom upp dálítið af plöntum frá rötarsprotum. Fyrir um það bil tíu árum sýktist tréð og hefur drepist ásamt flestum rötarsprotunum, en fáeinir lifa enn og vaxa að því er virðist eðlilega.

***Sorbus × ambigua*** Michale. - BERGREYNIR - [R]. Planta af bergreyni, sem var alin upp af fræi úr Grasagarði Reykjavíkur, var gróðursett 2006 í R7 og er ekki annað að sjá en að hún hafist vel við.

***Sorbus aria*** (L.) Crantz. - SELJUREYNIR - [R]. Seljureynir af fræi úr Suðurölpunum frönsku var gróðursett 2006 í R5.

***Sorbus aucuparia*** L. - REYNIVÐUR - [E,A,R,Æ]. Mikið hefur verið gróðursett af reynivið allt frá því um 1950. Framan af voru það plöntur sem seldar voru hjá Skógrækt ríkisins en snemma fór ég að sá reyniberjum og gróðursetja plönturnar sem komu upp af þeim. Á seinni árum hefi ég safnað fræi af trjám úr ýmsum landshlutum t.d. úr Vatnsfirði og af einstökum þekktum trjám svo sem trjánum að Skriðu í Hörgárdal, Munkaþverá í Eyjafirði, Tryggvatré í Þrastaskógi og frá Bildsfelli í Grafningi. Flest þessara trjáa hafa vaxið mjög vel en þau eru margvísleg í útliti. Á seinni árum hefur komið upp fjöldinn allur af sjálfsáðum trjám, sérstaklega í lúpínubreiðum og eru þetta einstaklega fallegar og efnilegar plöntur. Fræplanta af yrkinu 'Pink Pearl' sem sáð var í Grasagarði Reykjavíkur var gróðursett 1994. Hún hefur vaxið vel og blómgast hin síðari ár en ber hafa ekki þroskast.

***Sorbus californica*** Greene - SPÖRVAREYNIR - [R]. Planta af spörvareyni sem var gróðursett 1989 í R5 kól nokkuð fyrstu árin eftir plöntun en hefur vaxið upp í lítinn runna sem blómgast nú orðið og kemur með ber sem eru mjög eftirsótt af spörfuglum.

***Sorbus cashmiriana*** Hedl. - KASMÍRREYNIR - [R]. Planta af kasmíreyni var gróðursett 2000 ofarlega í austurjaðarinn á Ytrilaut og árið eftir önnur í R7. Fyrri plantan hefur vaxið sæmilega en hin sem stendur lágt, þar sem meiri hætta er á næturfrostum, hefur kalið nær árlega og þrífist illa.

***Sorbus commixta*** Hedl - FJALLAREYNIR - [R]. Fjallareynir var gróðursett 1985 í R1. Hann hefur vaxið vel og blómgast árlega en setur aldrei ber. Þetta tré kann að vera ófrjór bastarður eða hafa borist undir röngu nafni og þyrfti að athugast nánar. Á þessum áratug hafa nokkrar fjallareyniplöntur af mismunandi uppruna verið gróðursett í R5 og R7. Virðast þær vaxa eðlilega en eru ekki farnar að blómgast enn.

***Sorbus dacica*** Borbas - RÚMENÍUREYNIR - [R]. Ein planta af rúmeníureyni frá Grasagarði Reykjavíkur var gróðursett 1994 í R5. Hún lifir vel en vex hægt.

***Sorbus decora*** (Sarg.) Schneid. - SKRAUTREYNIR - [R]. Planta af skrautreyni var gróðursett 2002 í R6. Hún hefur orðið fyrir skemmdum í vorfrostum en vex annars hægt og að því er virðist eðlilega.

***Sorbus frutescens*** McAll. - KOPARREYNIR - [R]. Planta sem var gróðursett 2002 í R5 kelur nær árlega vegna þess að hún fer of snemma af stað á vorin og hefur hún ekkert stækkað.

***Sorbus × hostii*** (Jacq. f.) K. Koch - ÚLFAREYNIR - [R]. Tvær plöntur voru gróðursett 1986 en síðan voru sín hvor plantan, sem voru sjálfsáðar í garði mínun við Logafold, gróðursett 1997 og

2002. Þær standa allar í R5 og hafa vaxið áfallalítið og þær elstu blómgast af og til og þroska ber.

*Sorbus hybrida* L. - GRÁREYNIR - [E,R]. Gömul gráreynitré standa í R1 og R7a, en nokkur mun yngri tré vaxa í Ytrilaut og R5. Nær öll trén hafa vaxið vel og blómgast stundum og setja ber. Engar sjálfsáðar plöntur hafa þó fundist. Þau tré sem flokkuð hafa verið sem *S. hybrida* hér á landi eru all sundurleitir hópur smátegunda sem mynda fræ án frjóvgunar. Löngu er orðið tímabært að rannsaka þessi tré nánar og endurflokka.

*Sorbus mougeotii* Soy - ALPAREYNIR - [R]. Nokkrar plöntur af alparyni hafa verið gróðursett á undanförunum árum, sú fyrsta 1986. Þær hafa vaxið áfallalaust og þær elstu blómgast árlega og koma með dálítið af berjum. Sjálfsáin planta fannst nýlega í Ytrilaut.

*Sorbus sambucifolia* (Cham. et. Schlechtend) Roem. - RUNNAREYNIR - [R] Planta af runnareyni var gróðursett 1985 í R5 og önnur rétt austan við Ytrilaut 1995. Þær lifa enn, en hafa nær ekkert vaxið vegna þess að þær skemmast nær árlega af völdum vorfrosta.

*Sorbus sitchensis* Roem. - SITKAREYNIR - [R]. Ein planta af sitkareyni var gróðursett 2006 rétt austan við Ytrilaut, hún virðist þrífast vel a.m.k. enn sem komið er.

*Sorbus sp.* - [R]. Planta sem vaxin er upp af ágræddri grein frá Svíþjóð var gróðursett 1991 í R5. Hefur vaxið hægt og aðrei blómgast.

#### Undirætt *Prunoideae*

*Prunus avium* (L.) L. 'Skuggmorell' - FUGLAKIRSIBER - [R]. Ágrædd planta var gróðursett 1994 í R3. Hún kelur stundum, en hefur blómgast og komið með vísa að berjum en þau hafa aldrei náð að þroskast.

*Prunus brigantiana* Vill. - VILLIPLÓMA - [R]. Ein planta úr Suðurölpunum frönsku var gróðursett 2005 og hefur vaxið áfallalaust til þessa.

*Prunus padus* L. - HEGGUR [R]. Tvær heggplöntur frá Danmörku voru gróðursett á áttunda áratugnum í R1 og R5. Þær hafa vaxið vel. Eftir 1984 hafa plöntur frá norðanverðri Skandinavíu verið gróðursett í Ytrilaut og R5. Þær hafa einnig vaxið vel. Allar þessar plöntur hafa blómgast árlega eftir að þær höfðu náð þroska til, en þær eru allar smitaðar af sveppnum *Taphrina pruni* sem virðist ekki hrjá plönturnar að öðru leyti en því að blómin frjóvgast ekki og engin ber koma á trén. Planta af yrkinu 'Colorada' var gróðursett 2005 í R6. Hún hefur kalið dálítið og vafasamt hverjum þroska hún nær.

#### 27. *Fabaceae* ERTUÆTT

*Anthyllis vulneraria* L. - GULLKOLLUR - [N]. Gullkollur er mjög algengur á athugunarsvæðinu, einkum á melum og þar sem gróðurþekja er slitrótt.

*Caragana arborescens* Lam. - GARÐAKERGI - [R]. Tvær plöntur af garðakergi voru gróðursett í R3 á sjötta áratugnum og í R5 á þeim áttunda. Báðar plönturnar lifa vel, þó að birkiskógur sé vaxinn yfir þær, en þær blómgast ekki.

*Cytisus purgans* (L.) Boiss. - GEISLASÓPUR - [R]. Planta af geislasópi var gróðursett 1993 í R5. Hún vex vel og blómgast en hefur ekki þroskað fræ. Eftir árið 2000 hafa nokkrar plöntur af fræi sem safnað var í skógarmörkum í Pyrineafjöllum verið gróðursett í R5 og R6. Þær hafa vaxið vel og eru þær stærstu farnar að blómgast og þroska fræ.

*Laburnum alpinum* (Mill.) Bercht. et J. S. Presl, - FJALLA-GULLREGN - [R]. Tvær plöntur af fjallagullregni voru gróðursett á sjötta áratugnum ofarlega í R3 og hin á þeim sjöundna í lækjargilsbarminn í R5. Þær hafa vaxið vel, blómgast ríkulega og þroskað fræ.

*Lathyrus linifolius* (Reichard) Bässler - LYGERTUR - [R,Æ]. Ein planta var gróðursett 1985 í lyngheiðagrödlendi í R5. Hefur vaxið vel, blómgast árlega og þroskar fræ. Ein sjálfsáð planta fannst nýlega.

*Lathyrus pratensis* L. FUGLAERTUR - [E,A]. Fuglaertur frá nokkrum stöðum á landinu hafa verið gróðursett hér og þar á svæðinu. Þær fyrstu snemma á fimmta ártugnum. Sums staðar hafa þær breitt úr sér yfir allstór svæði en á öðrum stöðum eru þær horfnar af stöðum þar sem þær höfðu vaxið um árabíl. Þær blómgast árlega og mynda fræbelgi en virðast aldrei hafa náð að þroska fræið.

*Lathyrus sylvestris* L. - SKÓGARERTUR - [R]. Skógarertur hafa nokkrum sinnum verið gróðursett og lifa í nokkur ár og blómgast. Aðeins ein planta sem gróðursett var 1994 í gamla bústaðsstaðið lifir enn.

*Lathyrus vernus* (L.) Bernh. - VORERTUR - [R]. Ein planta var gróðursett í R1 á sjötta áratugnum. Hún lifir góðu lífi, blómgast árlega en hefur ekkert breitt úr sér.

*Lotus corniculatus* L. - MARÍUSKÓR - [R]. Nokkrar plöntur af maríuskóm voru gróðursett 1994 í R5 og R6. Aðeins tvær lifa enn, þær blómgast árlega og þroska fræ. Sjálfsáinna plantna hefur ekki orðið vart.

*Lupinus nootkatensis* Donn ex Sims - ALASKALÚPÍNA - [I,Æ]. Alaskalúpína var ekki óalgeng í gördum Reykvíkinga á fimmta áratug aldarinnar sem leið. Líklega voru það plöntur upprunnar frá Schierbeck landlækni sem ræktaði hana í garði sínum á níunda áratug nítjándu aldar <sup>21</sup>. Í bókinni Garðagróður er hún ranggreind sem *L. perennis* og var henni þar gefið íslenkt nafn, refabaunir <sup>12</sup>. Þegar ég fór í sumarvinnu í Hólavallakirkjugarði 1946 óx alaskalúpína hér og þar á leiðum sem fallin voru í örækt og á geymslusvæði við Ljósvallagötu. Plöntur sem ég ræktaði upp af fræi þaðan voru gróðursett 1951 í R3 og breiddust fljótlega út um melana þar og síðan í R4 eftir að sá partur var girtur. Eftir 1964 var hún gróðursett í R5 en þar mun hún hafa blandast venslahópi sem óx handan Keldnavegarins og á uppruna sinn að rekja til þeirrar lúpínu sem Hákon Bjarnason <sup>10</sup> kom með frá Alaska 1945. Eftir að beit lagðist af í nágrenninu á áttunda áratugnum fór lúpína að flæða niður Keldnaholtið og er lúpínan í vesturhluta R6 komin af plöntunum í þeirri breiðu. Lúpína er nú horfin þar sem hún var gróðursett fyrst og víða farrin að hoga af þeim stöðum sem hún settist fyrst að.

*Lupinus polyphyllus* Lindl. - GARÐALÚPÍNA - [E]. Garðalúpína stendur eftir í aflögðu blómabeði í R7.

*Lupinus polyphyllus* × *nootkatensis* - [I]. Í R7 hafa komið upp plöntur sem greinilega eru bastarðar garðalúpínu og alaskalúpínu.

*Trifolium medium* L. - SKÓGARS MÁRI - [I,R]. Skógarsmári hefur verið fluttur á svæðið frá nokkrum stöðum, m.a. frá Rauðavatni í lok sjöunda áratugarins, Danmörku á áttunda áratugnum og Noregi 1992. Allir klónarnir hafa breitt úr sér með renglum og þekja nokkurra fermetra svæði hver. Skógarsmárin blómgast árlega en myndar ekki fræ. Svo virðist sem hæfan frjóbera vanti.

*Trifolium pannonicum* Jacq. - ENJASMÁRI - [R]. Ein planta af engjasmára var gróðursett 1999 í R6. Hún virðist hafast vel við og blómgast árlega. Ekki hefur verið athugað hvort hún þroskar fræ, en engar sjálfsáðar plöntur hafa fundist.

*Trifolium pratense* L. - RAUÐSMÁRI - [I,R]. Rauðsmára var sáð í mel í R6 á sjöunda áratugnum. Dreifðist hann þaðan með fræjum næstu áratugi, en eftir að landið hefur gróið upp og elstu plönturnar deyjja, fer venslahópurinn minnkandi. Rauðsmára var einnig síðar sáð í R5 og þeim plöntum sem komu upp fer fækkandi og engrar nýliðunar verður var.

*Trifolium repens* L. - HVÍTSMÁRI - [N] Hvítmári er algengur á svæðinu, einkum í sendnum jarðvegi og lágvöxnu graslendi.

*Vicia cracca* L. - UMFEÐMINGUR - [A] Á áttunda áratugnum var umfeðmingur gróðursettur í siltjarðvegi á tveimur stöðum í R5. Var hann settur í siltjarðveg sem greinilega hæfir ekki tegundinni og hafa plönturnar rétt tórað og ekki breitt neitt úr sér.

*Vicia sepium* L. - GILJAFLEKJA - [A,Æ] Tveir klónar af giljaflekju voru gróðursettir í R4 á sjötta áratugnum. Síðar voru hnausar af þeim fluttir á nokkra staði í R5 og R6. Giljaflekjan blómgast árlega og þroskar fræ. Hún hefur dreift sér bæði með jarðrenglum og fræjum.

### 28. Oxalidaceae SÚRSMÆRUÆTT

*Oxalis acetocella* L. - SÚRSMÆRA - [A]. Plöntur af súrsmæru hafa verið gróðursettar nokkrum sinnum en alltaf dáði út nema plöntur sem gróðursettar voru 2001 í R3 lifa enn og blómgast en hafa ekki sáð sér neitt.

### 29. Geraniaceae BLÁGRESISÆTT

*Geranium pratense* L. - GARÐABLÁGRESI - [E,R]. Nokkrar plöntur af garðablágresi hafa verið gróðursettar á síðustu árum í R5. Þær lifa vel og blómgast en sjálfsáðar plöntur hafa ekki fundist. Einnig standa okkrar plöntur eftir í aflögðum garði í R7.

*Geranium sylvaticum* L. - BLÁGRESI - [N]. Nokkrar blágresiplöntur uxu á tveimur stöðum í R5 áður en landið var friðað. Síðan hefur því fjölgað mikið og breiðst það ört út.

### 30. Linaceae LÍNÆTT

*Linum catharticum* L. - VILLILÍN - [N]. Villilín vex hér og þar í þurru mólendi en er ekki algengt.

### 31. Euphorbiaceae MJÓLKURJURTAÆTT

*Euphorbia cyparissias* L. - SEDRUMJÓLK - [R]. Planta af sedrumjólki sem gróðursett var í R6 árið 2006 lifir, en ógerningur er að segja um hverjum þroska hún nær.

*Euphorbia palustris* L. - MÝRAMJÓLK - [R]. Planta af mýramjólki frá Grasagarði Reykjavíkur var gróðursett við lækinn 1994. Hún lifir enn og blómgast árlega.

*Euphorbia villosa* Waldst. et Kit. ex Willd. - HREISTURMJÓLK - [R]. Planta af hreisturmjólki frá Grasagarði Reykjavíkur var gróðursett 1994 í R5. Hún hefur þrífist vel og blómgast árlega.

*Mercurialis perennis* L. - SKÓGARBINGALL - [R]. Plöntur af skógarbingli voru gróðursettar 1988 og 1994 í R1. Þær lifa báðar, blómgast árlega og hafa dreift litlilega úr sér með rötarsprotum.

### 32. Aceraceae HLYNSÆTT

*Acer platanoides* L. - BRODDHLYNUR - [R]. Broddhlynur var gróðursettur 1994 í R4 og annar 1997 í R1. Þeir uxu lítið í fyrstu en virðast vera að taka við sér.

*Acer pseudoplatanus* L. - GARÐAHLYNUR - [R]. Tveir garðahlynir rúmlega 10 m háir, sem gróðursettir voru á sjötta áratugnum standa

neðst í R3. Þeir blómgast árlega á seinni árum og þroska fræ. Ein garðahlynspanta var gróðursett á áttunda áratugnum í R5, óx hún hægt í fyrstu en hefur verið að taka við sér upp á síðkastið. Á tíunda áratugnum voru gróðursettar nokkrar plöntur í Ytrilaut. Voru þær ræktaðar upp af fræi af nokkrum þekktum tjáram í Reykjavík, einu úr frönsku Ölpunum og einu norsku. Þetta eru nú að verða hin myndarlegustu tré.

*Acer sp.* - [R]. Planta frá Kanada stendur í R7a. Er hún sú eina sem lifir af 5 plöntum sem Vigdís Finnogadóttur, forseta Íslands, höfðu verið gefnar og gróðursettar voru þarna 1997.

### 33. Thymelaceae TÝSBLÓMAÆTT

*Daphne mezereum* L. - TÖFRASPROTI - [R]. Töfrasprotar voru ræktaðir í gördum í R5 og R7 um allnokkurt skeið á síðari hluta aldarinnar sem leið. Þeir þrífust vel, blómgudust og báru ber. Á síðari hluta níunda áratugarins voru þeir horfnir og svo virðist sem einhver hafi fjarlægt þá. Í R7 er nú að vaxa upp lítil planta af töfrasprota, sem allt bendir til að sé sjálfsáð þar.

### 34. Eleagnaceae SILFURBLAÐSÆTT

*Hippophaë rhamnoides* L. - HAFÞYRNIR - [R]. Plöntur af hafþyrni voru gróðursettar á sjöunda áratugnum í R5. Hafa þær vaxið allvel og dreifst yfir nokkurt svæði með jarðrenglum. Þetta eru plöntur af báðum kynjum, þær blómgast árlega og koma með vísa af berjum, en berin ná næstum aldrei að þroskast þar sem plönturnar eru af of suðlægum uppruna. Tvær plöntur sem aldar voru upp af íslensku fræi voru gróðursettar í vegkantinn í R6 vorið 2006.

### 35. Cluciaceae GULLRUNNAÆTT

*Hypericum ascyron* L. - TYRKJAGULL - [R]. Nokkrar plöntur af tyrkjagulli voru gróðursettar 2003 í R7. Að minnsta kosti ein lifir ennþá, en ekki lítur út fyrir að hún verði langlíf þarna.

*Hypericum maculatum* Cranz - FLEKKJAGULL - [R]. Nokkrar flekkjagullsplöntur af mismunandi uppruna voru gróðursettar hér og þar í R5 á tíunda áratugnum. Hafa þær allar vaxið vel, blómgast árlega og þroska fræ. Sjálfsáinna plantna hefur þó ekki orðið var.

### 36. Violaceae FJÓLUÆTT

*Viola canina* L. - TÝSFJÓLA - [N]. Týsfjóla vex hér og þar í mólum og graslendi.

*Viola cf canina* L. s.l. - [R] Nokkrar plöntur af fjólu sem alin var upp af fræi úr Ölpunum voru gróðursettar hér og þar á svæðinu á fyrstu árum þessarar aldar. Vaxa þær vel og blómgast, en ekki hefur verið fylgst með því hvort þær þroski fræ.

*Viola palustris* L. - MÝRFJÓLA - [N]. Mýrfjóla vex í deiglendi í námunda við Klofningslæk.

### 37. Cistaceae SÓLAUGNAÆTT

*Helianthemum nummularium* (L.) Mill. - GLÓAUGA - [R]. Planta af glóauga úr Alþafjöllum var gróðursett 1999 í R6. Hún virðist hafa vaxið eðlilega og blómgast af og til.

### 38. Onagraceae EYRARRÓSARÆTT

*Chamerion angustifolium* (L.) Holub. - SIGURSKÚFUR - [A]. Sigurskúfur var fluttur inn á svæðið úr brekkunum neðan við bæjarstæði Grafar sem er á næstu grösom. Hann hefur nú breiðst út um mikið af þeim stöðum sem eru með siltjarðvegi og teygir sig sums staðar upp í mólendi en er þar mun gisnari. Hann blómgast árlega og setur fræ, nema þar sem hann vex á skuggsælum stöðum

inni í skógarlundunum í R3 þar getur hann orðið nærri mannhæðar hár en blómgast ekki.

*Epilobium ciliatum* Raf. - VÆTUDÚNURT - [S]. Vætudúnurt er ilend tegund sem hefur borist inn á svæðið og vex þar á nokkrum stöðum, einkum í námunda við lækinn.

*Epilobium palustre* L. - MÝRADÚNURT - [N]. Mýradúnurt er nokkuð algeng einkum í raklendi.

### 39. *Cornaceae* SKOLLABERJAÆTT

*Cornus cericea* L. - SVEIGHYRNIR - [R]. Planta frá Alaska var gróðursett 1996 í R5. Hún hefur vaxið allvel en ekki blómgast enn.

### 40. *Araliaceae* BERGFLETTUÆTT

*Oplopanax horridus* (Sm.) Miq. - ÞYRNISTOKKUR - [R]. Tvær plöntur voru gróðursettar 1985 og 1996 í R3. Þær lifa báðar og hafa stundum blómgast en aldrei þroskað aldin.

### 41. *Apiaceae* SVEIPJURTAÆTT

#### Undirætt *Saniculoideae*

*Astrantia major* L. - SVEIPSTJARNA - [R]. Sveipstjarna úr garði mínum við Logafold var gróðursett 2000 í R5. Síðan voru allnokkrar plöntur, sem voru ræktaðar upp af fræi úr Suðurölpunum frönsku, gróðursettar 2005 hér og þar í R5 og R6. Þessar plöntur lifa vel og blómgast.

#### Undirætt *Apiodeae*

*Aegopodium podagraria* L. - GEITAKÁL - [S]. Geitakál barst inn í R5 á sjöunda áratugnum, sennilega með aðfluttum plöntum. Hefur síðan vaxið í námunda við lækinn og blómgast árlega og setur fræ.

*Angelica sylvestris* L. - GEITHVÖNN - [A]. Geithvönn var gróðursett við lækinn á sjöunda áratugnum. Hún hefur haldist þar við með sjálfsáningu en breiðist ekkert út.

*Angelica ursina* (Rupr.) Maxim - BERUHVÖNN - [R]. Risahvönn var gróðursett við lækinn 1996. Hún lifir enn, en hefur lítið vaxið.

*Anthriscus sylvestris* (L.) Hoffm. - SKÓGARKERFILL - [S]. Skógarkerfill vex á nokkrum stöðum í R7. Hvernig hann barst þangað er ekki vitað.

*Carum carvi* L. - KÚMEN - [A]. Nokkrar plöntur vaxa í vegkanti Keldnavegarins og mun kúmenið upphaflega hafa borist þangað á sjötta áratugnum með jarðvegi frá Keldnabænum. Plöntunum hefur fækkað undanfarin ár.

*Heracleum sphondylium* L. - HÚNAKLÓ - [R,Æ]. Plöntur af húnakló voru fluttar vestan úr Skjólum í Reykjavík á níunda áratugnum. Þær hafa haldist þarna við og sáð sér lítillaga út.

*Levisticum officinale* W. D. J. Koch - SKESSUJURT - [R]. Planta af skessujurt var gróðursett í R3 á sjötta áratugnum og hefur haldist þar við. Hún blómgast árlega en ekki hefur þess orðið vart að hún hafi sáð sér út

*Meum athamanticum* Jaco. - BJARNARRÓT [R]. Planta frá Grasagarði Reykjavíkur var gróðursetti 2006 í R6 og virðist hún kunna vel við sig.

*Myrrhis odoratum* (L.) Scop. - SPÁNARKERFILL - [E,Æ]. Spánarkerfill var ræktaður í matjurtagörðunum við gömlu sumarbústaðina. Í R7a er dálítið af sjálfsáðum plöntum og hafa þær

sáð sér upp í neðri hlutann af R3.

*Pimpinella major* (L.) Hudson, - VISKURÓT - [R]. Ein planta kom upp af fræi í bústaðsstaðinu í R5 1999. Eftir að hún blómgadist dó hún en síðan hefur ný sjálfsáin planta komið upp.

### 42. *Pyrolaceae* VETRARLILJUÆTT

*Pyrola minor* L. - KLUKKUBLÓM - [N]. Klukkublóm vaxa á einum stað sunnan við lækinn í R5.

### 43. *Ericaceae* LYNGÆTT

*Arctostaphylos uva-ursi* (L.) Sprengel - SORTULYNG - [A]. Áður fyrr var sortulyng hvergi til á þessum slóðum, en um miðjan níunda áratuginn fannst ein planta í R6 og síðan hafa margar aðrar fundist og virðist tegundin vera að breiðast mikið út. Ekki hefur orðið vart berja á þessum plöntum svo að fjölgunin virðist vera með fræjum sem fuglar bera ofan af Austurheiðum.

*Calluna vulgaris* (L.) Hull. - BEITILYNG - [N]. Beitilyng var algeng tegund í heiðagróurlendi og virðist hafa breiðst mikið út eftir að landið var friðað.

*Oxycoccus microcarpus* Turcz. ex Rupr. MÝRABERJALYNG - [R]. Ein planta af mýraberjalyngi frá Upplandi í Svíþjóð var gróðursett á áttunda áratugnum við lækinn. Hún lifir enn, hefur blómgast nokkrum sinnum en berja hefur ekki orðið vart.

*Vaccinium uliginosum* L. - BLÁBERJALYNG - [N]. Bláberjalyng er algengt, einkum í holtum og innan um heiðagróður.

*Vaccinium vitis-idaea* L. - RAUÐBERJALYNG - [A]. Planta af rauðberjalyngi sem talin er innlend var gróðursett á áttunda áratugnum í lækjargilsbrúnina. Hún hefur breitt talsvert úr sér, en aðeins blómgast einu sinni og kom þá með ber. Norsk planta var gróðursett 1989 í lyngheiði austar í R5, en hún hefur lítið vaxið.

### 44. *Empetraceae* KRÆKILYNGSÆTT

*Empetrum nigrum* L. - KRÆKILYNG - [N]. Krækilyng er algengt í holtum, melum og innan um gisinn heiðagróður.

### 45. *Primulaceae* MARÍULYKILSÆTT

*Cortusa turkestanica* Losinsk. - HIRÐINGJABJALLA - [R]. Hirdingjabjalla hefur verið gróðursett nokkrum sinnum frá 1994 í R5 og virðist haldast vel við í niturrikum jarðvegi t.d. undir runnum af sitkaöl eða í gráöslundum..

*Lysimachia nummularia* L. - SKILDINGABLÓM - [R]. Plöntur af skildingablómum voru gróðursettar við lækinn bæði árið 2000 og 2004. Báðar lifa en hvort þær eiga framtíð fyrir sér er of snemmt að segja til um.

*Lysimachia punctata* L. - ÚTLAGI - [E,R]. Planta af útlaga var gróðursett neðarlega á flötinni í R5 á sjöunda áratugnum. Hún hefur vaxið vel og breitt dálítið úr sér og blómgast árlega. Einnig stendur planta af útlaga í aflögðum garði í R7.

*Lysimachia thyrsiflora* L. - GULLSKÚFUR - [R]. Plöntur af gullskúfur voru gróðursettar við lækinn á áttunda áratugnum. Þær tóra ennþá, en ná ekki neinum eðlilegum vexti.

*Lysimachia vulgaris* L. - STRANDSKÚFUR - [R]. Planta sem gróðursett var í blautt flag sunnan við lækinn hefur vaxið allvel og breitt töluvert úr sér og blómgast árlega.

*Primula veris* L. - SIFJALYKILL - [R,Æ]. Nokkrar plöntur voru

gróðursettar 1993 í bústaðstæðið í R5. Þær hafa haldist við með sjálfsáningu fram til þessa.

*Soldanella alpina* L. - SNÆKÖGURKLUKKA - [R]. Nokkrar snækögurklukkur voru gróðursettar 1999 í mel í R6. Flestar hafa dáíð en a.m.k. ein lifir, en á tæpast nokkra framtíð fyrir sér, a. m. k. ekki á svona þurrum stað.

#### 46. *Plumbaginaceae* GELDINGAHNAPPSÆTT

*Armeria maritima* (Miller) Willd. - GELDINGAHNAPPUR - [N]. Geldingahnappur var áður algengur á melum og innan um gisinn heiðagróður en hefur fækkað á síðari árum.

#### 47. *Oleaceae* OLÍUVIÐARÆTT

*Fraxinus excelsior* L. - ASKUR - [R]. Einn askur var gróðursettur á sjöunda áratugnum í R1. Hann hefur vaxið hægt en áfallalaust og er nú kominn á þriðja metra. Önnur planta frá Vesturlandinu í Noregi var gróðursett 2002 í R5 og vex áþekkt þeirri eldri.

*Syringa × prestoniae* McKelvey 'Elenor' - FAGURSÝRENA - [R]. Ein planta var gróðursett 1986 í R1. Hún hefur blómgast árlega undanfarin ár en kemur ekki með aldin þar sem yrkið virðist vera ófrjótt.

*Syringa reflexa* Schneid. - BOGSÝRENA - [R]. Bogσύrena var gróðursett í R3 á sjötta áratugnum. Hún blómgast af og til og virðist þroska frá. Nokkrar plöntur hafa vaxið upp af rótarsprotum nálægt henni.

*Syringa vulgaris* L. - GARÐASÝRENA - [R]. Tvær plöntur af garðasýrenum voru gróðursettar 1997 í R7a. Þær vaxa hægt en að því er virðist áfallalaust. Önnur hefur blómgast einu sinni.

*Syringa wolfii* Schneid. - BJARMASÝRENA - [R]. Bjarmasýrena var gróðursett 1995 á flötina í R5. Hún hefur lítið vaxið og aldrei blómgast.

*Syringa sp. sect. Villosae* Schneid. - SÝRENA - [R]. Nokkrar sýrenur úr deildinni *Villosae*, sem eru ógreindar til tegunda, hafa verið gróðursettar á svæðinu. Þeirri fyrstu var plantað 1986 á flötina í R5. Hún hefur vaxið lítið og aldrei blómgast, vafalítið vegna þess að trjágróður í nágrenninu skyggir mjög á hana. Á seinustu sex árum hafa þrjár sýrenur, sem eru fræplöntur úr garði mínum við Logafold, verið gróðursettar í Ytrilaut og R7a. Þær virðast ætla að vaxa vel og sú elsta hefur þegar blómgast tvisvar.

#### 48. *Gentianaceae* MARÍUVANDARÆTT

*Gentianella campestris* (L.) Börner - MARÍUVÖNDUR - [N]. Mariuvendir eru algengir á svæðinu en hér vex eingöngu ljósa litarafrígríðið *f. hartmanniana* Baenitz.

*Menyanthes trifoliata* L. - REIÐINGSGRAS - [A]. Reiðingsgras var gróðursett við lækinn austast í R5 á sjöunda áratug aldarinnar sem leið. Það lifir enn þótt vaxtarstaðurinn sé ekki sem heppilegastur.

#### 49. *Rubiaceae* MÖÐRUÆTT

*Asperula taurina* L. - FÖLNASNERPA - [R]. Planta af fölvasnerpu var gróðursett 2003 í R5. Hún hefur dreift dálítið úr sér með jarðrenglum.

*Galium boreale* L. - KROSSMAÐRA - [N]. Krossmaðra er mjög algeng á svæðinu og hefur færst í aukana á seinustu áratugum.

*Galium mollugo* L. s.l. - MJÚKMAÐRA - [R]. Mjúkmaðra var

gróðursett á sjöunda áratugnum í R5 og er sú planta vel lifandi enn. Seinna fannst önnur planta í reitnum, en ekki er vitað hvernig hún er til komin.

*Galium normanii* O.C. Dahl - HVÍTMAÐRA - [N]. Hvítmaðra er mjög algeng á svæðinu.

*Galium odoratum* (L.) Scop. - ILMMAÐRA - [R]. Síðustu tvo áratugin hafa ilmmöðrur af mismunandi uppruna verið gróðursettar í R1, R5 og Ytrilaut. Þær hafa þrífist vel og breitt dálítið úr sér þar sem þær voru gróðursettar í skógarsvörð.

*Galium uliginosum* L. - LAUGAMAÐRA - [N]. Laugamaðra vex á tveimur stöðum við Klofningslæk og virðist vera að breiða úr sér á seinustu árum.

*Galium verum* L. - GULMAÐRA - [N]. Gulmaðra er mjög algeng á svæðinu.

#### 50. *Polmoniaceae* JAKOBSSTIGAÆTT

*Polemonium coeruleum* L. - JAKOBSSTIGI - [R,Æ]. Jakobsstigi hefur vaxið í Ytrilaut frá því á sjötta áratugnum. Síðan hafa jakobsstigaplöntur verið gróðursettar víða og hafa þær sáð sér dálítið út.

#### 51. *Boraginaceae* MUNABLÓMAÆTT

*Myosotis arvensis* (L.) Hill - GLEYM-MÉR-EI - [N]. Gley-mér-ei er algeng í flögum og þar sem gróðurþekja er slitrótt.

*Myosotis scorpioides* L. - ENJAMUNABLÓM - [A]. Planta af engjamunablómi, sem flutt var úr Elliðaárdal, var gróðursett við lindardý í R5 árið 2002. Hún lifir enn, en hefur ekkert breitt úr sér.

*Pulmonaria angustifolia* L. - ENJALYFJURT - [R]. Ein planta af engjalyfjurt var gróðursett 1998 í R7a. Hún lifir enn og blómgast, en hefur lítið vaxið.

*Pulmonaria mollis* Wulf. et Hornem. - FLOSLYFJURT - [R]. Ein planta af floslyfjurt var gróðursett 1986 í R1. Hún lifir enn og blómgast en hefur lítið vaxið.

*Pulmonaria officinalis* L. - LÆKNAJURT - [R]. Planta af læknajurt af fræi úr Ölpunum var gróðursett 1999 í R4. Hún vex vel og blómgast árlega.

*Pulmonaria rubra* Schott - ROÐALYFJURT - [R]. Allt frá 1986 hafa plöntur af roðalyfjurt verið gróðursettar í R5 og Ytrilaut. Þær vaxa vel og blómgast en sjálfsáinna plantna hefur ekki orðið vart.

*Pulmonaria saccharata* Mill. - NÝRNAJURT - [R]. Ein planta af nýrnajurt var gróðursett 1996 í R4. Hún lifir enn og blómgast en hefur lítið vaxið.

*Pulmonaria sp.* - [R] Plöntur sem voru sjálfsáðar í garði mínum við Logafold og hugsanlega eru bastarðar *P. mollis* × *P. rubra*, hafa verið gróðursettar í Ytrilaut allt frá 1986. Þær lifa vel og blómgast.

#### 52. *Lamiaceae* VARABLÓMAÆTT

*Galeopsis tetrahit* L. - GARÐAHJÁLGRAS - [A]. Garðahjálgras hefur lengi haldist við sem illgresi í kartöflugörðum en mun að öllum líkindum hverfa á næstu árum eftir að garðarnir hafa verið lagðir af.

*Glechoma hederacea* L. - KROSSHNAPPUR - [R]. Frá 1999 hafa plöntur af krosshnappi verið gróðursettar víða og virðast þrífast vel, einkum í skógarbotni og lúpinubreiðum.



*Lamium galeobdolon* (L.) Ehrend. et Polatsch. *subsp. montanum* (Pers.) Ehrend. et Polatschek - GULLTVÍTÖNN - [R]. Nokkrar plöntur af gulltvítönn hafa verið gróðursettar undanfarin ár í Ytrilaut, R1 og R7a. Sumar lifa ennþá en ekki er hægt að segja til um hvort þær setjist að.

*Origanum vulgare* L. - KJARRMYNTA - [R]. Nokkrar plöntur af kjarmyntu voru gróðursettar 1992 í R5. Sumar þeirra lifa enn og blómgast árlega.

*Prunella vulgaris* L. - BLÁKOLLA - [N]. Blákkolla er algeng í gras- og blómlendi.

*Stachys macrantha* (C. Koch) Hyl. - ÁLFAKOLLUR - [E,R]. Tvær plöntur af álfakolli voru gróðursettar á sjöunda áratugnum í R5. Þær hafa vaxið vel og blómgast árlega. Einnig stendur planta eftir í aflögðum garði í R7. Álfakollur hefur ekki dreift sér neitt út fyrir þá staði sem hann var gróðursettur á.

*Stachys sylvatica* L. - SKÓGARljÓs - [R]. Nokkrar plöntur af skógarljósi sem voru aldar upp af fræi frá Noregi voru gróðursettar 2000 í Ytrilaut og R7a. Þær sem lentu í skógarjarðvegi hafa vaxið mjög vel, blómgast árlega og hafa breiðst út með jarðrenglum.

*Symphytum* × *uplandicum* Nyman - UPPLANDSVALURT - [R]. Planta af upplandsvalurt, sem var gróðursett á áttunda áratugnum í R5, lifir enn og blómgast en virðist fremur þróttlítill.

*Thymus praecox* Opiz *subsp. arcticus* (Durand) Valas - BLÓÐBERG - [N]. Blóðberg er algengt í margs konar gróðurlendi.

### 53. *Scrophulariaceae* GRÍMUBLÓMAÆTT

#### Undirætt *Scrophularioideae*

*Cymbalaria muralis* Gaertn. Mey. et Scherb. - DVERGAMUNNUR - [R]. Planta af dvergamunni var gróðursett 1996 í R3. Hún hefst þar við enn og blómgast ár hvert og hefur breitt dálítið úr sér.

*Linaria repens* (L.) Mill. - RANDAGIN - [E,R]. Randagin var gróðursett suðvestan við læk á sjöunda áratugnum. Það hefur breitt sig yfir stórt svæði með jarðrenglum, einkum í malarjarðvegi. Randagin vex einnig í aflögðum garði í R7.

*Mimulus tilingii* Reg. *var caespitosus* - STRANDAPBLÓM - [R]. Nokkrar plöntur af strandapblómum, sem voru aldar upp af fræi frá British Columbia, voru gróðursettar 1992 við lækinn austast í R5. Þær finnast þar enn og blómgast stundum.

*Scrophularia alpestris* Gay ex Bentham - FJALLAHNÚÐRÓT - [R]. Nokkrar plöntur af fjallahnúðrótt voru gróðursettar 1991 í R5 og Ytrilaut. Þær hafast vel við og blómgast árlega.

*Scrophularia nodosa* L. - HNÚÐRÓT - [R]. Ein hnúðrótarplanta var gróðursett í Ytrilaut 1987. Hún hefst vel við og blómgast árlega.

#### Undirætt *Rhinanthoideae*

*Bartsia alpina* L. - SMJÖRGRAS - [N]. Smjörgras er algengt á svæðinu, einkum í námunda við lækinn.

*Euphrasia frigida* Pugsley - AUGNFRÓ - [N]. Augnfró er algeng í flögum og mólendi.

*Rhinanthus minor* L. - LOKASJÓÐUR - [N]. Lokasjóður var algengur á svæðinu en á seinni árum virðist vera minna um hann.

*Veronica chamaedrys* L. - VÖLUDEPLA - [I,E,R]. Kringum 1990 voru plöntur af völudeplu frá þremur mismunandi stöðum

gróðursettar í R5. Einnig stendur breiða af henni eftir í gömlum garði í R7. Völudeplan hefur vaxið vel og fellur eðlilega inn í mó- og graslendi. Hún blómgast árlega en virðist ekki mynda fræ.

*Veronica longifolia* L. - LANGDEPLA - [E,R]. Langdepla hefur vaxið í garðinum í R1 í meira en sjötíu ár og barst áður fyrr út á nokkra staði með garðaúrgangi þar sem hún vex enn. Planta frá Varangerfirði í Noregi var gróðursett 1993 í bústaðsstæði í R5 og plöntur af þeim sama klóni voru svo gróðursettar á nokkrum stöðum 1998. Báðir klónarnir vaxa vel en blómgast missnemma. Sá norðurnorski mun fyrr.

*Veronica officinalis* L. - HÁRDEPLA - [N]. Hárdeplu hafði ekki orðið vart áður en landið var friðað, en síðan hefur hún komið í ljós á nokkrum stöðum og hafa plönturnar breitt töluvert úr sér.

*Veronica serpyllifolia* L. - LÆKJADEPLA - [N]. Lækjadepla vex á einum stað við lækinn.

### 54. *Lentibulariaceae* BLÖÐRUJURTARÆTT

*Pinguicula vulgaris* L. - LYFJAGRAS - [N]. Algeng tegund í flögum og innan um lágvaxinn gróður, einkum þar sem raklent er. Á einum stað í R6 vaxa plöntur með hvítum blómum.

### 55. *Plantaginaceae* GRÆÐISÚRUÆTT

*Plantago maritima* L. - KATTARTUNGA - [N]. Kattartunga er mjög algeng í ýmiss konar landi með gisnum gróðri.

### 56. *Caprifoliaceae* TOPPAÆTT

*Lonicera alpigena* L. - FJALLATOPPUR - [R]. Nokkrar plöntur af fjallatoppi hafa verið gróðursettar allt frá 1986. Sumum hættir til að fara of snemma af stað á vorin og verða fyrir áföllum af vorfrostum. Þær blómgast árlega og þroska aldin.

*Lonicera almannii* Regelet Schmalh. - TÚRKESTANTOPPUR - [R]. Planta af turkestantoppi frá Grasagarði Reykjavíkur var gróðursett 1995 neðarlega í R4. Hún lifir en hefur lítið vaxið sem kann að vera vegna þess að hún stendur í of miklum skugga.

*Lonicera coerulea* L. - BLÁTOPPUR - [R]. Blátoppsplöntur hafa verið gróðursettar af og til frá 1982. Eru þær af mismunandi uppruna m.a. nokkrar sem voru sjálfsáðar í garði mínum við Logafold. Þær þrífast allar vel nema nokkrar plöntur frá Kamtsjatka sem fara af stað of snemma á vorin og kala nær árlega. Blátopparnir blómgast flestir og þroska aldin en sjálfsáinna plantna hefur ekki orðið vart.

*Lonicera deflexicalyx* Batal. - GULTOPPUR - [R]. Nokkrar gultoppsplöntur hafa verið gróðursettar frá 1986. Þær eru flestar af sama klóni, þ.e. þeim sem er mest notaður í gördum í Reykjavík. Ein planta, sem var gróðursett við austurjaðar Ytrilautar, var sjálfsáð í garði mínum við Logafold. Gultoppurinn vex allvel, blómgast og þroskar aldin.

*Lonicera demissa* Rehd. - [R] HONSHUTOPPUR - [R] Tvær plöntur af honshutoppi voru gróðursettar 1991 í R1. Þær hafa lítið vaxið og aldrei blómgast.

*Lonicera hispida* Pall. - KLUKKUTOPPUR - [R]. Nokkrar plöntur af klukkutoppi hafa verið gróðursettar frá 1986. Þær vaxa mjög vel, blómgast og bera aldin árlega.

*Lonicera involucrata* (Rich.) Banks ex Spreng, s.l. - GLÓTOPPUR - [R]. Hér er fjallað um glótopp í víðri merkingu þ.e. *L. ledebourii* er ekki greind frá sem sérstök tegund. Á niunda áratugnum voru gróðursettar nokkrar plöntur sem voru af klóni sem virðist ekki hæfa staðháttum hér. Á seinustu sex árum hafa allmargar plöntur,

sem aldar voru upp af íslensku fræi sem safnað var af mismunandi klónum, verið gróðursett og blómgast þær elstu þegar og þroska aldin.

*Lonicera korolkowii* Stapf. - HIRÐINGJATOPPUR - [R]. Planta frá Grasagarði Reykjavíkur var gróðursett 1985 í brekku við bústaðsstæði í R5. Hún lifir en hefur lítið vaxið.

*Lonicera maximowiczii* (Rupr.) Maxim. - PURPURATOPPUR - [R]. Purpuratoppur var gróðursettur 1981 í R1. Hann hefur vaxið vel og blómgast árlega og ber aldin. Plöntur sem aldar voru upp af fræi af honum voru gróðursett 2006 í R5.

*Lonicera nigra* L. - SURTARTOPPUR - [R]. Surtartoppur var fyrst gróðursettur 1986 síðan hefur nokkrum öðrum verið bætt við, m.a. einum sem var sjálfgróinn í garði mínum við Logafold. Tegundin vex vel, blómgast og ber aldin árlega.

*Lonicera periclymenum* L. - SKÓGARTOPPUR - [R]. Ein planta var gróðursett 2003 í R5. Hún lifir vel en hvernig hún muni hafast við er ekki hægt að segja um enn.

*Lonicera sovetkinaea* Tkatsch. - KÍNATOPPUR - [R]. Tvær plöntur sem komu undir þessu nafni önnur frá Lystigarði Akureyrar en hin frá Grasagarði Reykjavíkur voru gróðursettar neðst í Ytrilaut 1998. Þær hafa lifað sæmilega, blómgast stundum og þroska aldin.

*Lonicera tatarica* L. - RAUÐTOPPUR - [R]. Rauðtoppsplöntur af ýmsum uppruna hafa verið gróðursett frá sjöunda áratugnum. Meðal annars plöntur sem aldar hafa verið upp af íslensku fræi og ein sem var sjálfsáin í garðinum hjá mér við Logafold. Þær eru ærið misjafnar en sumar hafa vaxið sæmilega, blómgast og bera aldin.

*Lonicera tianschanica* Pojark. - TINDATOPPUR - [R]. Planta af tindatoppi frá Grasagarði Reykjavíkur var gróðursett 1987 í R3. Hún óx vel í fyrstu en er nú aðþrengd af hávaxnari trjágróðri.

*Lonicera xylosteum* L. - DÚNTOPPUR - [R]. Dúntoppur var fyrst gróðursettur í R1 á sjötta áratugnum. Síðan hafa nokkrar plöntur verið gróðursett í R5 og Ytrilaut. Þær hafa vaxið mjög vel og bera mikið af berjum sem skógarfluglarnir kunna vel að meta.

*Lonicera sp.* - [R]. Þrjár plöntur af sama klóni, sem kom í Grasagarð Reykjavíkur undir nafninu *L. praeflorens*, en þar mun vera um ranga greiningu að ræða, voru gróðursett kringum 1990 í R4 og R5. Þessar plöntur hafa vaxið vel en virðast upprunalega komnar frá stað með mikilli meginlandsveðráttu því að þær verða oft fyrir áföllum vegna vorfrostu. Þær ná oftast að blómgast en ber ná sjaldan að þroskast..

*Sambucus callicarpa* Greene - ALASKAYLLIR - [R]. Plöntur af alaskaylli hafa verið gróðursett af og til frá 1988, flestar voru sjálfsáðar í garði mínum við Logafold. Þær hafa þrífist misjafnlega, sú elsta blómgast árlega en eitthvað virðist koma í veg fyrir nægilega frjögung því að lítið kemur af berjum.

*Symphoricarpos albus* (L.) S.F. Blake - SNJÓBER - [R]. Snjóber voru fyrst gróðursett í R3 á sjötta áratugnum og hafa breiðst þar dálítið út með rótarsprotum. Þau blómgast árlega en þroska ekki aldin nema í góðu árferði. Síðastliðin sex ár hafa verið gróðursett plöntur í R3, R5 og R7a og eru þær flestar aldar upp af íslensku fræi.

*Triosteum pinnatifidum* Maxim. - FJAÐURÞRÍKYRNI - [R]. Tvær plöntur voru gróðursett í Ytrilaut 1996. Þær uxu eðlilega, blómgust og komu með ber, en annarri þeirra var stolið fyrir nokkrum árum en hin hefst vel við.

*Viburnum edule* (Michx.) Raf. - BERSARUNNI - [R]. Planta af

bersarunna frá Lystigarðinum á Akureyri var gróðursett 1986 í R1. Hún er nú mannhæðarhá, blómgast árlega og kemur með aldin. Á tíunda áratugnum voru gróðursett nokkrar plöntur af fræi frá Alaska í R5 og Ytrilaut. Þær hafast vel við og eru farnar að bera aldin.

*Viburnum opulus* L. - ÚLFARUNNI - [R]. Planta af úlfarunna sem gróðursett var 1995 hefur vaxið hægt og er ekki enn farin að blómgast. Önnur planta sem var alin upp af fræi frá Norður-Svíþjóð var gróðursett 2006 í R1.

## 57. Valerianaceae GARÐABRÚÐUÆTT

*Valeriana sambucifolia* Mikan fil. - HAGABRÚÐA - [A]. Hagabrúða frá ýmsum stöðum á landinu og ein planta frá Sognfirði í Noregi hafa verið gróðursett, fyrst á sjötta áratugnum í Ytrilaut en síðan á tíunda áratugnum í R5. Þær sem hafa lent í frjóu, röku landi hafa vaxið mjög vel og breiða úr sér með jarðrenglum.

*Valeriana tripteris* L. - ÞRENNINGARBRÚÐA - [R]. Tvær plöntur af þrenningarbrúðu úr Júlíönsku ölpunum voru gróðursett 2006 í R6 og tóku strax vel við sér.

## 58. Campanulaceae BLÁKLUKKUÆTT

*Campanula barbata* L. - SKEGGKLUKKA - [R,Æ]. Skeggklukkufraei var sáð í bústaðsstæði í R5 á tíunda áratugnum. Nokkrar plöntur komu upp og hafa þær sáð sér dálítið síðan.

*Campanula glomerata* L. - HÖFUÐKLUKKA - [I,E,R]. Höfuðklukka hefur staðið lengi í garði í R7 og á tíunda áratugnum voru plöntur fluttar í R5. Þær kunna allar vel við sig, blómgast og breiðast hægt út með jarðrenglum.

*Campanula latifolia* L. f. *albiflora* - RISAKLUKKA - [R]. Plöntur af risaklukkan með hvítum blómum, upphaflega komnar frá Ágermanlandi í Svíþjóð voru gróðursett 1998 í R3, R5 og R7a. Þær hafa allar vaxið eðlilega og blómgast árlega.

*Campanula rotundifolia* L. - BLÁKLUKKA - [A]. Bláklukkuplöntu varð snemma vart í birkilundi í R3. Er hún sennilega sprottin upp af fræi sem borist hefur með trjáplöntusendingu frá Hallormsstað á sjötta áratugnum. Á sjöunda áratugnum voru tvær plöntur gróðursettar sunnan við lækinn og lifa allar þessar plöntur vel en hafa ekki sáð sér út.

*Phyteuma betonicifolia* Vill. - FJALLASTROKKUR - [R]. Nokkrar fjallastrokksplöntur voru gróðursett um miðjan níunda áratuginn í R5 og R6. Margar lifa góðu lífi og blómgast en sjálfsáðar plöntur hafa ekki fundist.

## 59. Dipsacaceae STÚFUÆTT

*Knautia arvensis* (L.) Coult. - RAUÐKOLLUR - [E,A]. Rauðkollur var gróðursettur á tveimur stöðum í R5 á sjöunda áratugnum og ein planta stendur eftir í aflögðum garði í R7. Rauðkollurinn vex eðlilega en hefur lítið breitt úr sér. Ekki er vitað hvort þessar plöntur eru upprunalega íslenskar eða innfluttar garðagróður.

## 60. Asteraceae KÖRFUBLÓMAÆTT

### Undirætt Asteroidae

*Achillea millefolium* L. - VALLHUMALL - [N.]. Vallhumall er algengur á svæðinu en virðist vera í afturför.

*Achillea ptarmica* L. - SILFURHNAPPUR - [I,E]. Garðafbrigði af silfurhnappi með fylltum blómum hefur vaxið í R5 frá því snemma á öldinni sem leið. Standa þessar plöntur á tveimur stöðum, en virðast vera að láta undan í samkeppninni við annan gróður.

*Adenostyles alliariae* (Gouan) A. Kern. - FJALLASVEIPUR - [R]. Á fyrstu árum þessarar aldar voru gróðursettar þrjár plöntur af fjallasveip sunnan við læk í R5 og R6. Þær lifa allar og blómgast árlega.

*Adenostylis alpina* (L.) Bluff. et Fingerh. - ALPASVEIPUR - [R]. Nokkrar plöntur sem voru sjálfsáðar í garði mínum við Logafold voru gróðursettar 2004 á flötina í R5. Sumar lifa en hafa lítið vaxið.

*Arnica montana* L. - FJALLAERNA - [R]. Nokkrar plöntur af fjallaernu voru gróðursettar 2003 í R6. Flestar þeirra lifa enn og blómgast en hver framtíðin verður er ekki gott að segja um.

*Arnica sachalinensis* (Regel.) A. Gray - SÓLERNA - [R]. Plöntur frá Lystigarðinum á Akureyri voru gróðursettar 1983 í R5. Þær hafa breitt mikið úr sér með jarðrenglum, blómgast árlega og virðast kunna vel við sig í siltjarðvegi. Nokkrar plöntur af öðrum uppruna hafa síðar verið gróðursettar í R5 og R7.

*Arnica sp.* - [R]. Plöntur, sem var sáð til undir nafninu *A. latifolia*, voru gróðursettar í R7a og R6. Þær lifa vel en fræði var greinilega ekki af þeirri tegund sem nafnið sagði til um og líkjast þær í flestu *A. sachalinensis*.

*Aster bellidiastrum* (L.) Scop. - URÐASTJARNA - [R]. Örfáar plöntur af urðastjörnu voru gróðursettar 1994 í bústaðsstæðið í R5. Að minnsta kosti ein þeirra lifir enn og blómgast árlega.

*Aster puniceus* L. - GLÆSISTJARNA - [R]. Planta af glæsisstjörnu var gróðursett 2005 á flötina í R5. Lifir enn.

*Centaurea montana* L. - FJALLAKORNBLÓM - [E,R]. Fjallakornblóm var gróðursett á nokkra staði á flötinni í R5 á sjöunda áratug aldarinnar sem leið. Einnig standa plöntur eftir í gömlum garði í R7. Það vex alls staðar vel, blómgast og hefur dreift dálítið úr sér með stuttum jarðrenglum. Ekki er útilokað að ein planta sé sjálfsáin. Planta með hvítum blómum var gróðursett á tvo staði á flötinni 2002 og lifir enn og blómgast

*Cirsium helenioides* (L.) Hill - PURPURAÞISTILL - [R]. Purpuraþistill var fyrst gróðursettur í R5 á sjöunda áratugnum og síðan 1990. Hann hefur vaxið vel, blómgast árlega og hefur breitt töluvert mikið úr sér með jarðrenglum.

*Cremanthodium delavayi* - HÉLULOTKARFA - [R]. Tvær plöntur af hélulotkörfu voru gróðursettar 1995 í R5. Uxu þær vel í fyrstu og blómgðuðust, en hafa heldur misst þrótt upp á síðkastið og verða líklega ekki langlífur.

*Doronicum cataractarum* Widder. HAFURSFÍFILL - [R]. Planta af hafursfífla úr Lystigarði Akureyrar var gróðursett í R1 vorið 1981. Hún hefur hafst vel við og blómgast árlega en ekki fjölgað sér neitt.

*Doronicum orientale* Hoffm. - HJARTARFÍFILL - [R]. Hjartarfífill var gróðursettur tvisvar um 1990 á flötina í R5. Hann vex þokkalega og blómgast árlega.

*Erigeron borealis* (Vierh.) Simmons - JAKOBSFÍFILL - [N]. Jakobsfífill er algengur í gras- og mólendi.

*Lepidotheca suaveolens* (Pursh) Nutt. - HLAÐKOLLA - [I,E]. Hefur vaxið sem illgresi í kartöflugarði frá því snemma á öldinni sem leið. Líklega mun hún hverfa nú eftir að engin garðrækt er lengur stunduð á svæðinu.

*Leucanthemum vulgare* Lam. - FREYJUBRÁ - [I,E]. Freyjubrá var sáð á tíunda áratugnum í R7a með fræi af venslahópi sem vaxið hefur lengi í suðvestanverðu Grafarholti. Upp komu nokkrar plöntur og hefur þeim fjölgað nokkuð með sjálfsáningu.

*Leuzea rhapontica* (L.) Holub - SKARIHÚNN - [R]. Nokkrar plöntur voru gróðursettar árið 1993 í R5. Þær hafa lítið vaxið og sumar veslast upp. Svo virðist sem þær þurfi frjórri jarðveg en þann sem þær voru gróðursettar í.

*Ligularia sachalinensis* Nakai - EYJASKJÖLDUR - [R]. Fjórar plöntur voru gróðursettar í R5 árin 1995. Aðeins ein þeirra, sem stendur niður undir læk, lifir ennþá en er þróttlítil.

*Ligularia stenocephala* (Maxim.) Matsum. et Koidz. - SÓLSKJÖLDUR - [R]. Planta úr Grasagarði Reykjavíkur var gróðursett 1995 við lækinn. Hún virðist þrífast vel og blómgast flest ár.

*Petasites hybridus* (L.) Gärtner, Mey et Scherb. - HROSSAFÍFILL - [R]. Planta úr Lystigarðinum á Akureyri var gróðursett 1981 á flötina í R5. Hún hefur nú breiðst yfir 400 fermetra svæði og er þar algjörlega einráð.

*Senecio abrotanifolius* L. - GULLÞULUR - [R]. Planta af gullþul var gróðursett 2000 í bústaðsstæðið í R5. Hún lifir og blómgast árlega.

*Senecio cannabifolius* Less. - HAMPÞULUR - [R]. Plöntur af hampþulu voru gróðursettar 1988 í R1 og Ytrilaut. Þær hafa vaxið mikið og breitt úr sér með jarðrenglum.

*Senecio doronicum* L. - GEMSUÞULUR - [R]. Plöntur af gemsuþulu voru gróðursettar á tíunda áratugnum í R5. Nokkrar þeirra lifa enn og blómgast.

*Senecio subalpinum* Koch. - FJALLAÞULUR - [R]. Planta úr Lystigarðinum á Akureyri var gróðursett 1982 í R1. Hún hefur þrífist vel og breitt lítillaga úr sér.

*Senecio vulgaris* L. - KROSSFÍFILL - [I,E]. Krossfífill hefur vaxið sem illgresi í göðum frá því semma á öldinni sem leið.

*Solidago uliginosa* Nutt. - MÝRAGULLHRÍS - [R]. Planta af mýragullhrísi var gróðursett 2001 neðst í Ytrilaut. Hún hefst vel við og blómgast.

*Solidago virgaurea* L. - GULLHRÍS - [R]. Planta sem gróðursett var 1996 í bústaðsstæðið í R5 lifir enn og blómgast.

*Tanacetum vulgare* L. - RANNFANG - [E,R]. Nokkrar plöntur sem aldar voru upp af fræi frá Noregi voru gróðursettar 1992 í R5 og R6. Aðeins tvær þeirra lifa ennþá, en virðast hafast vel við og a.m.k. önnur hefur dreift dálítið úr sér með jarðrenglum. Á einum stað vex dálítið af hrokkna afbrigðinu, *f. crispa*, sem var ræktað í R1 sennilega frá því skömmu eftir að sumarbústaðurinn var reistur 1924.

*Tussilago farfara* L. - HÓFFÍFILL - [I,S]. Allmikið er um hóffífil austast í R6 þar sem uppgreftri úr húsgrunni á Keldum var smurt yfir melinn. Sjálfsáinn hóffífill fór svo fyrir nokkrum árum að vaxa á einum stað við lækinn, en hefur lítið breitt úr sér.

#### Undirætt *Cichorioideae*

*Cicerbida alpina* (L.) Wallr. - FJALLAÝMIR - [R]. Á níunda áratugnum voru plöntur af fjallaými gróðursettar í R1, R3 og R5. Þær hafa allar þrífist vel, blómgast árlega og bera fræ. Sjálfsáinna plantna hefur ekki orðið vart.

*Cicerbida plumieri* (L.) Kirsch. - FLIPAÝMIR - [R]. Ein planta af flipaými sem gróðursett var 1989 í R1 lifir vel, blómgast og ber fræ árlega. Sjálfsáinna plantna hefur ekki orðið vart.

*Hieracium intybaceum* All. - LJÓSFÍFILL - [R]. Nokkrar plöntur

sem aldar voru upp af fræi úr Ölpunum voru gróðursettar í R6 1994. Þrjár þeirra lifa og virðast þrífast vel. Þær blómgastrárlaga og setja fræ, en sjálfsáinna plantna hefur ekki orðið vart.

*Hieracium umbellatum* L. - SVEIPFÍFILL - [R]. Planta frá Oppdal í Noregi var gróðursett 1989 í R5. Hún vex eðlilega, blómgastrárlaga og ber fræ.

*Hieracium* sp. (ógreindir undafíflar) - [N,R]. Upprunalegir undafíflar á svæðinu hafa ekki verið greindir. Auk þeirra hafa nokkrar bæði innlendir og erlendar smátegundir verið gróðursettar og hafast flestar þeirra vel við.

*Lactuca sibirica* (L.) Benth. ex Maxim. - ÚLFASALAT - [R]. Hnaus með brekkusalati úr Kjarnaskógi sunnan við Akureyri var gróðursett 2005 neðst á flötina í R5. Plantan lifir en virðist ekki ná fullum þroska þar sem hún var gróðursett.

*Leontodon autumnalis* L. - SKARIFÍFILL - [N] Skarifífill er mjög algengur og vex í margskonar gróðurlendum.

*Mycelis muralis* (L.) Dumort. - SKÓGARSALAT - [R]. Nokkrar plöntur af afbrigðinu, *f. purpurea*, voru gróðursettar 2004 í Ytrilaut og R7a. Þær lifa og blómgastrárlaga, en hafa ekkert sáð sér enn.

*Pilosella aurantiaca* (L.) F. W. Schmidt & Schultz Bip. - RÓÐAFÍFILL - [I,R,Æ]. Að minnsta kosti fjórir klónar af róðafífla hafa verið gróðursettir á svæðinu. Plöntur af þeim klóni sem orðinn er ílendur á höfuðborgarsvæðinu voru fengnar úr Grasagarði Reykjavíkur á sjöunda áratugnum og gróðursettar á nokkra staði og hafa þær breiðst yfir stór svæði með ofanjarðarreglum, en einnig virðast sjálfáðar plöntur hafa bæst við. Á seinustu fimmtán árum hafa þrjár aðrir klónar verið gróðursettir. Einn þeirra, sem er lágvaxinn með dökkrauðum blómum og er ekki óalgengur í gördum í Reykjavík, breiðist lítið út. Annar, sem kemur úr friðlandinu fyrir ofan Neskaupstað, er heldur hávaxnari og einnig með nokkuð dökkum blómum breiðist heldur ekki mikið út. Sá fjórði er ættaður af Vorarlbergi í Austurríki. Hann er hávaxinn og blómin eru með nokkuð dekkri rauðgulum lit en fyrstnefndi klóninn.

*Pilosella caespitosa* (Dumort.) P. D. Sell & C. West - VÍNLANDSFÍFILL - [R]. Planta af vínlandsfífla var gróðursett 2006 á flötina í R5.

*Pilosella islandica* (Lge.) Á. Löve - ÍSLANDSFÍFILL - [N]. Íslandsfífill er algengur í flestum þurrlendisgróðurlendum og virðist vera að færast í aukana á seinni árum.

*Pilosella lactucella* (Wallr.) P. D. Sell & C. West - STEINBREKKUFÍFILL - [R]. Planta sem upphaflega fannst í Steinbrekku í Grafarholti<sup>2,11</sup> var gróðursett 2001 í R6. Lifir vel og blómgastrárlaga.

*Prenanthes purpurea* L. - HÉRASALAT - [R]. Ein planta var gróðursett 1993 neðst í R3. Hún lifir enn og blómgastrárlaga en hefur ekki sáð sér út.

*Taraxacum officinale* Wiggers - TÚNFÍFILL - [N]. Túnfíflar eru algengir í margskonar gróðurlendum. Ekki hefur verið gerð tilraun til að greina þá til smátegunda.

*Tragopogon pratensis* L. - HAFURSRÓT - [S]. Á sjöunda áratugnum kom upp planta af hafursróti í R5, en hún varð skammlíf. Sumarið 2006 fannst planta í R1 sem hugsanlega gæti verið fræplanta af þeirri fyrrnefndu.

## Liliatae EINKÍMBLÖÐUNGAR

### 61. Juncaginaceae SAUÐLAUKSÆTT

*Triglochin palustris* L. - MÝRASAUÐLAUKUR - [N]. Mýrasauðlaukur vex hér og þar í rakkendi.

### 62. Araceae KÓLFBLÓMAÆTT

*Lysichiton americanus* Hult. ex St. John - MÝRAKÓLFUR - [R]. Smáplanta frá grasagarðinum í Gautaborg var gróðursett við lækinn 1988. Hún óx hægt í fyrstu en hefur nú blómgastrárlaga í nokkur ár og þroskað aldin.

### 63. Tofieldiaceae SÝKIGRASÆTT

*Tofieldia pusilla* (Michx.) Pers. - SÝKIGRAS - [N]. Sýkigras vex hér og þar í mólendi og innan um lágvaxinn gróður.

### 64. Colchicaceae HAUSTLILJUÆTT

*Colchicum speciosum* Stev. v. *bornmuelleri* (Freynt) Bergm. - TYRKJAHAUSTLILJA - [R]. Nokkrir laukar af Tyrkjahaustlilju voru gróðursettir 1999 í Ytrilaut og R5. Plönturnar koma enn upp á vorin en hafa ekki blómgastrárlaga að haustinu nú seinustu árin.

### 65. Liliaceae LILJUÆTT

*Camassia leichtlinii* (Bak.) S. Wats. 'Caerulea' - INDÍÁNALILJA - [R]. Nokkrir laukar voru gróðursettir 1998 austan við lindina við lækinn. Tveir lifa en blómgastrárlaga ekki árlaga.

*Erythronium* × *tuolumnense* Applegg. 'Pagoda' - GARÐSKÓGARLILJA - [R]. Nokkur hnyði af þessum tegundabastarði voru gróðursettir 1994 í Ytrilaut og bústaðsstæðið í R5. Flestar plönturnar lifa enn og blómgastrárlaga af og til.

*Fritillaria camtschatcensis* (L.) Ker'Gawl. - KRUMMALILJA - [R]. Nokkrir laukar af krummalilju voru gróðursettir 1992 í R5. Plönturnar virðast enn vera lifandi og að minnsta kosti sumar þeirra koma upp árlaga og blómgastrárlaga.

*Fritillaria meleagris* L. - VEPJULILJA - [R]. Nokkrar vepjuliljuplöntur af laukum sem voru gróðursettir 1990 á flötina í R5 lifa enn og blómgastrárlaga, en flestar hafa týnt töllunu.

*Paradisea liliastrum* (L.) Bertol. - PARADÍSARLILJA - [R]. Planta sem var sjálfáð í garði mínum við Logafold var gróðursett 2001 í bústaðsstæðið í R5. Hún blómgastrárlaga en sjálfáinna plantna hefur ekki orðið vart.

### 67. Iridaceae SVERÐLILJUÆTT

*Crocus chrysanthus* (Herb.) Herb. - TRYGGÐARKRÓKUS - [R]. Ýmis afbrigði af tryggðarkrókusum voru gróðursett á tíunda áratugnum, en þau hafa flest dáði út smám saman. Fáeinir tryggðarkrókusar eru þó eftir í R5.

*Crocus vernus* (L.) Hill. VORKRÓKUS - [R]. Laukar af vorkrókusum hafa nokkrum sinnum verið gróðursettir eða borist með garðagróðri. Flestir hafa orðið skammlífir, en einhverjir lifa enn.

*Iris setosa* Pall. ex Link - ENGJAÍRIS - [R]. Planta af engjairis frá Austursiberíu var gróðursett sunnan við læk 1992. Hún blómgaðist fyrstu árin en hefur ekki gert það upp á síðkastið. Planta frá Alaska var gróðursett 2004 en hún hefur ekki blómgastrárlaga enn.

## 68. *Alliaceae* LAUKÆTT

*Allium fistulosum* L. - PÍPULAUKUR - [R]. Planta úr Grasagarði Reykjavíkur var gróðursett 1991 í R5. Hún lifir og blómgast árlega en hefur ekki dreift sér neitt.

*Allium olearceum* L. - VILLILAUKEUR - [A]. Villilaukur úr Lystigarði Akureyrar var fyrst gróðursettur 1982 en síðan hafa plöntur af sama stofni, sem hafa sáð sér í garði mínum við Logafold, verið gróðursettar af og til. Villilaukur kann vel við sig í frjórrí jörð eins og í laufskógi og lúpinubreiðum.

*Allium schoenoprasum* L. - GRASLAUKUR - [E,R]. Graslaukur var ræktaður í gördunum við sumarbústaðina á svæðinu, en er þar ekki lengur. Á nokkrum stöðum lifir enn graslaukur sem hafði borist út úr gördunum á sínum tíma.

*Allium ursinum* L. BJARNARLAUKUR - [R]. Bjarnarlaukur úr garði mínum, upphaflega frá Noregi, var gróðursettur nýlega og virðist kunna vel við sig í frjóum, rökum jarðvegi.

*Allium victorialis* L. - SIGURLAUKEUR - [R]. Nokkrar plöntur af sigurlauki voru gróðursettar 2003 í R5. Hann lifir en hefur sjaldan blómgast.

## 69. *Hyacinthaceae* GODALILJUÆTT

*Chionodoxa luciliae* Boiss. - FANNASTJARNNA - [R]. Plöntur af fannastjörnu bárust í hnausi með runna sem gróðursettur var 1993 í R7a. Þær lifa enn og blómgast árlega.

*Scilla sibirica* Haw. - SÍBERÍUSKILLA - [R]. Planta af siberiuskilla barst í hnaus með annarri plöntu út í Ytrilaut 2005. Hún lifir þar og blómgast árlega.

## 70. *Amaryllidaceae* PÁSKALILJUÆTT

*Narcissus pseudonarcissus* L. - PÁSKALILJA - [R]. Laukar af ýmsum páskaliljuyrkjum voru gróðursettir á tíunda áratugnum. Flestir dóu út eftir að hafa blómgast einu sinni eða tvisvar. Á einum stað í lækjargilsbarminum blómgast þó nokkrir laukar enn.

## 71. *Convallariaceae* DALALILJUÆTT

*Convallaria majalis* L. - DALALILJA - [E,R]. Dalaliljur standa eftir í aflögðum garði í R7 og munu hafa verið þar frá því skömmu eftir miðja síðustu öld. Jarðrenglur af dalaliljum voru gróðursettar 1999 á tveimur stöðum í R3. Plönturnar koma upp á vorin og blómgast en hafa ekkert fjölgað sér.

*Polygonatum multiflorum* (L.) Ail. - SALÓMONSINNSIGLI - [R]. Planta af salómonsinnsgli var gróðursett 2001 inni í gamalgrónum skógarlundi í R3. Plantan var nokkur ár að búa um sig og hefur nú blómgast seinustu árin en ekki borið aldin.

*Polygonatum verticillatum* (L.) Ail. - KRANSINNSIGLI - [R]. Planta af kransinnsgli var gróðursett á áttunda áratugnum í R2. Greinar af greni teygðu sig fljótlega yfir plöntuna og hefur hún ekki náð þroska vegna skugga. Önnur planta var gróðursett 2001 í skógarjörðri í R3. Hún hefur vaxið vel og blómgast árlega en ber ekki aldin.

*Smilacina stellata* (L.) Desf. - HAGASTIRNI - [R]. Planta af hagastirni frá Grasagarði Reykjavíkur var gróðursett 2000 í skógarlund í R3. Hún hefur vaxið að því er virðist eðlilega og blómgast árlega en hefur ekki þroskað aldin.

## 72. *Orhidaceae* BRÖNUGRASAÆTT

*Corallorhiza trifida* Châtel. - KRÆKLURÓT - [N]. Kræklurót skaut einu sinni upp kollinum í mólendi syðst í R5. Að öllum líkindum er hún enn þarna þótt hún blómgest ekki árlega.

*Dactylorhiza maculata* (L.) Soo - BRÖNUGRAS - [A]. Brönugras var gróðursett á sjöunda áratugnum í R5 og hefur haldist þar við síðan.

*Platanthera hyperborea* (L.) Lindley - FRIGGJARGRAS - [N]. Friggjargras er mjög algengt í fjölda gróðurlenda.

## 73. *Juncaceae* SEFÆTT

*Juncus alpinoarticulatus* Chaix - MÝRASEF - [N]. Mýrasef vex á nokkrum stöðum við lækinn.

*Juncus arcticus* Willd. *subsp. intermedius* Hyl. - HROSSANÁL - [N]. Hrossanál er algeng í rökum jarðvegi.

*Juncus bufonius* L. - LÆKJASEF - [N]. Lækjasef vex hér og þar við lækinn.

*Juncus trifidus* L. - MÓASEF - [N]. Móasef er algengt á melum, í holtum og innan um heiðagróður.

*Juncus triglumis* L. - BLÓMSEF - [N]. Blómsef var áður algengt í flögum og í rökum heiðagróðri, en þar sem þeim gróðurlendum hefur fækkað er tegundin nánast horfin af svæðinu.

*Luzula multiflora* (Retz.) Lej. - VALLHÆRA - [N]. Vallhæra er mjög algeng í flestum gróðurlendum.

*Luzula nivea* (L.) D.C. - MJALLHÆRA - [R]. Plöntur af mjallhæru voru gróðursettar árin 2000 og 2002 á flötina í R5 og Eystrilaut. Þær virðast hafast vel við.

*Luzula spicata* (L.) DC. - AXHÆRA - [N]. Axhæra vex á melum, í holtum og innan um slitróttan heiðagróður, en er nú orðin sjaldgæf eftir að búsvæðum hennar hefur fækkað.

## 74. *Cyperaceae* STARARÆTT

*Carex capillaris* L. - HÁRLEGGJASTÖR - [N]. Hárleggjastör vex hér og þar í mólendi.

*Carex capitata* L. - HNAAPPSTÖR - [N]. Aðeins ein planta af hnaappstör hefur fundist á svæðinu.

*Carex dioeca* L. - SÉRBÝLISSTÖR - [N]. Sérbylisstör var ekki óalgeng í nágrenni lækjarins áður fyrr en nú virðist vera orðið lítið eftir af henni.

*Carex nigra* (L.) Reichard - MÝRASTÖR - [N]. Mýrastör er algeng í mýrum og í ýmiss konar votlendi.

*Carex panicea* L. - BELGJASTÖR - [N]. Belgjastör vex á dálitlu svæði við lækinn.

*Eriophorum angustifolium* Honckeney - KLÓFÍFA - [N]. Klófífa vex hér og þar í raklendi.

*Kobresia myosuroides* (Vill.) Fiori - ÞURSASKEGG - [N]. Þursaskegg vex hér og þar í þurrum grasbrekkum og í slitróttum heiðagróðri.

## 75. *Poaceae* GRASÆTT

*Agrostis capillaris* L. - HÁLÍNGRESI - [N]. Hálíngresi hefur mikið verið að færast í aukana á seinustu áratugum og er nú mjög algengt

og víða ríkjandi, einkum í birkilundum.

*Agrostis stolonifera* L. - SKRIÐLÍNGRESI - [N]. Skriðlíngresi vex á eyrum og bökkum við Klofningslæk, en er að verða sjaldgjæft eftir að lækurinn hætti að flæmast um eyrarnar og þær að verða algrónar.

*Agrostis vinealis* Schreber - TÝTULÍNGRESI - [N]. Týtulingresi er sjaldgjæft en finnst á einstaka stað í þurru, slitróttu mólendi.

*Alopecurus geniculatus* L. - KNJÁLIDAGRAS - [N] Knjálidagras hefur vaxið í votlendi við lækinn, en virðist vera að hverfa.

*Alopecurus pratensis* L. - HÁLIDAGRAS - [I,R,Æ]. Algeng tegund á svæðinu, flestar plönturnar eru eftirstöðvar eftir grasfræsningar, en sjálfsáðar plöntur finnast einnig.

